


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




Kennir í Laugum
*Áslaug Óskarsdóttir, danskennari í San Francisco og New York, kennir einn danstíma í Laugum í kvöld.*
allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
19. ágúst 2011
192. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




Fylgi eigin sannfæringu
*Bjarni Benediktsson kveðst sáttur við fyrrverandi formenn Sjálfstæðisflokksins þótt hann sé ekki alltaf sammála þeim.*
föstudagsviðtalið 16

Nýtt hlutverk
*Ásgrímur Már Friðriksson einn stjórnenda Nýs útlits.*
fólk 42



Góður fyrsti dagur
*Ólafur Björn Loftsson lék vel á PGA-mótinu í Wyndham í gær.*
sport 38

veðrið í dag




HVESSIR SA-TIL Í dag verður víða hæg NA-átt en hægt vaxandi SA-til. Að mestu hálfskýjað en bjartast V-til. Víða líkur á skúrum eða lítilsháttar vætu. Hiti 7-16 stig.
VEÐUR 4

# Jón sagður tefja viðræður

**Tregða landbúnaðarráðherra til þátttöku í ESB-viðræðum gæti leitt til þess að kafli um landbúnaðarmál verði ekki opnaður fyrr en á næsta ári. Fyrst gætu 27 þjóðir þurft að samþykkja áætlun Íslendinga.**

**EVRÓPUMÁL** Sú afstaða Jóns Bjarnasonar landbúnaðarráðherra að leyfa ekki sérfræðingum sínum að taka þátt í undirbúningsvinnu við að móta samningsafstöðu Íslands í aðildarviðræðum við ESB gæti tafið viðræðurnar um fjóra til sex mánuði, herma heimildir blaðsins í stjórnarráðinu.

Utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, óttast að þessi afstaða landbúnaðarráðherra leiði til þess að Íslendingar verði beðnir að sýna fram á hvernig þeir ætli að standa við yfirlýsingar síðan í janúar, um áætlanir sem sýna hvernig kerfið verður tilbúið fyrir ESB-aðild að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fréttablaðið greindi frá þessari yfirlýsingu á sínum tíma, en í henni kom fram að Ísland ætlaði ekki að laga lög sín eða stjórnsýslu að reglum ESB, fyrr en þjóðin hefði samþykkt aðild. Í staðinn áttu að koma þessar áætlanir.

> Óskað verður eftir því að Íslendingar standi við þessa yfirlýsingu.
>
> ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA

„Þessi yfirlýsing var gefin á grundvelli minnisblaðs sem var sérstaklega samþykkt í ríkisstjórn og veitti samninganefndinni þetta umboð,“ segir Össur.

Því hefur áætlunargerðinni, sem lofað var, seinkað. Landbúnaðarráðherra ákvað síðla vetrar að lána ekki sína sérfræðinga í undirbúninginn, sem ætti að vera lokið nú.

Þetta mun hafa valdið nokkurri tortryggni hjá Evrópusambandinu gagnvart íslenskum samningamönnum, að ekki hafi verið staðið við gefin fyrirheit. Það tefur ferlið enn fremur ef ESB biður Íslendinga að standa við sitt með því að setja svokölluð opnunarviðmið fyrir viðræðurnar.

„Þau verða að vísu ekki öðruvísi en svo að óskað verður eftir því að Íslendingar standi við þessa yfirlýsingu um vinnuáætlunina. Reynslan sýnir þó að slík opnunarviðmið gætu tafið upphaf samningaviðræðna um landbúnaðinn, þótt undirbúningur fyrir aðra kafla hafi gengið mjög vel. Þetta er það sem ég hef reynt að fá Jón til að falla frá,“ segir Össur.

Afleiðingin gæti því orðið sú að bíða þyrfti þess að 27 aðildarríki ESB samþykktu, hvert fyrir sig, áætlun Íslendinga um kerfisbreytingar í landbúnaði, áætlun sem ekki er til staðar sem stendur.

„Ég er vitaskuld ekki hress með þetta því þetta tefur að við getum opnað landbúnaðarkaflann en það hefur einmitt verið keppikefli Steingríms, mitt og ekki síst Ögmundar Jónassonar að opna þungu kaflana sem fyrst í ferlinu,“ segir Össur Skarphéðinsson.

Jón Bjarnason vill ekki tjá sig um málið. - kóþ / sjá síðu 10



**TÍMI TIL AÐ TENGJA** Undirbúningur fyrir Menningarnótt Reykjavíkurborgar er með ýmsum hætti en það fellur í hlut Eiríks Lárussonar að sjá til þess að 856 tívolíbombur fari í loftið skammlaust. Eiríkur starfar innan vébanda Hjálparsveitar skáta í Reykjavík, sem hefur umsjón með sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fundað áfram í dag:

## Útlit fyrir verkfall á mánudag

**KJARAMÁL** Ekkert hefur þokast í kjaraviðræðum leikskólakennara og sveitarfélaga. Að öðru óbreyttu hefst verkfall á mánudag. Reynt verður til þrautar að ná sáttum og hefur verið boðað til fundar klukkan tíu í dag.



HARALDUR FREYR GÍSLASON

Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, sagðist í samtali við Vísi mundu mæta á fundinn. Mikill hiti væri í félagsmönnum, sú staðreynd að 96 prósent hefðu greitt atkvæði með verkfalli segði allt um það.

Mörg fyrirtæki búa sig undir verkfall enda ljóst að það hefði mikil áhrif á barnafólk. Til að mynda hafa forsvarsmenn tölvuleikjaframleiðandans CCP ákveðið að koma upp barnagæslu í höfuðstöðvum fyrirtækisins, komi upp verkfall. Þar myndu starfsmenn fyrirtækisins sjálfir sjá um að passa börnin. - sv / sjá síðu 10

Ráðuneytið segir Kvikmyndaskólann ekki uppfylla skilyrði um rekstrarhæfi:

## Ríkisendurskoðun vill úttekt

**MENNTAMÁL** Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur að Kvikmyndaskóli Íslands uppfylli ekki skilyrði um rekstrarhæfi. Ríkisendurskoðun tekur undir mat ráðuneytisins og telur auk þess rétt að ráðist verði í sérstaka úttekt á því hvernig farið hafi verið með framlag ríkisins til skólans.

Í ljósi þessa verður ekki gengið til samninga um hækkun á fjárframlögum til skólans meðan svo mikil óvissa ríkir um reksturinn.

Svandís Svavarsdóttir, mennta- og menningarráðherra, kynnti forsvarsmönnum og nemendum skólans þessa niðurstöðu ráðuneytisins í gær. Þar áréttaði Svandís að skólinn hefði skuldbindingar gagnvart nemendum og óskaði eftir svörum frá stjórnendum um hvernig það yrði gert. Þær upplýsingar liggja því til grundvallar með hvaða hætti ráðuneytið „getur komið að þeim skrefum með hagsmuni nemendanna að leiðarljósi,“ segir í tilkynningu frá ráðuneytinu. - shá


Skólabóka-
markaður
15 - 25%
afsláttur
Opið 10 - 16
um helgina
IÐNÚ
Brautarholti 8









ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## SPURNING DAGSINS



*Sigurður Kári, ertu nokkuð hlynntur innflutningi á svörtum sauðum?*

„Nei, það er nú nóg af þeim fyrir svo það er ekki á það bætandi.“

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telur að heimila eigi innflutning á landbúnaðarvörum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, á kött sem er eldri en læðan Öskubuska:

# Kötturinn Keli baðar sig loksins í sviðsljósinu

**DÝRALÍF** Svo virðist sem Fréttablaðið hafi farið á mis við sjálfan aldursforsetann í leit sinni að elsta ketti landsins því kötturinn Keli varð 23 ára í júlí og er því ári eldri en Öskubuska sem fjallað var um í gær.

Keli er víst afar athyglissjúkur og hefur lengi þráð að komast í fjölmiðla en þeirri athygli hefur verið mjög misskipt á heimilinu því eigandi hans er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra og fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar. En nú virðist hans tími kominn.

„Þegar fjölmiðlamenn komu hingað var hann ekki lengi að taka við sér og sótti mjög í myndavélarnar þannig að það er kominn tími til þess að hann fái líka sína 15 mínútna frægð eins og nú er svo mikið í tísku,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Hún fékk Kela þegar hann var aðeins mánaðargamall og því verður mikill sjónarsviptir af honum en óneitanlega nálgast hans hinsta stund. „Já, hann er orðinn lúinn, heyrir illa og er gigtveikur og kominn með elliglöp; stundum man hann ekki hvort hann er búinn að borða. En hann fer alltaf út og labbar aðeins um.“

Keli kemst ekki frá því að verða settur í pólitískt samhengi en hann fæddist í stjórnartíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og hefur lifað af ellefu ríkisstjórnir. Geri aðrir kettir betur. **- jse**



**ALLRA KATTA ELSTUR** Kötturinn Keli hefur lengi þráð sviðsljósið en því var einatt beint að eiganda hans. En nú er hans tími kominn eftir 23 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VEIÐIN HEFST** Veiði á gæs hefur aukist síðustu ár. MYND/AÞS

Gæsaveiðin hefst á morgun:

## Afkomubrestur skyggir á veiði

**VEIÐI** Veiðitímabil á grágæs og heiðagæs hefst á morgun á sama tíma og útlit er fyrir að afkomubrestur hafi orðið hjá báðum stofnunum vegna óblíðrar veðráttu framan af sumri.

Í tilkynningu frá Umhverfisstofnun segir að þegar um 90 prósent af veiðiskýrslum fyrir árið 2010 hafi skilað sér sé skráð heildarveiði á grágæs um 46 þúsund fuglar og á heiðagæs um 17 þúsund fuglar. Árið 2009 var veiðin samkvæmt veiðiskýrslum tæpar 60.000 grágæsir og um 20.000 heiðagæsir.

Helsingja er leyfilegt að veiða frá 1. september utan Skaftafellssýslna, þar sem veiði hefst 25. september. Blesgæs er alfriðuð. **- shá**

Vegfarendur fundu lítið barn:

## Gleymdu barni sínu á gangstétt

**LÖGREGLUMÁL** Foreldrar kornabarns skildu það eftir á gangstétt fyrir utan hús sitt í gærmorgun. Vegfarendur sem komu að barninu kölluðu á lögreglu. Foreldrar barnsins voru farnir í blaðaútburð og höfðu samband við lögreglu um klukkustund eftir að barnið fannst sitjandi í bílstól, grátandi og kalt.

Foreldrarnir fengu barnið fljótt aftur í sína umsjá en barnaverndaryfirvöld hafa málið til meðferðar. **- shá**

# Fundu dráttarvagn eftir 40 ár undir fönn

**Baldur Sigurðsson varð að skilja dráttarvagn eftir uppi á fjöllum haustið 1971. Hann komst ekki í leitirnar fyrr en í síðustu viku. Í honum voru hálffullir bensínbrúsar en það eldsneyti var keypt á 16 krónur lítrann.**

**NÁTTÚRA** Árið 1971 hóf Baldur Sigurðsson, sem er frumkvöðull í ferðamennsku á jöklum, ferðir frá Dyngjuhálsi og var hann þar með snjóbíla og fleiri tæki sem notuð voru til ferða um Kverkfjöll, Bárðarbungu og Grímsvötn á Vatnajökli til fjölda ára. Um haustið, það ár, bar svo til að þegar hann ætlaði að ferja öll tæki og tól til byggða varð hann að skilja eftir farangursvagn nokkurn sem hannaður er til að hafa aftan í snjóbíla.

„Það átti að ná í hann helgina eftir og þá fór pabbi við annan mann en þeir urðu frá að hverfa vegna óveðurs,“ rifjar Sigurður, sonur Baldurs, upp. Síðan fór Sigurður sjálfur á vettvang en þá var allt komið undir hvíta fönn. Í hönd fór mikill snjóavetur svo ekki sást tangur né tetur af vagninum og fóru þeir feðgar þó á hverju hausti að leita að honum með stöngum líkt og gert er við leit eftir snjóflóð. „Við sögðum í gríni að það væri engu líkara en jökullinn hefði bara stolið vagninum meðan við vorum í byggð,“ segir Sigurður.



**BALDUR SIGURÐSSON**

Baldur er nokkuð kominn á aldur svo hann hafði ekki farið á svæðið í nokkur ár þar til í síðustu viku að hann ákvað að fara þangað með Sigurði syni sínum. Og þá dró heldur betur til tíðinda. „Ég er að labba þarna meðfram jöklinum þegar ég sé glytta í vagninn upp úr sandinum, svo ég kalla í pabba og hann átti náttúrlega erfitt með að trúa þessu, reyndar var hann varla enn farinn að trúa þessu þótt hann stæði uppi á sjálfum vagninum.“ Sigurður hafði labbað yfir þetta svæði í fyrrahaust en þá lá um tveggja metra snjór yfir því.



**VAGNINN MOKAÐUR UPP** Það snjóaði á kappana meðan þeir mokuðu vagninn upp. Fremstur er Hreinn Skagfjörð, fyrir aftan hann er Einar Logi Vilhjálmsson og síðan er Sigurður Baldursson á gröfunni. MYND/SIGURGEIR HARALDSSON

Með vagninum fundust þrír hálffullir bensínbrúsar. „Pabbi sagðist muna það að hann hefði keypt lítrann á 16 krónur svo verðið hefur heldur betur hækkað þessi 40 ár sem þessi brúsar hafa dvalið í skaflinum,“ segir Sigurður. Síðastliðið föstudagskvöld fór síðan Sigurður með vösku liði og gróf vagninn upp en svo kalt er orðið á fjöllum að það snjóaði á þá meðan á verkinu stóð.

Nú er þessu 40 ára volki vagnsins lokið og hann kominn til byggða. Sigurður ætlar að gera hann upp og þótt vagninn fari kannski ekki aftur hátt upp á fjöll verður honum engu að síður gert hátt undir höfði.



**BENSÍNBRÚSARNIR** Ef heilt væri gætu þeir selt bensínið í þessum brúsum með miklum hagnaði en það var keypt á 16 krónur lítrann.

**jse@frettabladid.is**



**ANNATÍMI** Nú þegar skólar hefjast og sumarleyfum lýkur fjölgar ferðum hjá Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vetraráætlun tekur gildi:

## Strætó eykur tíðni ferða

**SAMGÖNGUMÁL** Vetraráætlun Strætó 2011-2012 tekur gildi á sunnudaginn. Ferðum fjölgar á flestum leiðum og verður tíðni þeirra svipuð og liðinn vetur.

Leiðir 1 og 6 munu aka á 15 mínútna fresti frá kl. 6.30 til 18.00 á virkum dögum í stað 30 mínútna í sumar.

Leiðir 2, 3, 4, 11, 12, 14 og 15 aka einnig á 15 mínútna fresti, en einungis á annatímum, frá klukkan 6.30 til 9.00 og 14.00 til 18.00 á virkum dögum. Nánari upplýsingar um vetraráætlun Strætó er að finna á vefnum straeto.is. **- shá**

Ferðamaður slasaðist á jökli:

## Bjargað úr Kverkfjöllum

**SLYS** Björgunarsveitarmenn komu svissneskum ferðamanni í Kverkfjöllum til bjargar um sjöleytið í gærkvöldi. Ís hafði fallið á fætur mannsins með þeim afleiðingum að báðir fætur brotnuðu.

Maðurinn var á ferð í Kverkfjöllum með tveimur samlöndum sínum þegar slysið varð um klukkan tvö í gær. Þyrla lenti á í grennd við slysstaðinn á sjötta tímanum en flytja þurfti björgunarsveitarmenn í áföngum frá Sigurðarskála á slysstað.

Þaðan báru björgunarmenn hinn slasaða um 500 metra yfir erfitt landslag og upp bratt einstigi þangað sem hægt var að flytja hann burt. **- mþl**






Hertar aðgerðir gegn ávísun á lyf við athyglisbresti og ofvirkni:

# Hægist á vexti lyfjanotkunar

**HEILBRIGÐISMÁL** Svo virðist sem hægt hafi á vexti notkunar lyfja við ADHD, athyglisbresti og ofvirkni. Hertar aðgerðir landlæknisembættisins og fleiri opinberra stofnana gegn ávísun þeirra voru að fullu komnar í framkvæmd 1. maí síðastliðinn, að því er Geir Gunnlaugsson landlæknir greinir frá.

„Það voru gerðar ákveðnar kröfur um hverjir megi ávísa þessum lyfjum, um frumgreiningu og um hverjir megi skrifa út lyfjaskírteini. Þetta varðar um 4.500 einstaklinga og þetta var gríðarleg vinna. Það var gripið til þessara aðgerða síðastliðið haust og það var síðan 1. maí sem þær voru að fullu komnar í framkvæmd. Það er ákveðinn fjöldi sem þarf á þessum lyfjum að halda en samtímis þarf að koma í veg fyrir flæðið til þeirra sem ekki þurfa á þeim að halda,“ segir Geir.

Notkun ADHD-lyfja er umtalsvert meiri hér miðað við höfðatölu en í Danmörku. Þar hefur hins vegar notkunin tuttugufaldast á tólf árum samkvæmt fréttavef danska blaðsins Jyllandsposten.

„Notkunin hér hefur farið vaxandi undanfarin fimm ár en í Danmörku hefur hún vaxið hraðar. Notkunin hefur almennt farið vaxandi á Norðurlöndunum. Vonandi erum við búin að ná toppnum,“ segir Geir. **- ibs**

### Ávísanir ADHD lyfja á Íslandi og í Danmörku




**ADHD-LYF** Ávísun undanfarin fimm ár í skilgreindum dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa á dag.




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Opið frá klukkan 9 til 22.
Geysir Skólavörðustíg 16 og Geysir Haukadal.

## GENGIÐ 18.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,66 | 114,20 |
| Sterlingspund | 187,46 | 188,38 |
| Evra | 163,19 | 164,11 |
| Dönsk króna | 21,901 | 22,029 |
| Norsk króna | 20,948 | 21,072 |
| Sænsk króna | 17,828 | 17,932 |
| Japanskt jen | 1,4828 | 1,4914 |
| SDR | 182,73 | 183,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,9644

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forystumenn í Framsókn á höfuðborgarsvæðinu segja sig úr flokknum:

# Ólga í Framsókn vegna Evrópumála

**STJÓRNMÁL** Titringur virðist vera meðal stuðningsmanna umsóknar Íslands að Evrópusambandinu (ESB) í Framsóknarflokknum vegna yfirlýsingar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns flokksins, í gær um að leggja ætti umsóknina til hliðar. Nokkrir foyrstumanna flokksins á höfuðborgarsvæðinu sögðu sig úr honum í gær.

Meðal þeirra eru Andrés Pétursson, sem var í þriðja sæti á lista flokksins í Kópavogi í bæjarstjórnarkosningunum í fyrra, Gestur Guðjónsson, stjórnmaður í Framsóknarfélaginu í Reykjavík, og G. Valdimar Valdemarsson, formaður Framsóknarfélags Kópavogs.



ANDRÉS PÉTURSSON

Í bréfi sem Andrés sendi Fréttablaðinu segir hann skrýtið að yfirgefa flokkinn eftir þrettán ár. Forysta flokksins hafi hins vegar sveigt stefnu hans á braut sem sér hugnist ekki. Að ákveða fyrir fram hvort aðild þjóni hagsmunum Íslendinga sé forsjárhyggja sem eigi hvorki skylt við frjálslyndi né víðsýni, segir Andrés, sem er formaður Evrópusamtakanna.

Grein eftir Sigmund Davíð birtist í Morgunblaðinu í gær þar sem hann lagði til að umsóknin að ESB yrði sett til hliðar að sinni. Í Alþingiskosningunum 2009 hafði flokkurinn á stefnuskrá sinni að aðildarviðræður við ESB skyldu hafnar en á flokksþingi í apríl var ályktað að hagsmunum Íslands væri betur borgið utan ESB. Tillaga þess efnis að draga umsóknina til baka var hins vegar felld naumlega. - mþl

Beiðnir um sölu eru 61:

# Tíu fasteignir í nauðungarsölu

**FÉLAGSMÁL** Tíu fasteignir hafa verið seldar nauðungarsölu á Ísafirði það sem af er ári en 61 beiðnir um nauðungarsölur hafa verið skráðar. Í fyrra voru 81 slík mál skráð hjá embættinu. Árin á undan voru þau í kringum 100. Í lok ágúst í fyrra voru beiðnirnar orðnar 54 en átján eignir höfðu verið seldar nauðungarsölu.

Þá hefur sýslumanni borist beiðni um nauðungarsölu á lausafé og tvær beiðnir um nauðungarsölu á bílum. Af nauðungarsölum hefur þó ekki orðið. - þeb



**MENNINGARNÓTT** Það á að vera gaman á Menningarnótt en sitthvað getur farið úrskeiðis í mannmergðinni.

SAMAN-hópurinn:

# Minna foreldra á að gæta sinna

**FORELDRAR SAMAN-hópurinn hvetur foreldra til að fylgja börnum sínum og unglingum í bæinn á morgun og minnir jafnframt á að útivistarreglur gilda á Menningarnótt sem venjulegur laugardagur væri.**

**Segir hópurinn það mikilvægt að foreldrar fylgist vel með því erfiðar aðstæður fyrir börn og unglinga geti auðveldlega skapast í mannmergðinni sem fylgi þessari hátíð. Þá er minnt á til varnaðar að lögreglan hafi í fyrra flutt fjölmarga unglinga í Miðbæjarathvarfið þar sem þeir hafi verið illa á sig komnir vegna ölvunar.** - jse

Skuldauppgjör í hendi:

# Borgin bjargar Ísaksskóla

**MENNTAMÁL** Borgarráð hefur samþykkt að kaupa fasteignir Skóla Ísaks Jónssonar. Kaupverðið er 184 milljónir króna. Borgarráð samþykkti jafnframt að heimila að leigja skólanum afnot fasteignarinnar undir starfsemi sína.

Rekstur skólans hefur verið erfiður síðustu ár, einkum vegna mikilla skulda við Landsbankann. Nú liggur fyrir tilboð frá Landsbankanum um 76 milljóna afskrift á skuldum skólans, verði þær greiddar upp að fullu. Kaupverðið mun skólinn nota til að gera upp skuldir sínar. - shá

# Helmingi fleiri fá undanþágu hjá LÍN

**Fjöldi veittra undanþága hjá LÍN vegna greiðsluörðugleika hefur meira en tvöfaldast síðan árið 2008. Margir nýta sér aukin greiðsluúrræði sjóðsins eftir efnahagshrunið. Skapar ekki bein vandamál fyrir LÍN, segir stjórnarformaður.**

**EFNAHAGSMÁL** Veittar undanþágur til greiðenda Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) hafa meira en tvöfaldast síðan árið 2008.

Samkvæmt upplýsingum frá Haraldi Guðna Eiðssyni, stjórnarformanni LÍN, má einna helst rekja fjölgunina til þess að í kjölfar efnahagshrunsins og aukinna greiðsluerfiðleika einstaklinga jukust umsóknir um undanþágur og rýmkaði því sjóðurinn á árunum 2009 og 2010 skilyrði til að fá undanþágu frá greiðslu.

Í fyrra voru veittar undanþágur tæplega þrjú þúsund, eða 2.938 og 5 prósenta hlutfall af öllum greiðsluseðlum. Árið 2008 voru veittar undanþágur 1.231 og 2,2 prósenta hlutfall af greiðsluseðlum. Í flestum tilfellum eru undanþágurnar til komnar vegna þess að greiðandi hefur aftur hafið lánshæft nám, er atvinnulaus eða á örorkubótum.

Eins og áður sagði var ákveðið á síðasta ári að auka svigrúm til að fá undanþágur frá greiðslum. Einnig var komið á nýju greiðsluúrræði þar sem fólk gat fryst afborganir í allt að þrjú ár. 370 manns nýttu sér úrræðið, en þurftu með því að sýna fram á greiðsluerfiðleika til að eiga rétt á frystingu. Haraldur útskýrir að með þessum úrræðum hafi sjóðnum tekist að vissu marki að mæta því efnahagslega ástandi sem ríkt hefur hér á undanförnum árum.

Haraldur segir að þrátt fyrir þessa miklu fjölgun greiðslna sem veittar hafa verið undanþágur fyrir, standi sjóðurinn vel.

„Auðvitað er betra þegar fólk getur staðið í skilum en þetta skapar ekki bein vandamál fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna,“ segir hann. „Greiðslurnar verða ekki niðurfelldar eða afskrifaðar og stóra myndin er sú að við getum tekið svona tímabundnu ástandi.“

Haraldur segir að tölfræðin fyrir árið í ár sé enn tiltölulega ómarktæk þar sem flestir greiðendur hafi aðeins fengið annan af tveimur greiðsluseðlum sendan, en síðari gjalddagi er 1. september næstkomandi. „En við sjáum það af tölunum að hugsanlega aukist vanskil eitthvað í ár, það kemur þó ekki endanlega í ljós fyrr en árið er gert upp,“ segir hann.

sunna@frettabladid.is



**HÁSKÓLANEMI** Margir hafa nýtt sér nýtt fyrirkomulag LÍN eftir efnahagshrunið með því að sýna fram á greiðsluörðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Auðvitað er betra þegar fólk getur staðið í skilum en þetta skapar ekki bein vandamál fyrir LÍN.
>
> HARALDUR GUÐNI EIÐSSON
> STJÓRNARFORMAÐUR LÍN



**BRÉFIN FALLA** Meðan ráðamenn evruríkjanna deila er grannt fylgst með þróun markaða. NORDICPHOTOS/AFP

Björgunaraðgerðir í óvissu:

# Vilja tryggingu frá Grikkjum

**BRETLAND, AP** Snurða hljóp á þráð fyrirhugaðra björgunaraðgerða í þágu Grikklands í gær. Nú vilja ráðamenn í Austurríki, Slóveníu og Slóvakíu að Grikkir útvegi þeim tryggingaveð fyrir framlagi þessara ríkja til 109 milljarða neyðarláns, sem Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætla að veita Grikkjum.

Hollendingar segjast einnig vilja fá tryggingu fyrir sínum hluta lánsins. Víða í Evrópuríkjum féllu hlutabréf banka í verði í gær, þar á meðal féllu stórir bankar í Bretlandi um 10 til 12 prósent.

Svo virðist sem fjárfestar hafi áhyggjur af því hve hægt gengur að koma efnahagslífi kreppulanda almennilega í gang og óttist jafnvel að stórir bankar lendi í erfiðleikum við að útvega sér fjármagn. - gb

## VIÐSKIPTI

### Húsgögn D'Angleterre seld

Innanstokksmunir Hótel D'Angleterre verða boðnir upp hjá uppboðshúsinu Hörsholm á næstunni. Ástæðan er sú að nýir eigendur hótelsins eru að endurnýja hótelið. Reiknað er með því að tæplega 70 milljónir fáist fyrir munina á uppboðinu. Hótel D'Angleterre var eitt sinn í eigu Íslendinga.


HÓPKAUP.IS Í DAG

4 aðgöngumiðar á myndir að eigin vali í Bíó Paradís

2.000 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 4.800 kr. | Afsláttur 58% | Afsláttur í kr. 2.800 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Þú færð fjóra aðgöngumiða á aðeins 2000 kr., eða 500 kr. miðann. Kjörið tækifæri til að kynna sér fjölbreytilegt og áhugavert úrval kvikmynda í Bíó Paradís. www.bioparadis.is

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**BJARTAST V-TIL**

Það stefnir í ágætis helgi og allir ættu að geta notið sín sem ætla að ganga í bæinn á laugardag. SA-til verður þó strekkingur í nótt og einhver úrkoma en lægir með deginum á morgun. Væta V- og A-til á sunnudag.



Á MORGUN víða 3-8 m/s, hvassara SA-til.

SUNNUDAGUR Yfirleitt hæg A-læg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 22° |
| Mallorca | 33° |
| New York | 28° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 25° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




KJÚKLINGA BRINGUR
1.998kr/kg.
Verð áður 2.798.-

# MEXÍKÓKJÚKLINGUR MEÐ GUACAMOLE fyrir 4

*að hætti Rikku*

4 kjúklingabringur
1 krukka gráða- og fetaostateningar í olíu
5 msk salsa sósa, meðalsterk
salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 200°C. Sigtið olíuna frá gráða- og fetaostinum. Maukið ostana og hrærið salsa sósunni saman við. Skerið rauf í kjúklingabringurnar og fyllið þær með ostablöndunni. Lokið fyrir með tannstöngli og leggið á pappírsklædda ofnplötu. Smyrjið afgangnum af ostablöndunni ofan á bringurnar og bakið í 25-30 mínútur. Berið fram með fersku salati, guacamole og nachos flögum.

GUACAMOLE
3 litlir avókadó
1 hvítlauksrif
1/4 rauðlaukur
1/2 rautt chili-aldin, fræhreinsað
1 tómatur, vel þroskaður
safi úr 1/2 límónu
3-4 msk söxuð fersk kóríanderlauf
salt og nýmalaður pipar

Afhýðið avókadóin, fjarlægið steinana, skerið í bita og setjið í matvinnsluvélina, ásamt hvítlauk, lauk og chili. Látið ganga þar til maukið er nokkurn veginn slétt. Saxið tómatinn smátt og setjið hann út í, ásamt safa úr 1 límónu, kóríanderlaufi, pipar og salti. Látið vélina ganga áfram í nokkrar sekúndur. Smakkið og bragðbætið með pipar, salti og meiri límónusafa.

NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 713/ 36% LDS*
Prótín: 36.5 g/ 73% LDS
Fita: 46 g/ 71% LDS
Kolvetni: 40 g/ 13 % LDS
Kalk: 202 mg/ 20% LDS
Magnesíum: 78.5 mg/ 20% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.



998kr/kg.
Verð áður 1.498.-

**Grísakótilettur**
frá grillmeistaranum




1.099kr/kg.
Verð áður 1.598.-

**Grísahnakki**



3.798kr/kg.
Verð áður 3.998.-

**Nautalundir**
innfluttar




Nýslátrað lífrænt lambakjöt
Kemur í verslanir
Á MORGUN!

**Lífrænt nýslátrað lambakjöt**
kemur í búðir á morgun, laugardag

Santa Maria
LÍFRÆNT KRYDD



- Basilika
- Engifer
- Hvítlaukur
- Oregano
- Paprika
- Rósmarin
- Timjan
- Kanill

ofl.




TILBOÐ
FIMMKORNA BRAUÐ
249kr/stk.
Verð áður 399.-




TILBOÐ
HNETUBARINN
30%
afsláttur v/kassa

NÝTT





TILBOÐ
MONSTER ORKUDRYKKUR
299kr/stk.
Verð áður 349.-



TILBOÐ
PEPSI MAX
2 LÍTRA
199kr/stk.
Verð áður 299.-




TILBOÐ
PRINS POLO MINI
154 GR.
269kr/pk.
Verð áður 319.-

Ný uppskera af vínberjum!






TILBOÐ
KJÚKLINGAVÆNGIR FULLELDAÐIR
449kr/pk.
Verð áður 699.-

24 Hagkaup
OPIÐ *í sumar*
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 21. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Ertu með bílalán?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,2% |
| Nei | 64,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Notar þú kreditkort?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Samtök iðnaðarins hvetja til þess að aðildarviðræðum við ESB verði lokið:

# Ekki svar við skoðun formanns

**EVRÓPUMÁL** Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins (SI), segir að ítrekun á skoðun samtakanna um að umsóknarferlinu vegna umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu skuli lokið, og birt var á vef samtakanna í gær, sé ekki svar við orðum Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, frekar en öðrum einstaklingum í samfélaginu. Eins og kunnugt er sagði Bjarni í byrjun vikunnar að draga ætti umsókn Íslands til baka.

Í yfirlýsingu samtakanna segir að SI telji mikilvægt að umsóknarferlinu sé haldið áfram af fullum heilindum og í náinni samvinnu við atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila, enda kunni hagfelldur aðildarsamningur að verða fyrirtækjum og heimilum til mikilla hagsbóta. Þá telja samtökin engar líkur til að samningur, „þar sem veigamiklum hagsmunum verður fórnað, verði samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu“.



BJARNI BENEDIKTSSON



ORRI HAUKSSON

„Þessi skoðun hefur lengi legið fyrir. Undanfarið hefur verið rætt, og þá úr ýmsum áttum, að draga í land. Þess vegna þótti okkur ástæða til að árétta það sem var samþykkt á Iðnþingi í mars. Við nefnum engan á nafn heldur vildum við koma þessu á framfæri fyrst þessi umræða er ofarlega á baugi,“ segir Orri. **- shá**

Símanjósnir í Bretlandi:

## Blaðamaður handtekinn

**BRETLAND, AP** Breska lögreglan handtók í gær James Desborough, fyrrverandi blaðamann á News of the World, sem árið 2009 fékk verðlaun fyrir skrif sín um frægðarfólk í blaðið.

Handtakan tengist rannsókn lögreglunnar á símanjósnum, sem stundaðar voru á blaðinu. Desborough er þrettándi maðurinn sem handtekinn er í tengslum við málið, en ákærur á hendur einum þeirra hafa verið felldar niður.

Útgáfu blaðsins var hætt þegar málið komst í hámæli í sumar. **- gb**



**FRIÐARSÚLAN** Minning þeirra sem létust í hryðjuverkaárásinni í Noregi verður minnst á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Friðarsúlan tendruð:

## Minning hinna látnu heiðruð

**SAMFÉLAGSMÁL** Borgarráð hefur samþykkt þá tillögu Jóns Gnarr borgarstjóra að ljós verði tendrað á Friðarsúlunni í Viðey næstkomandi sunnudagskvöld. Tilefnið er að stjórnvöld í Noregi hafa ákveðið að sunnudagurinn 21. ágúst skuli tileinkaður minningu þeirra er létust í hryðjuverkaárásunum í Ósló og á Útey 22. júlí síðastliðinn.

Að öllu jöfnu er ekki kveikt á Friðarsúlunni fyrr en 9. október ár hvert en í samráði við höfund verksins, Yoko Ono, er nú lagt til að gerð verði á því undantekning og að ljós súlunnar fái að loga frá sólsetri 21. ágúst og fram á morgun. **- shá**

Gæsluvarðhald framlengt:

## Meintur nauðgari áfram inni

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald var í vikunni framlengt yfir karlmanni sem grunaður er um að hafa nauðgað ungri stjúpdóttur sinni í Vestmannaeyjum. Skal hann sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur, en þó ekki lengur en til 14. september.

Maðurinn er jafnframt grunaður um að hafa brotið gegn tveimur öðrum stúlkum. Þá liggur hann undir grun um að hafa haft í fórum sínum mikið magn myndefnis sem sýnir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. **- jss**

# Tómataræktun gæti tvöfaldast á næsta ári

**Ef áform Geogreenhouse ganga eftir mun tómataræktun á Íslandi tvöfaldast strax á næsta ári. Í lokaáfanga er gert ráð fyrir ræktun á álíka svæði og öllu því sem notað er til grænmetisræktunar. HS Orka frátekur ekki orku.**

**VIÐSKIPTI** Ef áform Geogreenhouse um að reisa 3,3 hektara gróðurhús á næsta ári verða að veruleika þýðir það að tómataræktun á Íslandi mun tvöfaldast, að sögn Bjarna Jónssonar, framkvæmdastjóra Sambands garðyrkjubænda. Öll tómataræktun í landinu fer nú fram á samtals fjórum hekturum.

Fyrirtækið áformar að reisa í framtíðinni tuttugu hektara gróðurhús og segir Bjarni það vera álíka og allt það svæði sem notað er til grænmetisræktunar á landinu í dag.

Hann segir það ánægjuefni ef vel takist til við útflutning tómata en að enn verði að svara mikilvægum spurningum. „Ég veit til þess að í Hollandi, til dæmis, geta menn ræktað tómata með mun lægri kostnaði og eru nær markaðssvæðinu en þar hafa þessi fyrirtæki lent í verulegum vandræðum, reyndar eru bankarnir að yfirtaka mörg þeirra. Hvað segir okkur að ræktendum hér á landi takist betur til?“ spyr Bjarni. „Eins þarf að svara þeirri spurningu hvað eigi að gera ef gengi íslensku krónunnar hækkar verulega. Á þá að reyna að selja tómatana á innanlandsmarkaði?“

Enn fremur spyr Bjarni hvort ekki sé verið að mismuna fyrirtækjum í þessum rekstri ef Geogreenhouse geti komist hjá dreifingarkostnaði með því að hafa gróðurhús sín við túnfótinn hjá jarðvarmavirkjun. „Raforkukostnaður er um 25 til 30 prósent af rekstrarkostnaði garðyrkjubænda svo það er töluverð forgjöf ef einhver losnar við þann bagga,“ segir hann.



**Í GRÓÐURHÚSI Á SUÐURLANDI** Gróðurhús landsins þekja samtals um 20 hektara, sem er einmitt sú stærð sem á að vera á gróðurhúsi Geogreenhouse þegar lokaáfanga er náð. MYND/HEIÐA

> Raforkukostnaður er um 25 til 30 prósent af rekstrarkostnaði garðyrkjubænda svo það er töluverð forgjöf ef einhver losnar við þann bagga.
>
> **BJARNI JÓNSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMBANDS GARÐYRKJUBÆNDA

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, segir framleiðslugetu Reykjanesvirkjunar og virkjunarinnar í Svartsengi samtals um 170 megavött og magnsins vegna ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að semja við Geogreenhouse. Fyrirtækið muni þurfa 6 megavött fyrir fyrsta áfanga en 36 megavött fyrir þriðja og síðasta áfangann, sem óvíst sé hvenær hefjist. „Við getum ekki, frekar en önnur orkufyrirtæki, tekið frá orku fyrir einhverja sem ætla kannski að nota hana í framtíðinni. Ef komið væri hins vegar til okkar með bindandi samning með skuldbindingum um 36 megavött myndum við gera eitthvað í því,“ segir Júlíus. **jse@frettabladid.is**



**SÆRÐUR HERMAÐUR** Árásarmennirnir réðust meðal annars á strætisvagna og bifreiðar. NORDICPHOTOS/AFP

Mannskæð árás í Ísrael:

## Svarað með loftárás á Gasa

**ÍSRAEL, AP** Tugir vopnaðra manna í litlum hópum drápu að minnsta kosti sjö Ísraela í árásum rétt við landamæri Egyptalands í gær. Mennirnir voru vopnaðir sprengjum og þungavopnum og stóðu árásirnar í næstum þrjá tíma. Meðal annars réðust þeir á strætisvagna og einkabifreiðar. Ísraelski herinn gerði í framhaldinu loftárás á Gasasvæðið sunnanvert. Ísraelskum öryggissveitum tókst að leita uppi suma árásarmannanna og felldu nokkra í bardögum. Að minnsta kosti þrír þeirra voru með sprengjubelti um sig miðja. Ísraelskir ráðamenn fullyrtu strax að árásarmennirnir væru á vegum Hamas-samtakanna á Gasasvæðinu, en fulltrúar Hamas vísuðu því á bug. **- gb**

**UMHVERFISMÁL**

**Bensínlykt í borginni**

Töluverð bensínlykt fannst í vesturhluta borgarinnar í gær, en lyktin barst frá olíubirgðastöð í Örfirisey. Þar var opinn tankur sem unnið var að því að loka fyrir hádegi í gær. Ákveðnar reglur eru um í hvaða vindátt má opna tankana en í gær virtist það hafa verið gert í rangri vindátt, sem var ástæða þess að lyktin fannst í borginni.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Menningarnótt með Sinfóníunni



BAKHJARLAR

BORGUN · VÍS · GAMMA

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður á tvenna tónleika á vígsludegi Hörpu á Menningarnótt, 20. ágúst. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Hægt verður að sækja aðgöngumiða í miðasölu Hörpu tveimur tímum fyrir tónleika.



## 14:00 Maxímús Músíkús

**Bernharður Wilkinsson** hljómsveitarstjóri
**Valur Freyr Einarsson** sögumaður

Músin Maxímús Músíkús villist inn á æfingu hjá sinfóníuhljómsveit í glænýju tónlistarhúsi. Á tónleikunum hljóma m.a. Bolero eftir Maurice Ravel og Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns.

## 17:00 Klassík fyrir alla

**Bernharður Wilkinsson** hljómsveitarstjóri
**Stefán Ragnar Höskuldsson** einleikari

Flutt verða fjögur vinsæl og aðgengileg verk eftir Mozart, Tsjajkovskíj, Prokofiev og Glinka. Einleikarinn er einn þeirra íslensku tónlistarmanna sem hvað lengst hafa náð í hinum alþjóðlega tónlistarheimi.

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir hellirinn sem var friðlýstur í Borgarfirði á dögunum?*
2. *Hvaða alþjóðlega poppstjarna mun syngja á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar?*
3. *Hver varð í gær fyrsti Íslendingurinn til að keppa á PGA-mótaröðinni bandarísku?*

**SVÖR:**

1. Kalmanshellir 2. Robin Gibb 3. Ólafur Björn Loftsson

Bandaríkin og Evrópusambandið krefjast afsagnar Assads Sýrlandsforseta:

# Frekari refsiaðgerðir boðaðar

**BANDARÍKIN, AP** Bæði Barack Obama Bandaríkjaforseti og Catherine Ashton, utanríkisfulltrúi Evrópusambandsins, skora á Bashar Assad Sýrlandsforseta að segja af sér.

Þau fordæma bæði harkalega framgöngu Sýrlandsstjórnar gegn mótmælendum undanfarnar vikur og mánuði, sem kostað hafa meira en þúsund manns lífið.

Jafnframt hefur Bandaríkjastjórn fryst allar eigur sýrlenskra ráðamanna í Bandaríkjunum og Evrópusambandið boðar frekari aðgerðir. Þá hefur Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna verið kallað saman til að fjalla um framferði stjórnvalda í Sýrlandi.

„Við höfum statt og stöðugt sagt að Assad forseti verði að hafa forystu um breytingar í lýðræðisátt eða víkja ella. Hann hefur ekki tekið þá forystu,“ segir Obama.

Bandarískir embættismenn viðurkenna reyndar að þessar yfirlýsingar séu ekki líklegar til að hafa nein áhrif á hegðun sýrlenskra stjórnvalda á næstunni. Hins vegar sé með þessu gefin sterk skilaboð um að Assad njóti ekki lengur velvildar alþjóðasamfélagsins.



**SÝRLANDSFORSETI** Assad sætir vaxandi þrýstingi. NORDICPHOTOS/AFP

Frekari refsiaðgerðir geti einnig aukið þrýsting á Assad og helstu samstarfsmenn hans. **- gb**

Sökuð um vanrækslu:

## Skildi barn eftir í tíu mínútur

**SVÍÞJÓÐ** Sænsk kona hefur verið ásökuð um vanrækslu gagnvart barni sínu eftir að hún skildi það eftir í kerru fyrir utan veitingastað í Massachusetts í Bandaríkjunum.

Konan fór inn til að panta mat og skildi eins árs gamalt barnið eftir fyrir utan í tíu mínútur. Hún greindi lögreglu frá því að slíkt væri alsiða í Svíþjóð og hún hefði ekki talið sig vera að gera nokkuð af sér. Barnavernd í Massachusetts skoðar nú málið. **- þeb**



**FRÁ KASTRUP** Skot hljóp úr haglabyssu á flughlaðinu á flugvellinum í Kaupmannahöfn.

Óhapp í Kaupmannahöfn:

## Byssuskot hljóp af á flugvelli

**KAUPMANNAHÖFN** Tveir starfsmenn flugvallarins í Kaupmannahöfn meiddust lítillega í vikunni þegar skot hljóp úr haglabyssu sem var í farangri vélar.

Politiken segir svo frá að taska með byssunni hafi verið í vél frá Orlando. Skotið hafi hlaupið af þegar taskan var sett upp á farangursvagn, en högl lentu einnig í væng vélarinnar.

Eigandi byssunnar, 76 ára gamall maður frá einu Norðurlandaríkjanna, var að sögn miðursín vegna slyssins. Krafist hefur verið gæsluvarðhalds yfir honum fyrir að stofna lífi annarra í hættu með gáleysi sínu. **- þj**

Kosningar á næsta leiti:

## Stoltenberg-áhrif í Noregi

**NOREGUR Kosningaþátttaka verður meiri í Noregi nú en síðustu ár. Þetta segir kosningasérfræðingurinn Frank Aarebrot hjá Háskólanum í Bergen.**

**Aarebrot segir að meiri fylgisaukningar gæti hjá Verkamannaflokknum en öðrum flokkum vegna hryðjuverkanna 22. júlí og þess sem hann kallar Stoltenberg-áhrifin. Nýjar skoðanakannanir bendi jafnframt til þess að þátttaka í sveitarstjórnarkosningum sem fara fram í næsta mánuði verði um 70 prósent, sem er næstum tíu prósentum meira en þegar kosið var fyrir fjórum árum.** **- þeb**

Kannabisræktanir stöðvaðar:

## Lögregla tók nokkra dópsala

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði þrjár kannabisræktanir í Hafnarfirði á föstudag og laugardag. Lagt var hald á bæði kannabisplöntur og græðlinga auk ýmiss búnaðar.

Nokkrir karlmenn voru handteknir og yfirheyrðir. Á einum staðnum var einnig lagt hald á tölvert af peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Á sunnudag var einnig gerð húsleit í Hafnarfirði og þá fundust nokkrir tugir gramma af marijúana.

Þá voru þrír fíkniefnasalar, allir karlmenn um tvítugt, handteknir í Hafnarfirði á föstudag. Þeir voru með nokkra tugi gramma af marijúana og viðurkenndu fíkniefnasölu. **- jss**

# Breivik hringdi tvisvar í lögregluna

**Anders Behring Breivik reyndi tíu sinnum að ná í lögregluna í síma meðan á hryðjuverkaárás hans í Útey stóð. Hann náði tvisvar í gegn. Gríðarlegt álag var á símkerfinu og var um tíma erfitt að koma skilaboðum til lögreglumanna.**

**NOREGUR** Anders Behring Breivik hringdi tíu sinnum í lögregluna meðan á hryðjuverkum hans í Útey stóð. Hann náði tvisvar sinnum í gegn en í bæði skiptin sleit hann símtalinu og í bæði skiptin reyndi lögreglan að hringja til baka. Frá þessu var greint á blaðamannafundi í gær og afrit af báðum símtölunum voru gerð opinber.

Neyðarsími lögreglunnar í Norður-Buskerud tók við fyrra símtalinu frá Breivik. Þar var aðeins einn á vakt þegar símtalið barst klukkan 18.01. Þá greindi Breivik frá nafni sínu og sagðist vera í norsku andkommúnistahreyfingunni. Hann væri í Útey og vildi gefa sig fram við lögreglu. Hann sagðist hringja úr farsíma en ekki eigin síma. Að því loknu skellti hann á. Seinna símtalið barst til lögreglunnar í Suður-Buskerud klukkan 18.26, rétt áður en hann var handtekinn. Þá sagði hann aftur til nafns og sagðist hafa lokið verkefni sínu og vildi gefa sig fram. Hann talaði um samtökin Knight Templar Europe og talaði um að þau hefðu lokið við aðgerð. Vegna þess að aðgerðinni væri lokið gæti hann gefist upp fyrir lögreglunni.

Mikið álag var á símkerfi lögreglunnar allt frá því að fyrsta tilkynningin um skotárás í Útey kom til lögreglunnar klukkan 17.27 22. júlí. Þegar mest lét voru fjörutíu símtöl í bið. Nokkrum mínútum eftir að fyrsta tilkynningin barst hófst lögreglulið handa við undirbúning. Tilkynningar bentu til þess að tveir til fimm árásarmenn gætu verið í eyjunni. Vegna mikils álags á samskiptakerfi var ekki hægt að greina lögregluliði í Norður-Buskerud frá því að aukinn mannskapur væri á leiðinni fyrr en klukkan 18.02.

Lögreglan sagði á fundi í gær að mikilvægt væri fyrir aðstandendur og þá sem lifðu árásina af að fá sem bestar upplýsingar um aðgerðir lögreglunnar.

Staðfest hefur verið að önnur sprengja, stærri en sú sem sprakk í Ósló, hafi fundist á býli Breiviks. Þá hefur verið greint frá því að þriðja vopn Breiviks hafi fundist. Þegar hann var handtekinn í Útey var hann með tvö skotvopn en nú hefur haglabyssa í hans eigu einnig fundist. Lögreglan vill ekki greina frá því hvar hún fannst.

**thorunn@frettabladid.is**



**Í ÓSLÓ** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, og Herman Van Rompuy, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, lögðu blóm við dómkirkjuna í Ósló í gær til minningar um fórnarlömbin. Stoltenberg var einnig viðstaddur jarðarför sextán ára stúlku í gær, en hún var sú síðasta af fórnarlömbunum til að vera jarðsett. NORDICPHOTOS/AFP

### Öll fórnarlömbin borin til grafar

Síðasta fórnarlamb hryðjuverkaárásanna í Noregi var lagt til hinstu hvílu í gær. Elisabeth Trønnes Lie var sextán ára gömul og hélt Jens Stoltenberg forsætisráðherra meðal annarra ræðu, en fulltrúar frá Verkamannaflokknum hafa verið viðstaddir allar jarðarfarir ungmenna sem létust í Útey. Jarðarför Elisabethar fór fram talsvert seinna en aðrar vegna þess að sautján ára gömul systir hennar særðist alvarlega í skotárásinni í Útey. Beðið var þar til hún var útskrifuð af spítala og gat verið viðstödd athöfnina.

Ellefu ára hringdi í lögguna:

## Klagaði vegna barnaþrælkunar

**ÞÝSKALAND Ellefu ára gamall piltur frá Aachen í Þýskalandi hringdi á lögregluna fyrir skemmstu og sagði móður sína þvinga hann til að vinna nauðungarvinnu í sumarfríinu. Þetta kom fram í frétt á vef BBC.**

**Aðspurður sagðist piltur þurfa að vinna allan daginn og ekki fá tíma til neins annars. Til dæmis þurfti hann að þrífa heimilið og á veröndinni. Móðir hans greip svo inn í samtalið og sagði drenginn oft hafa hótað því að kalla til lögreglu vegna meintrar ánauðar, en í raun gerði hann aldrei handtak á heimilinu.** **- þj**

Vel mannaðir leikskólar:

## Betri einkunnir í grunnskóla

**DANMÖRK** Börn sem hafa verið í vel mönnuðum leikskólum fá betri einkunnir upp úr 9. bekk grunnskólans en önnur börn. Þetta er niðurstaða rannsóknar vísindamanna frá háskólanum í Árósum og Maastricht-háskólanum auk fleiri vísindamanna.

Rannsóknin tók til 30 þúsund barna fæddra árið 1992 sem luku grunnskólanámi 2008. Hún leiddi einnig í ljós að drengjum og börnum innflytjenda gengur betur í lokaprófum grunnskólans ef þau hafa verið í leikskóla þar sem hlutfallslega fleiri karlar voru við störf og þar sem starfsmannaskipti voru ekki tíð. **- ibs**

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Veiða makríl lengur

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, gaf í gær út reglugerð sem heimilar bátum sem stunda makrílveiðar á handfæri og línu að halda þeim veiðum áfram eftir 1. september 2011. Áður var makrílveiði þessara aðila takmarkað við veiðar fram til 1. september.

Reykjavíkurmaraþonið fer fram í 28. skipti á morgun, hátt í tíu þúsund hlauparar hafa skráð sig til leiks:

# Að mörgu að huga fyrir Reykjavíkurmaraþonið

**HEILSA** Reykjavíkurmaraþonið fer fram í 28. skipti á morgun en í gær höfðu 9.788 manns skráð sig til þátttöku, 29 prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra.

Tíu kílómetra hlaupið er sem fyrr vinsælast og forskráðu rétt tæplega fjögur þúsund manns sig til þátttöku. Þá höfðu 692 skráð sig í heilt maraþon.

Róbert Magnússon, sérfræðingur í íþróttasjúkraþjálfun hjá Atlas endurhæfingu, ræður fólki frá því að skrá sig á síðustu stundu í hlaup sem það ráði ekki við.

„Mörg þau vandamál sem hlauparar glíma við og geta komið upp eru ofálagseinkenni í kringum hné, hásinar og ökkla sem rekja má til þess að æfingaálagið hafi verið of mikið á skömmum tíma fyrir hlaup eða þá að undirbúningurinn hafi ekki verið nægilega langur,“ segir Róbert.

Róbert mælir með því að þátttakendur hlaupi „taktískt“ og passi sig á því að sprengja sig ekki í byrjun hlaups. Þá varar hann langhlaupara við því að byrja of fljótt að hlaupa aftur eftir Reykjavíkurmaraþonið.

„Eftir hlaup er mikilvægt að hafa í huga að það tekur líkamann langan tíma að jafna sig eftir maraþon, allt upp í þrjár vikur. Bæði maraþon og hálfmaraþon er rosaleg áreynsla. Það er því varhugavert að fara of snemma af stað aftur,“ segir Róbert.

Loks minnir Róbert á mikilvægi góðs skóbúnaðar en varar þó við því að kaupa nýja skó fyrir hlaupið. Þá sé mikilvægt að drekka nóg af vatni og skynsamlegt að borða saðsama kolvetnismáltíð tveimur til þremur tímum fyrir hlaup. **- mþl**



**REYKJAVÍKURMARAÞONIÐ** Reikna má með fjölmenni á laugardag í Lækjargötunni þar sem hlaupið verður ræst. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






## Hátíðardagskrá í Hörpu

### 20. ágúst

Vígslutónleikar við vegginn á annarri hæð kl. 13.15
China Acrobatic Troupe kl. 14.30, 15.00, 16.30 og 17.00
Opnun Jazzhátíðar Reykjavíkur kl. 20.00
Ljósin í glerhjúpnum tendruð – bein útsending:
Benni Hemm Hemm og Graduale Nobile kl. 22.45

Reykjavík Jungle Unit
Vígsla Músarholu Maxímús Músíkús í 12 Tónum
Listaverkaleiðsögn Listasafns Reykjavíkur (skráning í miðasölu)
Ýmsir tónlistarviðburðir í Flóa

**Viðburðir á vegum Menningarnætur í Hörpu**
Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg:
- Maxímús Músíkús kl. 14 (miðar afhentir tveimur tímum fyrir tónleika)
- Klassík fyrir alla kl. 17 (miðar afhentir tveimur tímum fyrir tónleika)

Ingveldur Ýr og Spectrum
Teitur frá Færeyjum
og margir fleiri

**Sjóstrætó milli Hörpu og Sundahafnar til miðnættis.
Siglt er frá Skarfabakka (í Sundahöfn) og að Hörpu
á hálftíma fresti. Fyrsta ferð frá Hörpu kl. 19.30.
Aðgangur að öllum viðburðum er ókeypis.**

**Nánari upplýsingar um viðburði á harpa.is**

## Allir velkomnir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

ÍSLENSKA SIA.IS 55890 08/11



**MEDVEDEV RÚSSLANDSFORSETI** Dmitrí Medvedev mundar myndavélina þar sem hann skemmtir sér við að kafa í ánni Volgu í sumarfríinu sínu. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherra trúir ekki að landbúnaðarráðherra fari gegn vilja Alþingis:

# Ekki minnst á embættismissi

**EVRÓPUMÁL** „Ég þekki það ekki að nokkur maður hafi rætt um að Jón Bjarnason fari út úr ríkisstjórn," segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

Í Morgunblaðinu í gær var því haldið fram að Jóni Bjarnasyni, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, hefði verið hótað embættismissi vegna ágreinings við Össur út af aðildarviðræðum Íslands og ESB, en ef Jóni yrði bolað úr ríkisstjórn með valdi gæti það þýtt að ríkisstjórnin missti meirihluta sinn á Alþingi.

Össur var því spurður hvort nokkuð væri til í þessum vangaveltum. Hann kannast ekkert við það en segir samskipti sín við Jón Bjarnason hafa verið „fullkomlega fagleg og vinsamleg" þótt augljós skoðanaágreiningur sé uppi um ýmis mál.



JÓN BJARNASON



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Við Jón erum með allt á hreinu og ég hef hvergi komið að slíkum umræðum," segir Össur.

Spurður um framgöngu Jóns í málinu, það er að landbúnaðarráðherra virðist meðvitað vera að tefja ríkisstjórnarmál, segir Össur: „Mér kemur ekki til hugar að Jón Bjarnason sé viljandi að reyna að koma í veg fyrir að það sé reynt að framkvæma samþykkt Alþingis." - kóþ

Samkomulag í Færeyjum:

# Sóknardögum verður fækkað

**FÆREYJAR Lögþingið í Færeyjum samþykkti á þriðjudag að fækka sóknardögum um 10 til 20 prósent, þrátt fyrir andstöðu annars stjórnarflokks minnihlutastjórnar landsins við málið.**

**Það voru þingmenn Þjóðveldisflokksins og Jafnaðarflokksins sem greiddu frumvarpinu atkvæði sitt ásamt þremur öðrum þingmönnum. Sambandsflokkurinn, sem myndar minnihlutastjórn í Færeyjum ásamt Jafnaðarflokknum, var andvígur því að skerða sóknardagana.** - gb

Hækkanir í Hafnarfirði:

# Leikskólagjöld hækka í október

**HAFNARFJÖRÐUR** Gjaldskrá leikskóla Hafnarfjarðar mun hækka um tíu prósent frá og með 1. október næstkomandi. Þetta var samþykkt í fræðsluráði bæjarins í vikunni og er í samræmi við fjárhagsáætlun bæjarins fyrir yfirstandandi ár.**

**Áður hafði verið samþykkt að hækka verð á hádegismat grunnskólabarna úr 300 krónum upp í 350.**

**Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sem eru í minnihluta, sátu hjá við afgreiðslu málsins og bókuðu að umræddar hækkanir séu „liður í framkvæmd þeirrar fjárhagsáætlunar sem meirihlutinn í bæjarstjórn stendur að".** - þj



**VILJA BANNA REYKINGAPÁSUR** Bæjaryfirvöld í Óðinsvéum vilja banna reykingar starfsfólks á vinnutíma. NORDICPHOTOS/AFP

Tóbaksvarnir í Danmörku:

# Enginn smókur í Óðinsvéum?

**DANMÖRK** Bæjaryfirvöld í Óðinsvéum íhuga nú að banna starfsfólki sínu að reykja á vinnutíma.

Héraðsblaðið á Fjóni vísar í umfjöllun sinni til rannsókna sem benda til þess að þar sem reykingafólk taki fleiri pásur og sé oftar veikt, geti Óðinsvé sparað sér sem jafngildir um 500 milljónir króna árlega. Meðalfjöldi veikindadaga er nú átján á ári en gæti fækkað niður í þrettán með reykingabanninu.

Hlutfall reykingafólks í Danmörku hefur lækkað verulega síðasta áratug. Nú segjast um 24% fullorðinna Dana reykja. - þj

# Starfsfólki sýndur aukinn sveigjanleiki

**Vinnustaðir búa sig nú undir mögulegt verkfall leikskólakennara á mánudag. Sumir ætla að halda úti barnapössun, aðrir bjóða upp á aukinn sveigjanleika. Ekkert hefur þokast í kjaraviðræðum og fundir skila ekki árangri.**

**KJARAMÁL** Nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins hafa nú fundað um hvernig bregðast skuli við ef til verkfalls leikskólakennara kemur á mánudag. Ljóst er að verkfallið mun hafa mikil áhrif í samfélaginu, eða á um fjórtán þúsund fjölskyldur og sextán þúsund börn.

Forsvarsmenn tölvuleikjaframleiðandans CCP hafa ákveðið að koma upp barnagæslu í höfuðstöðvum fyrirtækisins, en þar er herbergi með afþreyingarefni fyrir börnin. Þá munu starfsmenn sjálfir sjá um að passa börnin. Um 300 manns starfa hjá CCP.

Stoðtækjaframleiðandinn Össur mun ekki hafa barnagæslu á sínum snærum. Starfsmannastjóri fyrirtækisins, Jón Kr. Einarsson, telur slíkt vera á gráu svæði er varðar verkfallsreglur, en fólki verði vissulega sýndur aukinn sveigjanleiki og boðið upp á möguleikann að vinna heima þar sem það á við. Um 320 starfsmenn vinna hjá Össuri á Íslandi.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir að ef til verkfalls komi muni það hafa gífurleg áhrif á starfsmenn bankans. „Það er gríðarlegur fjöldi fólks hér með börn á leikskólaaldri. Við munum reyna eftir fremsta megni að sýna fólki sveigjanleika og einhverjir geta kannski unnið heima hjá sér," segir Kristján. „Einhverjir geta kannski tekið börnin með, en það er auðvitað ekki á þau leggjandi að vera föst á vinnustað allan daginn."

Kristján segir meginvandann vera hjá þeim sem þjónusta viðskiptavini í útibúum, sem eru 45 talsins um land allt. „En það kemur ekki til greina af okkar hálfu að setja upp einhvers konar pössun eða eitthvað slíkt. Enda er það sennilega verkfallsbrot," segir hann. Um 1.250 manns vinna hjá Landsbankanum.

Ómar Örn Jónsson, markaðsstjóri Öryggismiðstöðvarinnar, segir fólk vera að kanna þann fjölda starfsmanna sem eigi börn á leikskólaaldri. Nauðsynlegt sé að bregðast við á einhvern hátt ef til verkfalls komi.

„Við erum með barnaherbergi á staðnum og erum að viðra þá hugmynd að foreldrar geti skipt með sér barnapössun. Þetta mun hafa gífurleg áhrif á fyrirtækið ef helmingur starfsmanna þarf að vera heima með börnin."

Ekkert hefur þokast í kjaraviðræðum leikskólakennara og sveitarfélaganna. Þó verður áfram reynt að ná sátt og hefur verið boðað til fundar klukkan tíu í dag.

sunna@frettabladid.is



**BÖRN AÐ LEIK** Allt stefnir í að verkfall leikskólakennara hefjist á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Enn ósammála um verkfallsaðgerðir

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga taldi mikilvægt að ná samkomulagi við Félag leikskólakennara um framkvæmd mögulegs verkfalls til að koma í veg fyrir átök við leikskóla ef til verkfalls kemur. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. „Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur mótmælt [...] því að stéttarfélag gefi stjórnendum sveitarfélaga bein fyrirmæli," segir í yfirlýsingunni og er að lokum ítrekað að samninganefndin hyggist vísa málinu til félagsdóms ef til verkfalls komi.

Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, sagði í samtali við Vísi að nefndirnar hefðu ákveðið að vera „sammála um að vera ósammála". Tveir fundir um verkfallsaðgerðir hafa verið haldnir og hefur þeim báðum lokið án niðurstöðu.



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Seðlabankinn hefur í sumar stigið fyrstu skrefin í átt að losun gjaldeyrishafta. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gjaldeyrisútboð Seðlabanka:

# Þátttaka í gjaldeyrisútboði lítil

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands hélt í vikunni sitt annað útboð á krónum fyrir eigendur gjaldeyris. Alls bárust tilboð að fjárhæð 3,4 milljónir evra og var öllum tilboðum tekið að fullu og greiddar 210 krónur fyrir hverja evru. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn fá kaupendur afhent verðtryggð ríkisverðbréf. Útboðið er liður í losun gjaldeyrishafta samkvæmt áætlun stjórnvalda og Seðlabankans.

Í fyrra krónuútboði Seðlabankans sem fór fram í lok júní bárust tilboð að fjárhæð 71,8 milljónir evra. Eftirspurn var því mun minni í þetta skiptið en þá voru greiddar 210 krónur fyrir evruna eins og nú. - mþl

Starfsmenn áminntir:

# Stráðu pipar á föt vistmanns

**SVÍÞJÓÐ Starfsmönnum á hjúkrunarheimili fyrir hreyfihamlaða og minnisskerta í Jönköpingsléni í Svíþjóð fannst einn vistmannanna sjúga fötin sín of mikið.**

**Starfsmennirnir reyndu að koma í veg fyrir þessa hegðun með því að strá pipar á fatnað vistmannsins. Nú hafa félagsmálayfirvöld áminnt starfsmennina, meðal annars vegna siðferðismats þeirra.**

**Í annað skipti gleymdu starfsmennirnir vistmanni á salerni. Sá datt og beinbrotnaði en brotið uppgötvaðist ekki fyrr en rúmri viku seinna.** - ibs




MEÐGÖNGUSUND

**Sundleikfimi hjá sjúkaþjálfurum**

Dagtímar á Hrafnistu í Reykjavík
Síðdegistímar á Boðaþingi í Kópavogi
Kvöldtímar á Reykjalundi í Mosfellsbæ

**s. 412 3253**
***www.medgongusund.is***
***medgongusund@medgongusund.is***


Við höfum
opnað yoyo
í Reykjavík
yo yo
ferskur jógúrtís®
...sennilega
skemmtilegasta
ísbúðin á Íslandi!
yoyo staðreyndir:
Ísinn er útbúinn daglega og
því alltaf ferskur
Hráefni í hæsta gæðaflokki
Frábær próteingjafi og rík
uppspretta af kalki
Hollari kostur sem eftirréttur
Bragþgóður og fitulítill
Yfir 50 spennandi tegundir
...og algjört æði!
yoyo@yoyo.is
APÓTEK
DOMUS MEDICA

**FRÉTTASKÝRING:** Tuttugu ár frá valdaránstilraun í Sovétríkjunum

# Upphafið að endalokunum

**Straumhvörf urðu í heimssögunni þegar Sovétríkin, annað tveggja stórvelda heimsins í nær hálfa öld, liðu undir lok. Tímamót urðu í þeirri atburðarás fyrir réttum tuttugu árum, hinn 19. ágúst árið 1991, þegar harðlínumenn innan Kommúnistaflokksins gerðu tilraun til valdaráns.**

Þegar komið var fram á níunda áratuginn voru Sovétríkin í miklum vandræðum. Stöðnun ríkti og ljóst að breytinga var þörf. Mikhaíl Gorbatsjov hafði risið hratt innan flokksins undir stjórn Júrí Andropov og Konstantíns Tsjernenko á árunum 1982 til 1985 og var skipaður aðalritari flokksins í mars sama ár. Hann hóf strax áætlun um efnahagslegar og samfélagslegar umbætur, perestroika og glasnost, en sló líka nýjan tón í stjórnmálasamskiptum við önnur ríki, þar sem afvopnunarviðræður við Bandaríkin bar einna hæst.

### Upplausnar fer að gæta

Innan Sovétríkjanna voru sömuleiðis mikil vatnaskipti þegar aðildarríkin fóru að krefjast aukins forræðis yfir sínum málum. Sú Raísu, þegar dró til tíðinda.

Hópur afturhaldssinna innan hæstu raða flokksins hafði komið sér saman um að bola Gorbatsjov frá völdum, kasta nýja ríkjasáttmálanum og endurreisa algert vald flokksins yfir öllum þáttum samfélagsins. Þar í hópi voru meðal annarra varaforsetinn Gennadí Janajev, Vladimír Krjúskov, yfirmaður leyniþjónustunnar KGB, Valentín Pavlov forsætisráðherra, Dimitrí Jasov varnarmálaráðherra og Boris Pugo innanríkisráðherra.

Útsendarar þeirra fóru til fundar við Gorbatsjov í sumarhúsið 18. ágúst og kröfðust þess að hann segði af sér og bæri við heilsufarsástæðum, skipaði Janajev í forsetaembætti og lýsti yfir neyðarlögum.

Hann varð ekki við því og var í kjölfarið hnepptur í stofufangelsi.

### Valdarán afturhaldsins

Daginn eftir stigu forsvarsmenn uppreisnarhópsins fram og lýstu yfir stofnun nefndar sem myndi stýra Sovétríkjunum tímabundið. Þeir bönnuðu umsvifalaust aðra stjórnmálaflokka og flest dagblöð í landinu í þeim yfirlýsta tilgangi að bjarga Sovétríkjunum frá stórslysi. Gorbatsjov var sagður í veikindaleyfi.

● ● ● Það var svo á jóladag árið 1991, rétt fjórum mánuðum eftir að valdaránstilraunin var gerð, sem Gorbatsjeff sagði af sér forsetaembættinu og Sovétríkin liðu endanlega undir lok.

tilhneiging minnkaði síst undir lok áratugarins þegar frelsisalda reið yfir Austur-Evrópu og hvert fylgiríkið á fætur öðru losnaði undan áratugaoki stórveldisins.

Umbætur Gorbatsjovs fólu meðal annars í sér minni miðstýringu stjórnvalda í Kreml og í febrúar árið 1990 var eins flokks kerfið afnumið og efnt til kosninga í öllum fimmtán aðildarríkjum Sovétríkjanna.

Uppgangur þjóðernisflokka og umbótasinna var augljós þar sem kommúnistar lutu í lægra haldi í kosningum í fimm ríkjum, Eystrasaltsríkjunum þremur, Georgíu og Moldóvu.

Upplausnarferlið hófst svo þegar Litháen lýsti yfir sjálfstæði 11. mars 1990 og Eistland og Lettland fylgdu þeim fast á eftir. Stjórnvöld í Kreml reyndu að kæfa frelsisbaráttuna og sendu inn herinn, en það varð til lítils og allt stefndi í áttina að lausriðnara ríkjabandalagi.

### Sverfur til stáls

Á miðstjórnarfundi Kommúnistaflokksins í apríl 1991 fór að sverfa til stáls innan forystunnar. Umbótasinnar og afturhald áttust þar við og segist Gorbatsjov hafa fengið nóg þegar hugmyndir komu upp um að lýsa yfir neyðarástandi. Í endurminningum sínum segist hann hafa sagt: „Ég hef fengið nóg af þessu lýðskrumi. Ég segi af mér [embætti aðalritara].“

Það fór þó ekki svo. Gorbatsjov dró uppsögnina aftur og upplausnarferlið hélt áfram. Samkomulag tókst milli Kremlarveldisins og þeirra níu ríkja sem enn höfðu hug á að vera innan vébanda Sovétríkjanna um að ríkin fengju verulegt sjálfsákvörðunarvald meðal annars í efnahagsmálum. Þau yrðu þó enn með sameiginlegan forseta, utanríkisstefnu og her.

Til stóð að undirrita nýjan ríkjasáttmála þess efnis 20. ágúst, en annað kom heldur betur á daginn.

### Afturhaldsöflin

Gorbatsjov hafði dvalið um stutta hríð í sumarhúsi á Krímskaga við Svartahaf, ásamt konu sinni

Hörð viðbrögð almennings komu flatt upp á uppreisnarmennina sem höfðu alls ekki við búist við þeim.

### Jeltsín tekur af skarið

Boris Jeltsín, nýkjörinn forseti Rússlands, tók strax af skarið og hélt að þinghúsinu í Moskvu þar sem hann lýsti því yfir að stofnun nefndarinnar væri brot á lögum. Hann beindi tilmælum til hermanna að taka ekki þátt í gerningnum og boðaði til allsherjar verkfalls.

Þúsundir manna hópuðust að þinghúsinu og létu óánægju sína í ljós. Janajev kom fram í sjónvarpi og reyndi árangurslaust að sefa mannfjöldann, skjálfandi og taugaóstyrkur.

Við þinghúsið átti Jeltsín sína stærstu stund þegar hann klifraði upp á skriðdreka og ákallaði mótmælendur.

Uppreisnarmennirnir ráðgerðu að taka þinghúsið með hervaldi, en ekkert varð af því. Andstaðan var einfaldlega svo mikil að yfirmenn hersins töldu að blóðbað myndi hljótast af slíkum aðgerðum.

Að tveimur dögum liðnum sáu Janajev og félagar í hvað stefndi. Hinn 21. ágúst hafði fjarað undan harðlínuöflunum og þeir reyndu að sættast við Gorbatsjov. Hann vildi ekki heyra á það minnst og flaug aftur til Moskvu. Daginn eftir voru uppreisnarmennirnir handteknir og allar þeirra ákvarðanir ógildar.

### Fall stórveldis

Þessir þrír dagar reyndust svo sannarlega afdrifaríkir því að þar sást svo ekki var um villst hvernig samfélagið hafði tekið stakkaskiptum. Völd hins miðstýrða kommúnistaflokks, sem hafði um áratugaskeið haldið heilum heimshluta í heljargreipum, voru ekki í líkingu við það sem áður hafði verið.

Í framhaldinu sagði Gorbatsjov skilið við flokkinn, Jeltsín bannaði starfsemi kommúnista í Rússlandi og stig af stigi raknaði ríkjasambandið upp.

Eitt af öðru lýstu ríkin yfir sjálfstæði og í desember ákváðu leiðtogar Rússlands, Úkraínu og Hvíta-Rússlands að leysa Sovétríkin upp og stofna í stað þeirra Samveldi sjálfstæðra ríkja.

Það var svo á jóladag árið 1991, rétt fjórum mánuðum eftir að valdaránstilraunin var gerð, sem Gorbatsjov sagði af sér forsetaembættinu og Sovétríkin liðu endanlega undir lok.

Höfuðpaurarnir voru handteknir, að undanskildum Pugo sem svipti sig lífi áður en til þess kom. Réttarhöldin töfðust nokkuð en árið 1994 fengu þeir allir upp gefnar sakir og voru látnir lausir. Margir þeirra fengu störf á ýmsum stofnunum og fyrirtækjum, en flestir eru látnir í dag.

Kaldhæðni örlaganna er sú að þessi misheppnaða tilraun til að festa Kommúnistaflokkinn og Sovétríkin aftur í sessi hafði þveröfug áhrif. Frekar en að hverfa aftur til fortíðar varð upphlaupið til þess að flýta hinu óumflýjanlega. Annað tveggja stórveldanna var fallið og heimsmyndin var allt önnur.


**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is




## Aðdragandi að falli stórveldis



**Fyrir tuttugu árum síðan gerðu harðlínumenn í sovéska kommúnistaflokknum tilraun til valdaráns. Það rann út í sandinn innan tíðar en í framhaldinu fóru Sovétríkin að liðast í sundur og Kalda stríðið leið undir lok. Atburðarásin fram að því hófst hins vegar sex árum áður þegar Mikhaíl Gorbatsjov hóf umbótaáætlun sína.**



■ **1985:** Gorbatsjov skipaður leiðtogi Kommúnistaflokksins og kallar eftir perestroika (efnahagsumbótum) og glasnost (opnari stjórnarháttum)

■ **1988:** Sjálfstæðistitringur í Eystrasaltslöndunum.

■ **1989:** Boris Jeltsín kjörinn á þing, sem var hluti umbóta Gorbatsjovs. Austurblokkin leysist upp og Berlínarmúrinn fellur.

■ **1990-91:** Gorbatsjov boðar fjölflokkakerfi en sjálfstæðisaðgerðir í Aserbaídsjan og Litháen eru barðar niður af hörku.

■ **Júní 1991:** Jeltsín kjörinn forseti Rússlands.

■ **19. ágúst:** Gorbatsjov velt úr sessi í valdaráni harðlínumanna. Tilgangurinn var að koma í veg fyrir lög um aukin völd aðildarríkjanna.

■ **21. ágúst:** Valdaránstilraunin rennur út í sandinn í skugga fjöldamótmæla almennings, sem Jeltsín fer fyrir.

■ **22. ágúst:** Gorbatsjov frelsaður úr stofufangelsi í sumarhúsi sínu á Krímskaga. Snýr aftur til Moskvu en er settur niður á þingi af Jeltsín, sem bannar starfsemi Kommúnistaflokksins innan landamæra Rússlands.

■ **23.ágúst:** Gorbatsjov hættir sem aðalritari Kommúnistaflokksins.



■ **6. september:** Sjálfstæði Eystrasaltslandanna viðurkennt.

■ **8. desember:** Leiðtogar Rússlands, Hvíta-Rússlands og Úkraínu hittast til að leysa upp Sovétríkin en mynda þess í stað Samveldi sjálfstæðra ríkja.

■ **25. desember:** Gorbatsjov hverfur úr stóli forseta Sovétríkjanna. Sovétríkin líða endanlega undir lok.





Myndir/AP og Getty.



# TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Í VETUR

## 33% LÆGRA MIÐAVERÐ MEÐ LEIKHÚSKORTI

**– aðeins í sölu 15. ágúst–30. september!**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
**LEIKHÚSKORT**
4 leiksýningar
Aðeins **11.900** kr.
**33% afsláttur**

**Þú velur þær fjórar sýningar sem þú vilt sjá. Auk þess bjóðum við ungmennakort með 42% afslætti og frumsýningarkort sem tryggir þér fast sæti á frumsýningar á Stóra sviðinu.**

Kortagestir fá einnig 700 kr. afslátt af almennu miðaverði á aðrar sýningar en þeir hafa valið, að undanskildum barnasýningum og sýningum í Leikhúskjallara.

**Þú getur keypt kortin á heimasíðu Þjóðleikhússins, leikhusid.is, í miðasölunni við Hverfisgötu, í síma 551 1200 eða á midasala@leikhusid.is**

PIPAR\TBWA - SÍA \ 112148



Vertu vinur okkar á FACEBOOK, þú gætir unnið LEIKHÚSKORT!

# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími í miðasölu
**5511200**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM Í DAG KL.10:00

FERSKUR KJÖRFUGL

ÓSMISSANDI Á MENNINGARNÓTT

FERSKUR KJÖRFUGL

1995 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

695 KR. KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE
129 KR. STK

985 KR. KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

MYLLU SKÚFFUKAKA
359 KR. STK.
MYLLU SKÚFFUKAKA
380grömm með súkkulaðikremi

595 KR. KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR

FRYSTI VARA
198 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ

FRYSTI VARA
3798 KR. KG
ÞÝSK UNGNAUTALUND

FRYSTI VARA
1398 KR. KG
ÞÝSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR

139 KR. KG
SPÆNSK VATNSMELÓNA

98 KR. KG
HOLLENSKT HVÍTKÁL

295 KR. KG
HOLLENSKT PAPRIKA

698 KR. KG
AMERÍSK VÍNBER

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL
OPNUM Í DAG KL.10:00
Hafragrautur er holl og góð fæða.
Helstu hráefnin í hafragraut eru vatn og haframjöl. Helsti kostur hafra er hversu ríkir þeir eru af vatnsleysanlegum trefjum sem hafa heilnæm áhrif á líkamann. Haframjölið er meðal annars uppspretta flókinna kolvetna og trefja, auk ýmissa vítamína og steinefna. Haframjöl stuðlar að lækkun blóðkólesteróls, en hátt kólesteról í blóði er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.
(heimild: Vísindavefur HÍ; Er hafragrautur hollur? / B.S.Gunnarsson)
Cheerios
Morgunkorn úr heilum próteinríkum höfrum
495
KR. 518 grömm
CHEERIOS
518 GRAMMA PAKKI
Cocoa Puffs
675
KR. 690 grömm
COCOA PUFFS
690 GRAMMA PAKKI
SOL GRYN
695
KR. 2 KG
OTA SOL GRYN
2 KG. PAKKI
198
KR. 1 LTR
98
KR. 330 ML
TRÓPÍ 1 LTR.
TRÓPÍ 33 CL.
189
KR. 2 LTR.
COKE 2 LTR.
Spelt BRAUÐ
259
KR. 1/2 KG
SPELT BRAUÐ
1/2 KG.
SKÓLA OSTUR
22% LÆGRA VERÐ
998
KR. KG
VERÐ ÁÐUR 1279 KR.KG.
SKÓLAOSTUR STÓRT STYKKI 22% LÆGRA VERÐ
198
KR. 4 STK
FJÓRAR MJÚKAR KRINGLUR
1298
KR. KG
VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG.
SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
300 KR. VERÐLÆKKUN
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI
250 ML 100% SAFI 3 FERNUR
159
KR. 3 STK
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
659
4 FLÖSKUR
FJÓRAR COKE 1.5 LTR
98
KR. 1 LTR.
PEPSI 1 LTR.
198
KR. 1/2 KG
BÓNUS ÞRIGGJAKORNA BRAUÐ
ÚRVALS FLATKÖKUR
98
KR. 5 STK
ÚRVALS FLATKÖKUR 5 STK
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Umræðan er ekki óþægileg

**Bjarni Benediktsson** telur að hætta eigi aðildarviðræðum við ESB. Stjórnvöld eigi að einbeita sér að innri uppbyggingu samfélagsins. Hann ræddi við *Kolbein Óttarsson Proppé* um stjórnmál, formennsku og rekstur á N1.



**FORMAÐURINN** Bjarni Benediktsson vill að Íslendingar hætti aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Hann telur mikilvægara að beina kröftum að sköpun starfa og hagvaxtaraukningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég lít málefni þessa félags þannig að þar hafi, líkt og hjá þúsundum annarra félaga, allar forsendur í efnahag brostið í hruninu þar sem gengislánin hækkuðu um yfir 100 prósent, verðbólgustig var mjög hátt og vextir fóru upp úr öllu valdi.“ Þetta segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um Olíufélagið N1, en hann gegndi stjórnarformennsku í félaginu árin 2005 til 2008. Bjarni segist ekki taka umræðuna um N1 nærri sér, en á dögunum var tilkynnt að þrátt fyrir rúmlega milljarðs hagnað af reglulegri starfsemi hafi vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar verið framkvæmd gjaldfærsla í reikningum félagsins upp á 12 milljarða króna.

„Það er á efnahagsreikningi félagsins sem hlutirnir fara úr böndunum af fyrrgreindum ástæðum. Rekstur félagsins, sem keyptur var árið 2006, hefur gengið nokkuð vel og mér sýnist hann hafa gengið betur en nokkru sinni fyrr í sögu félagsins.“

Bjarni segir erlendar skuldir hafa tvöfaldast í hruninu og þar með hafi allar forsendur fyrir kaupunum brostið. „Í stuttu máli hefur reksturinn gengið ágætlega, sala á vörum og þjónustu á móti því sem kostað var til. Skuldir félagsins sem tengjast fasteignum, kaupum á félaginu og að hluta rekstrarskuldir tvöfalduðust. Þetta er ekkert öðruvísi en með fjölda annarra félaga. Höfum í huga að Kauphöllin á Íslandi þurrkaðist út og öll stóru félögin hér hafa meira eða minna skipt um hendur. Sama gerðist hjá fjölda heimila, allar forsendur brustu.“

Bjarni segir umræðuna um félagið ekki óþægilega fyrir sig sem stjórnmálamann, hann hafi ekkert að fela hvað sína aðkomu að félaginu varðar. En auðvitað harma ég það mjög að þetta skyldi fara svona. „Ég tel að fólk sjái það í hendi sér að það eru ytri aðstæður sem gjörbreytast og valda vandræðum hjá þessu félagi og um allt þjóðfélagið. Í því samhengi skiptir líka máli að eigendur félagsins komu með mikið eigið fé í reksturinn og það stóð vel eftir kaupin. Þá hefur ekki verið tekið fé út úr fyrirtækinu. Til dæmis var aldrei greiddur arður á meðan ég starfaði þar. Eigendur litu á félagið sem fjárfestingu til framtíðar og eflaust var það keypt nokkuð dýru verði. Nú hefur hins vegar þurft að endurskipuleggja efnahagsreikninginn, reksturinn er traustur sýnist mér.“

### Forsendubrestur viðræðna

Ummæli Bjarna um að rétt væri að slíta viðræðum við Evrópusambandið hafa vakið nokkra athygli. Eru þau ekki í mótsögn við fyrri yfirlýsingar hans?

„Menn hafa farið aftur til ársins 2008 og vísa í ummæli sem ég lét falla fyrir fyrirhugaðan landsfund Sjálfstæðisflokksins. Ákveðið hafði verið að Sjálfstæðisflokkurinn tæki Evrópumálin fyrir á sérstökum landsfundi árið 2009. Ég taldi mikilvægt að flokkurinn leiddi fram niðurstöðu í þessu máli, sem hafði verið átakamál, með lýðræðislegum hætti. Ég tefldi fram hugmynd sem varð ekki ofan á hjá flokknum, heldur vildu flokksmenn leita eftir umboði þjóðarinnar áður en lagt yrði af stað. Ég var mjög sáttur við þá niðurstöðu og hef fylgt henni eftir síðan.“

Bjarni minnir á að hann hafi greitt atkvæði gegn því að sótt yrði um aðild og eins með því að þjóðin fengi að eiga fyrsta skrefið. Hann hafi áður sagt að rangt sé að standa í aðildarviðræðum. „Ég var því ekki að flytjan nýjan boðskap, enda hefur landsfundur flokksins ályktað um þetta og ég áður tekið fram að ég styðji þá niðurstöðu.“

Bjarni telur ýmislegt hafa gerst frá því að umsóknin var lögð fram sem gefi tilefni til að endurhugsa málið frá grunni. Það sé grunnforsenda að ríkisstjórnin sé einhuga um það hvernig unnið sé í málinu en ekki einu þetta grunnatriði sé í lagi. „Mér finnst sú hugmyndafræði sem Vinstri græn hafa lagt fram í málinu, að þau geti átt í aðildarviðræðum og jafnvel lokið samningi og snúið sér síðan til þjóðarinnar og barist gegn þeirri niðurstöðu, rökleysa og held að enginn hljómgrunnur sé fyrir henni.“

> Ég var ekki sammála Þorsteini Pálssyni um að það væri rétt að standa í aðildarviðræðum og ekki heldur Davíð Oddssyni um Icesave.

Efnahagsvandi hefur ríkt á evrusvæðinu og Bjarni telur að taka verði tillit til þess. Gjaldmiðlakreppan hér á landi hafi vegið þungt í ákvarðanatökunni á sínum tíma og umræðan um annan gjaldmiði verið háværi. Ekki sé hægt að horfa framhjá efnahagsþróuninni í Evrópu. „Ísland á að mínu áliti ekki erindi í ESB. Okkar fámenna þjóð mun ekki fá rönd við reist þegar stóru ríkin fara sínu fram og þróunin er öll í átt til aukinnar miðstýringar. Það er í raun merkilegt að umræða um ESB-aðild skuli þrífast á sama tíma og hér á landi er rætt um að færa völdin í auknum mæli út til fólksins með beinu lýðræði.“

### Finnum agann heima fyrir

Margir hafa talað fyrir því að gott sé fyrir Íslendinga að fara undir erlent agavald í fjármálum; hér hafi skort aga til að halda úti sjálfstæðri mynt.

„Ég verð nú að lýsa mig mjög ósammála þessu. Í fyrsta lagi því að við séum komin að einhverjum tímamörkum þar sem það sé fullreynt hvort við getum sýnt nægilegan aga við hagstjórnina til að standa undir sjálfstæðri mynt.

Í öðru lagi er ábyggilegt að ef við viljum setja okkur strangari viðmið og gera betur þurfum við ekki að gangast undir erlent vald til að ná því markmiði. Það má skoða ýmislegt, t.d. ströng viðmið um útgjaldaramma í stjórnarskrá,“ segir Bjarni og vísar til þýsku stjórnarskrárinnar og bendir einnig á nýlega umræðu frá Bandaríkjunum um skuldaþak. Þetta sé hægt að gera hér heima fyrir, engin þörf sé á að gangast undir erlent agavald til að ná árangri í þessum efnum.

Þá segir hann átök á milli vinnumarkaðs og ríkisstjórnar hafa skemmt mjög mikið fyrir. Stjórnvöld hafi viljað koma fram pólitískum markmiðum, til dæmis með breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfi og íhaldssamari orkunýtingu, en það hafi stangast á við væntingar aðila vinnumarkaðarins. Þessi tvö mál hafi valdið spennu og á endanum orðið til þess að laun voru hækkuð í vor umfram það sem raunhæft var.

„Við höfum byggt upp ótrúlega góð lífskjör á grundvelli íslensku krónunnar. Það hefur hins vegar kostað miklar sveiflur, ekki vegna gjaldmiðilsins sem slíks, heldur vegna þess að við höfum of oft hagað okkur með óábyrgum hætti. Í sögunni hafa verið teknar út launahækkanir umfram það sem innistæða var fyrir, við höfum líka stundað ofveiðar og þetta hefur kallað yfir okkur aukna verðbólgu og gengisfellingar.

Af þessu drógu menn lærdóm þegar kvótakerfinu var komið á og lokst tókust samningar upp úr 1990 með þjóðarsáttinni og hindra átti þessa víxlverkun.

Ég neita því hins vegar ekki að það er mjög erfitt að halda myntinni stöðugri, jafn lítil og hún er og viðkvæm fyrir ytri áhrifum. Það má orða það svo að sveiflurnar séu eins og fórnarkostnaður þess að hafa smáa mynt og verkefnið að halda þeim í algjöru lágmarki.“

Þau atriði sem mestu skipti segir Bjarni vera að eiga fyrir útgjöldum, framleiða meira en sótt sé til annarra landa. Þá þurfi að vera til staðar samhent átak líkt og farið var í í tengslum við þjóðarsáttina.

### Útgjaldarammi

Ríkissjóður hefur bólgnað út á undanförnum árum og Bjarni segir að setja þurfi ytri ramma um hversu langt má ganga. Lausbundin viðmið við fjárlagagerð hafi ekki staðist og ekki heldur rammafjárlög til lengri tíma.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur lagt fram frumvarp þar sem enn frekar er þrengt að rammanum við fjárlagagerð. „Það getur vel verið að það sé sársaukafullt fyrir þingmenn að horfast í augu við það, en það er langbest að taka á hlutunum snemma. Þótt það kosti einhverjar pólitískar fórnir eru menn að vinna þjóðinni gagn í lengri tíma.“

Bjarni segir að í útgjaldaramma, sem sjá má í fjárlögum yfirstandandi árs, sjáist að sú stefna sem fylgt hafi verið frá 2008 sé sú að auka ekki útgjöld á næstu fjórum árum. „Ég held að það sé skynsamleg stefna, áherslan er lögð á að ná jöfnuði í ríkisfjármálum, en það er ekki að takast á tilsettum tíma. Þetta gengur mun hægar en ég hefði viljað sjá. Með svona fjögurra ára plan á útgjaldahliðinni eiga menn heldur ekki að segja við þjóðina að hér verði stóraukið við velferðarkerfið. Menn eiga að tala um hlutina eins og þeir eru. Það eru ekki til peningar í augnablikinu.“

### Framúrkeyrsla í bólunni

Bjarni segir að menn hafi reist sér hurðarás um öxl á síðustu árum þegar vöxtur ríkisútgjalda var sem mestur, ríkisútgjöldin hafi aukist allt of hratt.

„Þá gættu menn sín ekki á því að tekjur ríkissjóðs voru á þessum tíma ekki sjálfbærar til lengri tíma, en athugaðu það að jafnvel þó ríkisútgjöldin hafi vaxið á þessu tímabili þá var mjög mikill afgangur á ríkissjóði, skuldir voru greiddar niður og skattar lækkuðu og afgangur af ríkissjóði fór vaxandi. Við þessar aðstæður er kannski ekki við öðru að búast en að eitthvað vaxi á útgjaldahliðinni.“

### Sáttur við fyrrverandi formenn

Oft er sagt að það versta sem nýir formenn erfi sé forverarnir, sérstaklega ef þeir stíga ekki til hliðar. Bjarni segir atkvæðamikla fyrrverandi formenn staðreynd og því verði ekki breytt. Hann sé sáttur við það.

„Það truflar mig alls ekki. Í öllum grundvallaratriðum eru þeir fyrrverandi formenn, og eftir tilvikum ráðherrar, Sjálfstæðisflokksins sem enn eru þátttakendur í umræðunni að halda á lofti okkar stefnumálum og sjónarmiðum. Auðvitað eru dæmi um að menn takist á og stundum mjög harkalega, en það er bara lifandi og opin umræða sem við höfum gott af að fari fram. Ég geri enga athugasemd við að þeir, eins og aðrir, hafi skoðun á þjóðmálunum og ætla ekki að vera sá sem setur pottlokið á þá umræðu. Ég hef ekki alltaf verið sammála þessum fyrrverandi formönnum. Ég held að það hafi ekki farið framhjá neinum.

Ég legg áherslu á að fylgja minni sannfæringu og er meira en tilbúinn að taka afleiðingunum af því. Það er miklu erfiðara að lifa með því að hafa í sínum störfum látið stjórnast af einhverju öðru en sannfæringu sinnig og sitja uppi með afleiðingarnar af því.“

## Bankarnir beggja megin borðs

„Það er mjög skrítið fyrir bæði heimili og fyrirtæki á íslandi í dag að horfa upp á niðurstöðu rannsóknarskýrslunnar að það hafi verið bankarnir sjálfir sem fóru í mikinn ofvöxt og sem á endanum leiddi til þess að allt hrundi. Það voru bankarnir sjálfir sem tóku of mikla áhættu, uxu langt undir eigin getu til að standa undir áföllum og getu stjórnvalda til að koma þeim til aðstoðar.

Ein af meginniðurstöðum rannsóknarskýrslunnar að bankarnir hefðu orðið allt of áhættusæknir í erlendum yfirtökum og lánveitingum, en síðan þegar áhrifin af þessu koma fram lendir það ekki síst á íslenskum heimilum og fyrirtækjum, viðskiptamönnum bankanna. Nú standa þeir í erfiðum samningaviðræðum við sína gömlu banka um hvernig eigi að greiða úr þessu. Það er ekki nema von að mörgum finnist eitthvað öfugsnúið í þessu.“

En tóku þau ekki sjálf lánin? „Jú, þau tóku lánin og bera ábyrgð á þeirri lántöku í sjálfu sér – en hver er ein meginástæða þess að gjaldmiðillinn hrynur með öllum þeim ósköpum sem fylgja? Var það ekki áhættusækni bankanna sjálfra? Gleymum því ekki að upphafið að öllu þessu var það að bankarnir gátu ekki greitt skuldir sínar.“

# SKÓLA DAGAR

## Í ELLINGSEN 18.–27. ÁGÚST

Vandað úrval af skóm, stígvélum, úlpum og öðrum hlífðarfatnaði á frábæru verði fyrir skólann.



**20% AFSLÁTTUR AF SKÓLAVÖRUM**



**DIDRIKSONS** REGNSETT
Stærðir 80–130
**5.592 kr.**
FULLT VERÐ 6.990 KR.



**DIDRIKSONS** FLÍSPEYSUR
Barnastærðir
**3.192 kr.**
FULLT VERÐ 3.990 KR.



**DIDRIKSONS** FLÍSBUXUR
Stærðir 80–170
**3.192 kr.**
FULLT VERÐ 3.990 KR.



**DIDRIKSONS** UNGLINGAÚLPUR
Stærðir 130–170
**13.592 kr.**
FULLT VERÐ 16.990 KR.



**DIDRIKSONS** BARNAÚLPUR
Stærðir 80–130
**9.592 kr.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.



**DIDRIKSONS** UNGLINGAREGNSETT
Stærðir 130–170
**11.992 kr.**
FULLT VERÐ 14.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA • 111720

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16

AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

2 + 2 = 4

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru skattarnir á Íslandi háir eða lágir samanborið við önnur vestræn ríki?

## Háskattalandið

Ríkisstjórnin stefnir enn að því að loka fjárlagagatinu að hluta til með nýjum sköttum. Fjármálaráðherrann er ekki sammála því að skattlagning sé komin að þolmörkum og að skattar séu háir á Íslandi.

Í grein á Smugunni á dögunum skrifaði Steingrímur J. Sigfússon: „Staðreynd mála er hins vegar að öll helstu skatthlutföll á Íslandi, með einni undantekningu þar sem er efra þrep í virðisaukaskatti, eru lægri en í flestum samanburðarlöndum. Þau eru lægri en á hinum Norðurlöndunum og yfirleitt undir meðaltali OECD ríkja.“

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Ráðherrann bætti því við að skattahækkanir til þessa hefðu ekki gengið lengra en svo að þær rétt rúmlega dygðu til að halda skatttekjum í horfinu sem hlutfalli landsframleiðslu. „Hægri söngurinn um óhóflega skattpíningu er því innistæðulaus áróður. Hvort sem skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu eða samanburður við skatthlutföll á hinum Norðurlöndunum er notað sem viðmiðun,“ segir Steingrímur.

Eins og stundum áður skiptir máli að sambærilegir hlutir séu bornir saman þegar metið er hvort skattar á Íslandi séu hærri eða lægri en í öðrum vestrænum ríkjum. Í skýrslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði í fyrra að beiðni ríkisstjórnarinnar og fjallaði um leiðir sem mætti fara til að auka tekjuöflun ríkissjóðs, var dregið skýrt fram að við mat á skatttekjum sem hlutfalli af landsframleiðslu á Íslandi yrði að taka tillit til þess að Íslendingar borguðu hátt hlutfall af launum sínum til einkarekinna lífeyrissjóða. Í flestum öðrum OECD-löndum væru lífeyristryggingar hins vegar fjármagnaðar með sköttum. Þess vegna yrði annað hvort að bæta lífeyrisiðgjöldunum við skattana á Íslandi við útreikning skattbyrði eða draga frá útgjöld til lífeyristrygginga í öðrum löndum.

AGS komst að þeirri niðurstöðu að sama væri hvor leiðin væri farin, skattar væru hátt hlutfall landsframleiðslu, með þeim hæstu í OECD og jafnvel háir í norrænum samanburði.

Á þessum staðreyndum byggði AGS síðan þau tilmæli sín að varlega yrði að fara í frekari skattahækkanir, til dæmis stighækkandi tekjuskatta, ættu þær ekki að valda hagkerfinu „alvarlegum skaða“.

Samtök atvinnulífsins hafa rifjað upp þessa skýrslu AGS og jafnframt vísað á samanburð OECD á skatthlutföllum, að frádregnum framlögum til lífeyristrygginga. Þar er Ísland í fjórða til fimmta sæti OECD-ríkja ásamt Noregi hvað varðar hlutfall skatta af landsframleiðslu, á eftir Danmörku, Svíþjóð og Nýja-Sjálandi. Samtökin álykta réttilega að Ísland sé háskattaland.

Íslendingar bera nú þegar „norræna“ skattbyrði, sem er einhver sú hæsta á Vesturlöndum. Ríkisstjórnin getur auðvitað ákveðið að hækka skattana ennþá frekar, en það er ekki hægt að gera í skjóli þess að þeir séu svo lágir í samanburði við önnur lönd og ríkissjóður eigi þannig mikið inni hjá skattgreiðendum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR
SPORT SPORT SPORT SPORT SPORT

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Átakasæknin

Rétturinn til að knýja fram kjarabætur með verkfalli er undirstaða lífskjara launafólks. Á bóluárunum mátti oft heyra að verkföll og verkalýðsbarátta væri úrelt; allt átti að gerast á forsendum einstaklingsins og samstaða þótti gamaldags. Nú eru leikskólakennarar á leið í verkfall og krefjast sambærilegra launa og grunnskólakennarar, enda menntunin eins. Seint verður sagt að sveitarfélögin sýni lipurð í samskiptum, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hótar uppsögnum og skattahækkunum verði gengið að kröfunum og nú hefur samninganefndin lýst því yfir að vonast sé til að hægt verði að forðast átök við verkfallsverði. Það bendir ekki til mikils samningsvilja að slagsmál séu möguleg, en ekki æskileg.



### Ábyrgð kjörinna fulltrúa

Samninganefndin starfar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og á bak við hana geta kjörnir fulltrúar í sveitarfélögunum skýlt sér. Þeir þurfa því ekki að svara fyrir launakjör leikskólakennara, hvort mánaðarlaun þeirra séu eðlileg hjá fólki sem elur börnin okkar upp. Vel má vera að hagræði sé í einni samninganefnd en heldur snautlegt er að kjörnir fulltrúar svari ekki fyrir stefnuna.



### Menntunin og launin

Leikskólakennsla er göfugt starf og á að vera vel borgað. Eðlilegt er einnig að fyrir sambærileg störf fáist sömu laun. Sú skoðun, sem til dæmis sást í pistli í Viðskiptablaðinu í gær, að forsenda ásóknar í menntun sé hærri laun er hins vegar umhugsunarefni. Vissulega má færa fyrir því rök að lán fyrir margra ára námi kalli á laun sem undir þeim standi. Hvatinn að menntun ætti hins vegar að vera þekkingarleit og – svo naívisminn sé kallaður til – von um betri heim. Ekki bara krónur og aurar. **kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Hver á bílinn minn?

Kaupleiga



Eygló Þ. Harðardóttir

þingmaður Framsóknarflokksins

Samkvæmt dómi Hæstaréttar er kaupleiga eins og hver önnur lántaka. Í stað þess að skilgreina lánið sem lán er búinn til lagatæknilegur orðhengill um kaupleigu til að falsa bókhaldið.“ Þetta skrifaði Jónas Kristjánsson nýlega á blogginu sínu.

Hvers vegna eru þá ökutækin sem lánað var til enn skráð á fjármögnunarfyrirtækin hjá Ökutækjaskrá? Í kjölfar gengisdóma Hæstaréttar og lagasetningar í kjölfarið hafa tugþúsundir lántakenda fengið endurútreikning á lánum sínum, sem er viðurkenning fjármögnunarfyrirtækja á að samningarnir voru í raun lán en ekki leiga.

Þrátt fyrir þetta neita fyrirtækin og Ökutækjaskrá að breyta eigendaskráningu ökutækjanna í samræmi við dómana.

Forsendan fyrir ólögmæti gengistryggingarinnar var að samningarnir væru lán. Ástæðan var að gengistrygging leigu er lögleg, en ekki lána samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir: „Þegar þetta allt er virt verður að líta svo á að stefndi hafi í raun veitt áfrýjanda lán til kaupa á bifreið, sem stefndi kaus í orði kveðnu að klæða í búning leigusamnings í stað þess að kaupa af áfrýjanda skuldabréf, sem tryggt væri með veði í bifreiðinni.“

Fjármögnunarfyrirtækin keyptu aldrei viðkomandi ökutæki og voru ekki aðilar að kaupunum. Því geta þau ekki átt viðkomandi ökutæki. Eignarréttur færist frá seljanda til kaupanda, ekki fyrirtækjanna sem lána til kaupanna.

Þetta staðfestir skattaleg og bókhaldsleg meðferð viðkomandi ökutækja. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. X-532/2010 var bent á að í bókhaldi fjármögnunarfyrirtækisins var tækið aldrei fært sem eign, heldur hafi aðeins krafan verið færð til eignar samkvæmt samningi. Tekjur vegna samningsins voru færðar sem vaxtatekjur, en ekki leigutekjur. Sama virðist gilda um önnur fjármögnunarfyrirtæki við skoðun á ársreikningum.

Samningsákvæði um að eignarréttur haldist hjá einhverjum sem keypti aldrei ökutækið, eignaðist það aldrei, færði það aldrei til bókar né taldi fram til skatts er því merkingarlaust þegar það er lesið í tengslum við lög, önnur ákvæði samningsins, framkvæmd hans og túlkun dómstóla á innihaldi hans.

Fjármögnunarfyrirtækin geta ekki bæði sleppt og haldið. Annað hvort eiga þau ökutækin eða ekki. Hæstiréttur segir að þau eigi þau ekki og það hlýtur að gilda.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ríkið mun hjálpa

Í DAG

Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Sumir leigja þær íbúðir sem þeir búa í. Aðrir eiga þær íbúðir sem þeir búa í. Flestir þeirra sem eiga íbúðirnar eiga þær þó einungis í þeim skilningi að þeir hafa skuldbundið sig til að greiða einhverjum öðrum stóran hluta tekna sinna nær alla starfsævi fyrir að fá að búa þar.

Þú átt íbúðina en bankinn á þig. Snilldarfyrirkomulag.

Þeir sem leigðu á árunum fyrir bankahrun fengu stundum að heyra að það væri algjört rugl. Óskynsamlegt væri að borga upp lán fyrir aðra og vera ekkert að „eignast“ í íbúðinni. Ættingjar lögðu sig fram við að hjálpa næstu kynslóð með útborgunina svo hún gæti farið að eignast sínar íbúðir. „Er Titanic að sigla úr höfn á eftir? Ég skal lána þér fyrir miðanum!“

Nú vildu margir vera í þeirri stöðu að eiga nákvæmlega ekkert í íbúðinni sinni. Það er nefnilega mun skárra að eiga ekkert en að eiga minna en ekkert, eins og raunin er gjarnan. Þá vilja menn fara að leigja, raðirnar í leiguhúsnæði lengjast og verðið hækkar.

### Platbætur

Sú umræða hefur komið upp að undanförnu að samræma þyrfti húsaleigubætur og vaxtabætur. Það er góð hugmynd. Rökréttasta og einfaldasta samræmingin væri að leggja hvort tveggja niður og láta fólk kaupa og leigja eigin íbúðir sjálft en ekki með aðstoð annarra.

Hafi menn áhuga á að stuðla að tekjujöfnun eiga þeir að nota til þess skattkerfið með sínum skattþrepum og persónuafsláttum en ekki að nota til þess bótakerfi sem er í raun bara plat.

Hugmyndin með vaxtabótum ætti að vera að hvetja fólk til að kaupa sér íbúð, frekar en að leigja. Hugmyndin með húsaleigubótum er að hvetja fólk til að leigja sér íbúðir, væntanlega frekar en að vera á götunni.

Við erum sem sagt með bætur fyrir alla þá sem eru að leigja íbúð eða að borga af henni. Það er ansi mikið af fólki.

Bætur eiga að bæta mönnum eitthvað. En hvers vegna á að bæta fólki það að það hafi eignast börn? Hvers vegna að bæta mönnum það að þeir séu að reyna að eignast íbúð? Eða hafi lent í því að vera leigjendur?

Allir borga massaskatta og flestir fá einhverjar bætur. Hvernig væri að taka út milliliðinn og leyfa fólki að halda eftir eigin peningum og nota þá í það sem því sýnist?

Þegar við skoðum áhrif vaxtabóta í heild sinni væru þau hin sömu ef lagður væri 8% viðbótarskattur á millitekjur á bilinu frá 200 upp í 800 þúsund og skattleysismörkin hækkuð um 50 þúsund. Þá vakna strax nokkrar spurningar. Í fyrsta lagi: Af hverju eiga þeir sem eru að borga af íbúð að hafa hærri skattleysismörk en aðrir? Í öðru lagi: Ef við værum að koma á nýjum skatti, myndum við láta hann ná til tekna á bilinu frá 200 upp í 800 þúsund?

Þetta er vandinn í hnotskurn. Allar tekjutengdar bætur hafa sömu virkni og sérstakir skattar á lág- og millitekjufólk. Barnabætur jafngilda millitekjuskatti. Vaxtabætur og húsaleigubætur gera það einnig. Hugmyndir um tekjutengingu gjaldskráa Reykjavíkurborgar eru af sama meiði. Enn einn millitekjuskatturinn.

> Nú þegar allir vilja leigja sér íbúð mun ekki vanta stjórnmálamenn sem munu lofa leiðum til að gera öllum kleift að geta leigt sér íbúð.

### Íbúðaleigusjóður

Nú er farið að bera á hugmyndum um sérstakt opinbert leigufélag til að leigja út þær íbúðir sem Íbúðalánasjóður hefur tekið til sín. Eitt af því sem hækkar leiguverð er að fleiri vilja taka íbúðir á leigu en eru að leigja þær út. Sneggsta og skynsamlegasta leiðin út úr því er að láta Íbúðalánasjóð selja þær fjölmörgu íbúðir sem hann á en ekki að dúndra ríkinu inn á leigumarkað í beinni samkeppni við húseigendur og leigufélög.

### Ríkið er meðvirkt apparat

Þegar allir vildu kaupa sér íbúð bjó ríkið til 90% lán og svo gátu allir keypt sér íbúð og allir gerðu. Nú þegar allir vilja leigja sér íbúð mun ekki vanta stjórnmálamenn sem munu lofa leiðum til að gera öllum kleift að geta leigt sér íbúð. Jafnvel með smellnum auglýsingum í sjónvarpi. Þær hugmyndir munu hljóma jafn vel og hugmyndirnar um 90% lánin. Og vera jafn vondar.

# Föst í gömlum hjólförum

Kjaramál

Svanhildur Anna Bragadóttir
móðir þriggja leikskólabarna



Þegar ég heyrði fyrst af því að verkfall leikskólakennara væri yfirvofandi hélt ég í einfeldni minni að það kæmi ekki til verkfalls. Ég hélt að við hugsuðum öðruvísi eftir hrunið og kynnum betur að meta þá hluti sem skipta raunverulegu máli. En ef til vill var ég aðeins of fljót á mér því svo virðist sem það stefni í að þessi stétt þurfi að berjast með blóði, svita og tárum fyrir eðlilegum kjarabótum.

Ég velti fyrir mér hver ástæðan er fyrir því að störf þessarar stéttar hafi ekki verið metin að verðleikum? Ekki er lélegri menntun um að kenna, þar sem leikskólakennarar hafa að baki krefjandi háskólanám. Og varla er það svo að hægt sé að halda því fram að það sé svo lítið að gera hjá þeim í vinnunni. Enn síður er lítilli ábyrgð um að kenna, þar sem við erum alltaf að halda því fram að börnin séu það mikilvægasta sem við eigum, að þau séu framtíðin og því þurfi að hlúa sérstaklega vel að þeim.

Nei, þetta á ekki við rök að styðjast. Ætli ástæðan sé ekki frekar sú að við sitjum föst í gömlum hjólförum og eigum erfitt með að koma okkur upp úr þeim, þar sem þau eru orðin svo djúp og fastmörkuð í menningu okkar og samfélagi. Það er gamalgróin staðalmynd af leikskólakennurum að þeir séu gott og rólegt fólk sem vinni skemmtilegt en mjög krefjandi starf fyrir lágmarkslaun en það sé allt í lagi því þetta starf sé unnið af hugsjón. En þó svo að flestir leikskólakennarar hljóti að veljast í þetta starf af hugsjón vilja þeir eðli málsins samkvæmt fá mannsæmandi laun fyrir sína vinnu og geta framfleytt fjölskyldum sínum. Það skil ég mjög vel og hvet því alla til að lýsa yfir fullum stuðningi við kjarabaráttu leikskólakennara.

Hættum að sætta okkur við hið mikla bil sem búið er að myndast milli tekjuhópa á Íslandi og spyrnum við fótum. Reynum í eitt skipti fyrir öll að læra eitthvað af því sem á undan er gengið og förum að átta okkur á að það er mun skárra að allir hafi nóg fyrir sig og sína en að sumir hafi allt of mikið á meðan aðrir hafa nánast ekki neitt.






**Hver er uppáhaldsborgin þín?**
Komdu á www.icelandair.is/uppahaldsborg og segðu okkur hver er uppáhaldsborgin þín og hvers vegna. Þú gætir verið á leiðinni til hennar í boði Icelandair.


RÉPUBLIQUE
AVENUE
CIMETIÈRE DU PÈRE LACHAISE
Pl. Voltaire
Bastille
Sorbonne
Nation
SIMON BOLIVAR
XX
XI
X
III
IV
II
I
Louvre

ICELANDAIR

# Hafa ber það sem réttara reynist


Landbúnaður



Erna Bjarnadóttir
forstöðumaður félagssviðs Bændasamtaka Íslands


Þann 3. ágúst sl. ritaði Þórólfur Matthíasson, deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, grein í Fréttablaðið um sauðfjárrækt. Auk þess fékk hann ítarlega umfjöllun í morgunútvarpi Rásar 2 daginn eftir og viðtal í fréttum Stöðvar 2. Meðferð prófessorsins á tölulegum upplýsingum og staðreyndum kallar á nokkrar athugasemdir og leiðréttingar.

Deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands gerir útflutning kindakjöts að umfjöllunarefni og staðhæfir að bændur þurfi að kaupa erlend aðföng eins og olíur, áburð, landbúnaðartæki, varahluti, heyrúlluplast o.fl. fyrir 1,1 milljarð króna til þess að framleiða sauðfjárafurðir sem fluttar eru út fyrir 2,75 milljarða króna. Benda má á að það er í sjálfu sér ekki markmið að framleiða kindakjöt til útflutnings nema því aðeins að afurðaverð á erlendum mörkuðum gefi tilefni til þess. Það væri æskilegt að prófessorinn hefði útskýrt nánar hvernig þessi 1,1 milljarðs króna kostnaður væri fenginn. Deildarforsetinn er jú yfirmaður hagfræðasviðs æðstu menntastofnunar þjóðarinnar. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru flutt út 3.437.283 kíló af kindakjöti árið 2010 að meðalverðmæti 616 krónur kílóið. Bændur fengu að meðaltali greiddar 413 kr. fyrir kílóið af lambakjöti en tæpar 117 kr./kg fyrir ærkjöt. Ætla má að um 10% af heildarútflutningi séu ærkjöt en 90% dilkakjöt. Verðmæti útflutnings til bænda árið 2010 nam því 1.317,8 milljónum.

Nýjustu tölur um framleiðslukostnað eru frá 2009 en tölur ársins 2010 munu birtast fljótlega. Við mat á framleiðslukostnaði útfluttra afurða er eðlilegt að líta á jaðarkostnað sauðfjárbænda sem kostnað þeirra við að auka framleiðslu sína umfram innlenda eftirspurn. Í sinni einföldustu mynd má leggja breytilegan kostnað á framleitt kíló til grundvallar þar sem nákvæmari upplýsingar eru ekki tiltækar. Breytilegur kostnaður fyrir hvert kíló árið 2009 nam um 272 krónum á kíló, þar af er kostnaður vegna kaupa á áburði, aðkeyptu fóðri, olíum, varahlutum o.þ.h. 235 kr/kg. Niðurstaðan er sú að viðbótarkostnaður framleiðenda við að framleiða kindakjöt til útflutnings er um 937 millj. króna. Innflutt aðföng eru aðeins hluti þessa kostnaðar auk þess sem álagning innlendra fyrirtækja er hluti af verði þeirra til bænda. Það er því víðs fjarri að kaupa þurfi erlendan gjaldeyri fyrir 1,1 milljarð króna til að afla þessara aðfanga til framleiðslu á kindakjöti til útflutnings. Jafnvel þótt reiknað væri með 5% hækkun framleiðslukostnaðar milli ára (sem þó er að heyra að sé algert bannorð þegar framleiðsla kindakjöts er annars vegar) fást ekki út þær fjárhæðir sem prófessorinn nefnir. Útflutningurinn skilar þannig ekki undir 380 milljónum kr. til að greiða laun bænda og fastan kostnað við framleiðsluna. Fyrir búgrein eins og sauðfjárrækt þar sem fastur kostnaður er hátt hlutfall af framleiðslukostnaði er ávinningur af útflutningi augljós.

Prófessorinn hefur ítrekað haldið því fram að sauðfjárframleiðendur hafi skuldbundið sig til að selja 6.700 tonn af lambakjöti á innanlandsmarkaði árlega. Hið rétta er að engin ákvæði eru til um framleiðslumagn eða markaðsstýringu í núgildandi sauðfjársamningi. Til að fá óskertar beingreiðslur þurfa bændur að eiga að lágmarki 0,6 kindur á móti hverju ærgildi í greiðslumarki, (sjá 5. gr. reglugerðar nr. 11/2008). Með öðrum orðum þá þarf lágmarks sauðfjáreign íslenskra bænda að nema rösklega 221 þúsund fjár að hrútum meðtöldum til þess að beingreiðslur úr ríkissjóði haldist óskertar. Eftirspurn neytenda eftir íslensku kindakjöti nam á síðasta ári um 6.100 tonnum. Það er eftirspurnin sem stjórnar því hve mikið selst af einstökum kjöttegundum á innanlandsmarkaði. Svo einfalt er það.

Sauðfjársamningurinn kveður á um að tiltekinni fjárhæð er varið í beingreiðslur sem greiddar eru óháð framleiðslumagni og hvort sem framleiðslan er flutt á erlenda markaði eða seld innanlands. Þessar greiðslur eru því ekki alls ólíkar stuðningi ESB við landbúnað sem að stærstum hluta er greiddur á skilgreint landbúnaðarland óháð því hvað framleitt er. Enginn, þ.m.t. deildarforseti hagfræðideildar HÍ, hefur reynt að líkja þeim við útflutningsbætur þó ESB sé einn stærsti útflytjandi heims á landbúnaðarvörum.

Að lokum: Búvörusamningar, þ.m.t. sauðfjársamningur, verða til í samskiptum samtaka bænda og ríkisvaldsins. Það er skrýtin framsetning hjá yfirmanni fræðasviðs innan Háskóla Íslands að halda því fram að starfsumhverfi sauðfjárræktarinnar verði til á „þriðju hæð Hótel Sögu“ eins og hann orðar það í grein sinni.

# Borgarfulltrúi þvælir um mannréttindi í þágu presta


Trúmál



Svanur Sigurbjörnsson
læknir


Nú liggja fyrir borgarráði ákaflega vandaðar reglur um samskipti skóla og lífsskoðunarfélaga, sem miða að því að skólar séu aðskildir frá trúarstarfi. Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, er óhress með þetta og skrifaði þann 17.8.2011 að „Það hefur reynst farsælt að treysta skjólastjórnendum og foreldrum til þess að taka sameiginlega ákvarðanir um samskipti við lífsskoðunar- og trúfélög. Hvað það er sem knýr fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingar í borgarstjórn til að gera breytingar á samstarfi, sem góð sátt hefur ríkt um, er óskiljanlegt.“

Það eru til nokkrar leiðir til að fela sannleikann og Júlíus Vífill notar hér „allir eru ánægðiraðferðina“. Þegar hann talar hér um farsæl samskipti og góða sátt, hefur hann kosið að láta sem þeir foreldrar sem hafa kvartað yfir því árum saman að börn þeirra séu látin taka þátt í trúarlegu starfi, sitja undir bænahaldi og fleira í þeim dúr, séu lítilsigldir ómerkingar. Sáttin sem hann talar um er ekki almenn, heldur milli þjóna Þjóðkirkjunnar og þeirra skólastjórnenda sem hafa leyft starfsemi þeirra í skólanum.

Reglur mannréttindaráðs borgarinnar eru til komnar vegna ítrekaðra brota á rétti foreldra á að hafa börnin sín í hlutlausum skólum, þar sem þau verða ekki fyrir beinni eða óbeinni innrætingu. Það er ekkert „óskiljanlegt“ við það. Fólk vill ekki að félög sem hafa skoðanamyndandi áhrif eigi aðgang að skólabörnum. Skýrar reglur um það hvernig hlutlaust skólahald á að fara fram eru nauðsyn. Þessar reglur eru skólastjórnendum ekki höft, heldur stoð við að framfylgja mannréttindum í skólum. Með reglunum er ekki verið að skerða frelsi, heldur koma í veg fyrir að skólastarf snúist um annað en menntun barnanna.

Júlíus Vífill sagði einnig: „Með tillögunum sem samþykktar voru í mannréttindaráði, ..., er verið að gera viðurkennt félagsstarf barna og unglinga sem fram fer á vegum kirkjunnar og trúfélaga tortryggilegt. Þær eru settar fram án sjáanlegs tilefnis og án faglegs undirbúnings.“ Í reglunum felst enginn dómur um gæði starfs „kirkjunnar og trúfélaga“, heldur sú einfalda beiðni að starf þeirra fari fram utan skólanna vegna eðli starfsins, sem er trúarleg iðkun og trúboð. Aftur móðgar hann foreldra sem kæra sig ekki um trúboð í skólum með því að segja að tillögurnar séu „án sjáanlegs tilefnis“. Eru áhyggjur þeirra ekki þess virði að teljast tilefni?

Áfram þvælir Júlíus Vífill: „Tillögurnar hafa verið skreyttar hugtökum eins og trúfrelsi en vinna gegn grundvallarmannréttindum vegna þess að í trúfrelsi felst meðal annars frelsi til að velja. Og það er einmitt það sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna á að tryggja börnum bæði félagslega og trúarlega.“ Það er ekki verið að skerða frelsi til grunnréttinda, heldur leggja af forréttindi þjóðkirkju svo að hlutleysi og jafnræði fái að ríkja. Ekkert frelsi er án takmarkana og við sýnum hvert öðru virðingu með því að halda okkar sérstöku persónulegu stefnum utan við skóla þar sem börn allra foreldra eru velkomin. Með því að gefa börnum menntun um, en ekki boðun um trú og veraldlegar lífsskoðanir, fá þau einmitt rými og frelsi til að taka sína eigin sjálfstæðu ákvörðun þegar þau hafa aldur til. Út á það ganga grundvallarmannréttindi í siðuðu lýðræðisþjóðfélagi. Reglum mannréttindaráðs ber að fagna því að þegar góðum reglum er framfylgt stuðla þær að velferð allra.

# Í boði Samkeppniseftirlits


Samkeppnismál



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur


Á þessum óvissutímum þegar við Íslendingar reynum að byggja úr rústum loftkastala þjóðfélag sem byggist á raunverulegri verðmætasköpun af raunverulegri starfsemi raunverulegra fyrirtækja þar sem vinnur raunverulegt fólk þá kemur það manni spánskt fyrir sjónir að vinna hjá fyrirtæki sem sætir ofsóknum frá yfirvöldum Samkeppnismála fyrir ímyndaðar sakir.

Þetta er Forlagið og það starfar að bókaútgáfu. Það varð til við samruna JPV og hluta Eddu, sem aftur varð til við samruna Máls og menningar og Vöku Helgafells um síðustu aldamót. Markaðshlutdeild fyrirtækisins er 15-20% en Samkeppnisstofnun gefur sér í aðgerðum sínum gagnvart fyrirtækinu að markaðshlutdeildin sé 55-60%. Þá forsendu ákvað stofnunin 2008 og hún er ekki til viðræðu um að breyta henni – í átt til raunveruleikans.

Stofnunin virðist enn ekki hafa sætt sig við að hafa verið gerð afturreka með þá ákvörðun að meina Forlaginu að annast útgáfu á verkum Halldórs Laxness, sem hefði þýtt að Nóbelshöfundurinn okkar hefði verið útgefandalaus.

Tildrög þess að Forlaginu er nú gert að greiða sekt upp á 25 milljónir og standa í dýru málavafstri kringum þessar ofsóknir eru kæra núverandi eigenda bókaútgáfunnar Bjarts fyrir svo fáránlegar sakir að ekki einu sinni Samkeppnisstofnun gat fallist á þær. Hins vegar notaði stofnunin tækifærið og skellti á Forlagið þessari sekt vegna samskipta við endurseljendur varðandi viðskiptaafslætti og birtingu á útsöluverði. Það er einstaklega hlálegt því að þar skiptir Forlagið meðal annars við stórmarkaði í eigu Baugs sem hafa af fullum þunga beitt gagnvart Forlaginu markaðsráðandi stöðu sinni – í boði samkeppnisyfirvalda.

Brýnasta verkefni íslenskra stjórnvalda er að hlúa að atvinnurekstri í landinu. Styðja litlu og meðalstóru fyrirtækin sem streitast við að halda gangandi starfsemi sinni, greiða laun, greiða skatta og skyldur, skapa verðmæti þrátt fyrir rekstrarumhverfi sem ekki þarf að hafa mörg orð um – og eru hin raunverulegu hjól hins raunverulega atvinnulífs, stödd hér og nú en ekki í ræðum stjórnmálamanna eða skýjaborgum. Það er óskiljanlegt og óþolandi að slíkt fyrirtæki skuli ofan á allt annað þurfa að kljást við fjandsamlegt smákóngaveldi á borð við Samkeppnisstofnun þar sem mikilvægara virðist vera að hefna þess í héraði sem hallaðist á alþingi – halda óskertri ímyndaðri virðingu sinni – en að búa í haginn fyrir heilbrigt atvinnulíf.


Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Norræna Asíustofnunin (NIAS) kynna:

**Kortlagning tveggja skauta Evrasíu:**
**Samlyndi sem sögulegt, heimspekilegt og félags-pólitískt stef.**
**Mapping the two corners of EurAsia:**
**Harmony as a historical, philosophical and socio-political theme.**

16 fyrirlesarar frá 5 löndum flytja erindi. Vekjum sérstaklega athygli á eftirfarandi erindum:
Chung-in Moon: "Uppgangur Kína og framtíð Kóreuskagans" & Daniel A. Bell: "Pólitískt lögmæti í Kína frá konfúsísku sjónarmiði". Allir fyrirlestrar verða fluttir á ensku. **All lectures in English.**

**Háskólatorg 101**
**Mánudagur 22. ágúst: kl. 9:20 til kl. 17:30**
**Þriðjudagur 23. ágúst: kl. 9:30 til kl. 17:00**

**Sjá nánar á vef Háskólans www.hi.is í viðburðaskrá**
**Allir eru velkomnir á öll erindin og aðgangur er ókeypis.**

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

nias



**Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík,** Bryggjan og CCP standa fyrir dagskrá við höfnina á Menningarnótt. Þar verða hljómsveitir, föndursmiðja fyrir börn og upplestrar. Þá verður hægt að dansa á Bryggjupallinum frá 20 til 22, þar sem félagsskapurinn Komið og dansið verður í fararbroddi.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512







**Kryddaðir fordrykkir passa vel á svölu síðsumri og hita upp fyrir grillsteikur og aðrar krásir:**



# Kemur bragðlaukunum í gang

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefán Ingi Svansson, yfirkokkur Veisluturnsins, hefur vakað yfir grillinu í sumar og grillað alls kyns krásir fyrir sjónvarpsáhorfendur í þættinum Grillað ásamt þeim Sigurði Gíslasyni og Völundi Snæ Völundarsyni. Þeir félagar gera gjarnan óáfenga fordrykki sem Stefán Ingi segir góða til að koma bragðlaukunum í gang. Hann hrærði saman léttan drykk í takt við árstíðina.

„Þar sem berin eru farin að spretta ákvað ég að gera kryddaðan trönuberjadrykk með ferskum nýtíndum bláberjum. Ég nota lífrænan trönuberjasafa sem er ekki eins sætur og sá hefðbundni en þannig er hægt að leika sér meira með hann og bæta út í sýrópi, sítrusávöxtum og alls kyns kryddi.“

Stefán Ingi lætur uppskrift að grilluðum osti fylgja með sem hann segir afbragðseftirrétt. „Ég grilla hann á kolagrilli í opnu íláti sem gefur skemmtilegt kolabragð. Það er upplagt að setja hann á grillið eftir aðalréttinn þegar kolin eru aðeins farin að kólna.“

Fjórir grillþættir eru eftir hjá þeim félögum og spurður hvort framhald verði á sjónvarpsferlinum segir Stefán Ingi aldrei að vita. „Við þrír erum alltaf eitthvað að bralla saman og við höfum svakalega gaman af þessu.“

Tökum á þáttunum er nýlokið en þeir hafa verið teknir jöfnum höndum. „Við höfum leyft sumrinu að líða svolítið með þessu og gerum það sem okkur finnst skemmtilegt og passar hverju sinni.“

Nánari upplýsingar um þættina er að finna á www.grillad.is.

*vera@frettabladid.is*

## BLÁBERJAFORDRYKKUR OG GRILLAÐUR OSTUR

**Grillaður hvítmygluostur með apríkósumarmelaði, sultuðum fíkjum og heslihnetum.**

1 stk. hvítmygluostur
2 msk. apríkósumarmelaði
3 stk. sultaðar fíkjur
30 g heslihnetur
2 stk. timjangreinar

*Setjið ostinn í stálform og dreifið sultunni, fíkjunum og hnetunum yfir. Skreytið með timjan. Grillið á miðlungshita í 15 mínútur.*

**Trönuberja- og bláberjadrykkur með myntu**

1 l trönuberjasafi
3 msk. söxuð bláber
2 msk. hrásykur
safi úr ½ sítrónu
2 cm ferskur engifer
15 stk. myntulauf
ísmolar

*Skrælið engifer og rífið niður með rifjárni í stóra skál. Bætið hrásykri, sítrónusafa og bláberjum út í ásamt myntulaufum sem eru skorin í ræmur. Látið standa í tíu mínútur. Hellið trönuberjasafa saman við ásamt ísmolum. Berið fram í háum kokkteilglösum og skreytið með engifer og myntu.*








**Skemmtistaðurinn Dillon** við Laugaveg býður upp á tónleikadagskrá á Menningarnótt sjöunda árið í röð. Tónleikarnir standa yfir allan daginn og mun hljómsveitin Q4U, með söngkonuna Ellý í broddi fylkingar, reka smiðshöggið á þá rétt fyrir flugeldasýninguna klukkan 23.



Áslaug Óskarsdóttir dansari kennir dans um allan heim en kennir einn tíma í Laugum í kvöld klukkan 18.30. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kennir einn tíma á Íslandi

**Áslaug Óskarsdóttir dansari hefur unnið með mörgum frægum listamönnum og kennir dans um allan heim. Hún er búsett í Bandaríkjunum en kennir einn danstíma í Laugum í kvöld klukkan 18.30.**

Áslaug Óskarsdóttir eða Aushi, eins og hún er oftast kölluð í dansheiminum, ólst upp með íslenskum foreldrum sínum í Kaliforníu. „Ég var tíu ára þegar ég byrjaði að dansa en fór að gera það af alvöru fjórtán ára gömul," segir Áslaug sem flutti í framhaldinu til New York og stundaði nám við Alvin Ailey-dansskólann í nokkur ár. Í dag á hún dansstúdíóið Dance Fusion Company í San Francisco auk þess sem hún kennir í sumarskóla í New York. „Ég er yfir djassdeildinni í Socata eða School of Cinema and Performing Arts," segir Áslaug sem fær þangað nemendur frá öllum heimshornum, meira að segja frá Íslandi.

Áslaug stundar margar dansgreinar, frá djassi, samtímadansi og hipphopp til balletts og nútímadans. Hún segir enda mikla áherslu lagða á það í dansgeiranum, sérlega í New York, að dansarar hafi sem mesta reynslu úr öllum áttum. Þannig fari hip hop-dansarar í balletttíma og öfugt. „Ég held að þátturinn So You Think You Can Dance hafi aukið mjög hróður dansins og þar kemur vel fram þessi áhersla á fjölbreytileika," segir Áslaug en stúlka úr dansstúdíói hennar varð meðal tuttugu efstu í síðustu þáttaröð. „Það hefur orðið henni happadrjúgt því hún hefur fengið nóg að gera."

En er engin ein dansgrein í meira uppáhaldi en aðrar? „Jú, það er samtímadjass. Greinin er tölulega ný af nálinni og ekki fullmótuð og því pláss fyrir sköpun."

Áslaug hefur unnið með þekktum listamönnum á borð við Santana, Deboruh Cox og MC Hammer auk fyrirtækja eins og Pixar, Macy's, Bloomingdale's og Microsoft. Kennslan er þó hennar ástríða og hefur hún ferðast víða um heim. „Ég hef kennt í Kosta Ríka, Havaí, Mexíkó og Evrópu auk þess sem ég fer brátt til Dubaí." Nú er hún hins vegar í heimsókn á Íslandi ásamt eiginmanni sínum til eins árs. Áslaug mun kenna einn danstíma í Laugum í dag klukkan 18.30. „Þetta er opinn tími. Við munu hita upp og svo ætla ég að kenna nokkur spor," segir hún og vonast til að sjá sem flesta. *solveig@frettabladid.is*


SKÓMARKAÐUR

Mikið af fínum skóm í leikfimina

no1 - st. 28-35 verð kr. 3995.-

Opið virka daga 11-18
laugardag 11-16

www.xena.is

no2 - st. 41-46 verð kr. 6795.-

TILBOÐ
no3 - st. 36-41 verð kr. 2500.-

xena

Grensásvegur 8 og Nýbýlavegur 12 - Sími 517 2040

VERÐHRUN
60 - 80%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

FRÁBÆRT ÚRVAL
AF FATNAÐI
OG SKÓM.
STÆRÐIR 36-52

hjá Hafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Nýjar haustvörur



útsöluvörur 50-70% afsláttur
laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

Haustvörur komnar.
Útsölulok



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
10 ÁRA
FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 19. ágúst 2011




## HELGA LIND BJÖRGVINSDÓTTIR

### Vildi verða mamma ung

- Sýning á fötum Vigdísar Finnbogadóttur í Ellu
- Á rúmstokknum
- Sex and the City


FRÁBÆR TÖLVA Í SKÓLANN

Acer Aspire One 721-142Ki

- AMD Athlon II Neo K145
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- AMD Radeon HD 4225 skjákort
- 11,6" TFT WXGA LED
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

AÐEINS 1,4 KG

11.6"

Rafhlöðuhleðsla endist allt að 5,5 tíma

TILBOÐ

Kr. 87.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna
* menning og listir



**SUMARTVÍEYKI** Augnskugga-tvíeykin frá MAC koma í nokkrum ólíkum litum og eru fullkomin fyrir þær sem eiga erfitt með að para saman ólíka liti. Þessi litatvenna er fullkomin fyrir þennan síðasta mánuð sumars.

## meðmælin

### Menning í Mýrinni

Skemmtilegur listviðburður verður í Norræna húsinu á morgun frá klukkan 17.00 til 19.00. Þar munu nokkrir listamenn sýna vídeóverk, myndlist, ljósmyndir og tónlistargjörning. Söngkonan Rakel Mjöll og ljósmyndarinn Katrín Braga taka saman höndum í verkinu Raketa en þar blanda þær saman tónlist og vídeóverkum. Að auki verður sýning á myndum breska ljósmyndarans Charlie Strand sem áður hefur gefið út bókina Project Iceland. Menningin verður því í fyrirrúmi í Vatnsmýrinni á morgun.



### Rökkurró kveður

Hljómsveitin Rökkurró efnir til kveðjutónleika á Faktorý í kvöld þar sem hljómsveitin kemur fram ásamt hljómsveitunum Agent Fresco, Útidúr og Úlfur Úlfur. Ástæða tónleikanna er brottför söngkonunnar Hildar Kristínar Stefánsdóttur, sem mun stunda nám í Japan næsta árið. Tónleikarnir hefjast klukkan 23.00 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.



Flíkur Vigdísar Finnbogadóttur til sýnis á Menningarnótt:

# SMEKKLEG HEIMSKONA

Skemmtileg sýning með fatnaði Vigdísar Finnbogadóttur verður í versluninni ELLU á morgun. Flíkurnar eru frá forsetatíð Vigdísar og á sýningunni má finna margar dýrmætar flíkur sem margir muna án efa eftir.

Elínrós Líndal, eigandi ELLU, er mikil áhugamanneskja um tímabilsfatnað og kviknaði hugmyndin að sýningunni út frá þeim áhuga. „Okkur langaði einnig að taka þátt í Menningarnótt og gera eitthvað sem tengdist fatnaði og kvenleiðtogum og ákváðum að fara þessa leið. Ég fékk svo leyfi frá Vigdísi sjálfri til að fara í gegnum geymsluna hennar og velja þar úr alla fallegu kjólana sem ég mundi eftir frá því að ég var barn. Flíkurnar eru allar gullfallegar og eiga í raun allar heima á safni,“ útskýrir Elínrós en á meðal þess sem má sjá á sýningunni eru fötin sem Vigdís klæddist í sinni fyrstu opinberu heimsókn og kjóllinn sem hún klæddist við brúðkaup Karls Bretaprins og Díönu.

„Alls eru þetta um fimmtán flíkur sem verða til sýnis hjá okkur á morgun. Vigdís stundaði háskólanám í Frakklandi á sínum tíma og er augljóslega með mjög fágaðan smekk og mikil heimskona. Hún var að auki fyrsti kvenforsetinn í öllum heiminum og ítalska tískuhúsinu Valentino þótti mikill heiður að fá að hanna fatnað fyrir hana og hún klæddist gjarnan því merki,“ segir Elínrós.

Sýningin hefst klukkan 12.00 á morgun og stendur yfir til klukkan 17.00. - sm



**Merkileg sýning** Sýning á fatnaði Vigdísar Finnbogadóttur frá forsetatíð hennar verður í versluninni ELLU á morgun. Elínrós Líndal skipuleggur sýninguna og segir hana innihalda stórglæsilega kjóla Vigdísar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vertu flott á menningarnótt
Þú færð fötin hjá okkur
50-70% afsl. af öllum fatnaði.
30% afsl. af skarti.
Næg bílastæði fyrir ofan hús.
SOHO MARKET
SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17

Dr. Martens slær í gegn með nýja auglýsingu:

# Að eilífu Dr. Martens skór

Ný auglýsingaherferð skóframleiðandans Dr. Martens þykir sérstaklega vel heppnuð. Hún skartar fyrirsætunum Agyness Deyn og Ash Stymest í aðalhlutverkum.

Herferðin nefnist First and Forever og rifjar Deyn meðal annars upp sína fyrstu ástarsorg í hugljúfri sjónvarpsauglýsingu fyrir Dr. Martens. Auglýsingarnar hafa svolítið gamaldags yfirbragð og sá stílistinn Way Perry um að klæða fyrirsæturnar, sem sitja fyrir í gömlum bílum og skemmtisölum. Ljósmyndarinn Gavin Watson á heiðurinn að myndunum en hann er þekktur fyrir að mynda fólk úr mismunandi kimum bresks samfélags. Útkoman er flott og hefur sannarlega tilætluð áhrif því mann langar virkilega mikið í eitt par af Dr. Martens.



**Fyrsta hjartasorgin** Fyrirsætan Agyness Deyn situr fyrir í nýrri auglýsingaherferð Dr. Martens sem nefnist First and Forever. NORDICPHOTOS/GETTY

## augnablikið



**MYNDARLEGUR** Sænski leikarinn Alexander Skarsgård sást spóka sig um götur Lundúna í vikunni. Hann var vel til hafður og myndarlegur að venju. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME

# the PIER

**NÝ HÚSGÖGN**

**GLÆSILEG HÚSGÖGN**

## VIÐ GEFUM ÞÉR 80% AFSLÁTT*

**KEYPTU 4 VÖRUR - ÞÚ VELUR AFSLÁTTINN!**

Þú getur valið um 15, 20 eða 25% afslátt af fjórum vörum. Þú velur hvaða vörur þú kaupir með hvaða afslætti. Eina sem þú þarft að gera er að koma með afsláttarmiðana með þér þegar þú verslar og velja vöru fyrir hvern afslátt.

* gildir ekki sem viðbót á annan afslátt

---

**ÞESSI MIÐI VEITIR ÞÉR**

**25% AFSLÁTT** AF VÖRU AÐ EIGIN VALI

Aðeins er hægt að nota einn miða fyrir hverja vöru.
Miðarnir gilda frá 19. ágúst til 23. ágúst 2011.

---

**ÞESSI MIÐI VEITIR ÞÉR**

**20% AFSLÁTT** AF VÖRU AÐ EIGIN VALI

Aðeins er hægt að nota einn miða fyrir hverja vöru.
Miðarnir gilda frá 19. ágúst til 23. ágúst 2011.

---

**ÞESSI MIÐI VEITIR ÞÉR**

**20% AFSLÁTT** AF VÖRU AÐ EIGIN VALI

Aðeins er hægt að nota einn miða fyrir hverja vöru.
Miðarnir gilda frá 19. ágúst til 23. ágúst 2011.

---

**ÞESSI MIÐI VEITIR ÞÉR**

**15% AFSLÁTT** AF VÖRU AÐ EIGIN VALI

Aðeins er hægt að nota einn miða fyrir hverja vöru.
Miðarnir gilda frá 19. ágúst til 23. ágúst 2011.

---

**ÞÚ FINNUR OKKUR LÍKA Á FACEBOOK**

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

**NÚ TEKUR AÐ DIMMA**

**3 FYRIR 2 AF KERTUM**

# ÞOLIR EKKI ORÐIÐ WAG

**Helga Lind Björgvinsdóttir er fjögurra barna móðir, pilateskennari og fyrrverandi landsliðskona í fótbolta. Hún hefur flakkað um heiminn undanfarin ár en er nú komin heim og unir sátt við sitt.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndari:* Stefán Karlsson
*Förðun:* Harpa Káradóttir hjá MAC
*Fatnaður:* Júniform



**KRAFTMIKIL** Helga Lind Björgvinsdóttir hefur búið víða með fjölskyldu sinni. Nú er hún flutt heim og kennir pilates og hefur gaman af.

Helga Lind er fædd og uppalin á Akranesi og þótt hún hafi flakkað um heiminn síðustu ár segist hún bera sterkar taugar til heimabæjarins og þá sérstaklega til íþróttaliðsins ÍA. „Ég er Skagastúlka út í gegn. Ég er mikill ÍA-ingur en það versta er að maðurinn minn spilar fótbolta með Fylki og faðir eldri barna minna leikur með Fram og þetta skapar svolitla togstreitu inni á heimilinu," segir hún og hlær.

Helga Lind þótti sjálf nokkuð efnileg í fótbolta á sínum yngri árum og lék meðal annars með unglingalandsliði kvenna í þrjú ár. Hún lagði þó takkaskóna á hilluna eftir að hún flutti út til Englands ásamt þáverandi kærasta sínum. „Ég var á kafi í fótbolta alveg þar til ég flutti út átján ára gömul. Það var alls ekki erfitt að hætta því ég hafði á tímabili spilað með þremur flokkum á sama tíma og því orðin svolítið þreytt á boltanum. Ég hef ekki byrjað aftur en spila stundum með krökkunum og þegar ég bjó í Noregi var ég með „Old girls" liði, sem mér þótti mjög skemmtilegt."

## FULL AF ÆVINTÝRAÞRÁ

Helga Lind kynntist knattspyrnumanninum Arnari Gunnlaugssyni þegar hún var átján ára gömul og flutti með honum út til Englands ári síðar. Hún segir það ekki hafa verið mjög erfitt að kveðja heimaslóðirnar og halda út í hinn stóra heim því hún hafi verið ung full af ævintýraþrá. „Ég hef alltaf verið frekar sjálfstæð og fannst þess vegna ekkert mál að flytja út með Arnari. Maður var líka svo ástfanginn og fannst þetta allt voða spennandi," útskýrir hún.

„Ég hafði verið að þreifa fyrir mér sem fyrirsæta heima á Íslandi á vegum Eskimo og ætlaði að halda því áfram úti og sinna fjarnámi en ég varð fljótlega ólétt og þau plön urðu því að bíða betri tíma." Helga eignaðist soninn Alex árið 1999 og þremur árum síðar fæddist þeim hjónum dóttirin Ísabella.

Fjölskyldan flutti heim árið 2003 og ákváðu Helga og Arnar að fara út í verslunarrekstur ásamt Bjarka, tvíburabróður Arnars, unnustu hans og Sölva Magnússyni. Helga Lind vann þá um hríð sem sölumaður í verslunni, sem fékk nafnið Retro. Árið 2004 ákváðu Helga Lind og Arnar að skilja að skiptum en að hennar sögn eru þau enn miklir vinir og ala börnin upp í sameiningu.

## TÍÐIR FLUTNINGAR ERFIÐIR

Helga er nú gift fótboltamanninum Gylfa Einarssyni og eiga þau saman tvíburana Köru Lind og Einar Orra. Þegar hún er spurð hvort hún heillist sérstaklega af fótboltaköppum skellir hún upp úr og segir: „Ég var nú búin að tilkynna það að ég ætlaði ekki að vera með öðrum fótboltamanni en ég var varla búin að sleppa orðinu og snúa mér við þegar ég gekk í fangið á Gylfa. Ég held ég heillist ekkert sérstaklega af fótboltamönnum heldur sterkum karakterum með mikla útgeislun, kannski hafa fótboltamenn þá kosti að geyma," segir hún brosandi.

Parið flutti til Leeds árið 2006 þar sem Gylfi lék sem atvinnumaður hjá fótboltaliðinu Leeds United og tveimur árum síðar flutti fjölskyldan til Bergen. Helga viðurkennir að hinir tíðu flutningar sem fylgi atvinnumennskunni geti verið erfiðir en að þeim fylgi þó einnig kostir.

„Þetta er erfitt þegar maður er kominn með börn á skólaaldri því það er erfitt að rífa þau upp en þess utan er þetta mikið ævintýri og börnin kynnast nýrri menningu og tungumáli og það hefur gert þeim gott. Við höfum líka verið mjög heppin hvað þau eru fljót að aðlagast breyttum aðstæðum."

## UNG MÓÐIR

Þrátt fyrir ungan aldur á Helga Lind fjögur börn en það fyrsta átti hún aðeins nítján ára gömul. Hún segist þó alltaf hafa verið viss um að hún yrði móðir ung að árum. „Ég á þrjú systkini og var tíu ára gömul þegar það yngsta fæddist. Ég var mjög dugleg að passa þau og leið alltaf svolítið eins og mömmu númer tvö og var alveg viss um að ég vildi verða mamma nokkuð ung."

Helga Lind viðurkennir að það hafi verið ys og þys á heimilinu fyrst eftir fæðingu tvíburanna og því hafi þau hjónin notið aðstoðar au pair fyrsta árið. „Við Gylfi ætluðum alltaf að eignast tvö börn en fengum þau óvænt á einu bretti. Ég var pínu smeyk fyrst að verða móðir tvíbura en ég held að það sé ekki meira á mann lagt en maður þolir. Ég fæddi tvíburana á þrítugustu viku og þeir voru því á spítala fyrstu fimm vikurnar eftir fæðingu og það var mjög strembinn tími. En svo hefur þetta gengið mjög vel og tvíburarnir eru góðir vinir og duglegir að hafa ofan af fyrir hvort öðru."

## FYRIRSÆTUSTARFIÐ HENTAÐI EKKI

Eins og áður hefur komið fram dvaldi Helga Lind í mánuð á Indlandi árið 2005 og vann sem fyrirsæta á vegum umboðsskrifstofunnar Eskimo. Hún segir dvölina hafa verið mikla upplifun en að fyrirsætustarfið hafi ekki hentað henni. „Mér finnst gaman að taka fyrirsætuverkefni að mér annað slagið og ég hef kynnst fullt af skemmtilegu fólki í hinum ýmsu verkefnum en ég gæti ekki lagt þetta starf fyrir mig. Þessi bransi er svolítið grunnhygginn og ég þreifst ekki innan hans. Þótt starfið virki glæsilegt er það ekki alltaf raunin."

Tilboðið bar nokkuð skyndilega að og fékk Helga aðeins tvær vikur til að ákveða hvort hún vildi halda utan til Indlands. Þetta var stuttu eftir skilnað hennar og Arnars og ákvað hún í sameiningu við hann að taka tilboðinu á meðan börnin dveldu hjá honum. „Mér fannst ég þurfa að skipta aðeins um umhverfi og fá frið til að vinna úr tilfinningum mínum. Mér fannst samt tilhugsunin um að vera í heilan mánuð frá börnunum mjög erfið og kveið því mest af öllu. Mig grunaði samt aldrei að það yrði jafn erfitt og raun bar vitni en ég ákvað samt að þrauka út mánuðinn og klára það sem ég hafði byrjað á. Þetta var samt mikill skóli og það er svakalegt að upplifa þessa miklu fátækt sem þarna ríkir og eftir heimsóknina lærir maður að vera þakklátur fyrir allt það sem maður hefur."

*Mér fannst ég þurfa að skipta um umhverfi og fá frið til að vinna úr tilfinningum mínum.*





## EKKI WAG

Skammstöfunin „WAG“ er mikið notað í breskum fjölmiðlum yfir eiginkonur og unnustur fótboltamanna sem eyða dögum sínum í hádegismat og verslunarleiðangra. Spurð hvort slíkar týpur finnist einnig á Íslandi svarar Helga Lind því neitandi. „Mér finnst þetta svo hræðilegt orð! Þessar týpur finnast helst í Bretlandi þar sem eiginkonurnar eyða deginum í að kaupa merkjaflíkur til þess að klæðast á leikjum. Sumar mættu aldrei í sama dressinu tvisvar og fyrir mig, Skagastelpuna sem mætti í flíspeysu í skólann, var mjög sérstakt að koma inn í þennan heim. En þetta er alls ekki svona í Noregi eða hér á Íslandi.“

## A-MANNESKJA ÚT Í GEGN

Helga Lind starfar nú sem pilateskennari hjá Hreyfingu og segir þá íþrótt hafa nú tekið við af fótboltanum. Hún kennir bæði á morgnana og á kvöldin og segist ekki eiga erfitt með að vakna í morguntímana. „Það er alls ekki erfitt,“ segir hún brosandi. „Mér finnst erfiðara að koma mér í gang ef ég sef of lengi og vakna eftir klukkan níu. Ætli ég sé ekki þessi A-týpa.“

Hún segist ánægð í starfi sínu en útilokar ekki að hún muni í framtíðinni bæta við sig menntun og breyta til. „Ég hef alveg fundið mig í Pilates-kennslunni en ég held að maður þurfi að passa sig að staðna aldrei heldur halda sér á tánum og prófa nýja hluti. En ég er alsæl í Hreyfingu, þar sem mér hefur verið tekið opnum örmum. Það er ekki amalegt að vakna á hverjum morgni og hlakka til að fara í vinnuna,“ segir hún brosandi að lokum.

## myndaalbúmið



Þessi mynd er af 3. flokki kvenna ÍA. Við vorum að hampa Íslandsmeistaratitli, ég er pían með tvo býfluguhnúta í hárinu.



Bræðurnir Alex Bergmann og Einar Orri á góðri stundu.



Alltaf stutt í brosið hjá Köru Lind.



Ísabella að knúsa Einar Orra í Kjarnaskógi um nýliðna verslunarmannahelgi.


MEZINA

ROSEBERRY

Nýtt og áhrifaríkt efni fyrir þvagfærin

Öflugt þrívirkt fæðubótarefni sem slegið hefur í gegn á Norðurlöndunum

ROSEBERRY inniheldur þykkni úr trönuberjum ásamt hibiscus og C-vítamíni. Þessi þrívirka blanda hefur reynst vel við þvagfæravandamálum.

2-3 töflur á dag fyrir svefn

20%

KYNNINGARAFSLÁTTUR
til 31. ágúst nk.






Ranka ráðagóða

Til þess að halda sér frá þvagfæravandamálum er m.a. gott að drekka nóg af vatni, hreyfa sig reglulega, þrífa sig vel eftir klósettferðir og eftir samlíf.



Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.

Fæst í apótekum heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



FÖRÐUNARSKÓLINN

STOFNAÐUR 1997

## Fjölbreytt förðunarnám!

- 14 vikna námskeið hefst 5. september.
- Kennt er mánudaga til fimmtudaga. Hægt er að velja um morgunhóp eða kvöldhóp.
- Nemendur útskrifast með diploma sem förðunarfræðingar.
- Nemendur fá förðunartösku með vörum frá NNCosmetics.
- Kennararnir hafa áralanga reynslu í faginu.
- Kennd er tísku- ljósmynda- leikhús- og líkamsförðun og airbrush.
- Spennandi gestakennarar og þátttaka í ýmsum verkefnum.

**Verkefni sem nemendur tóku þátt í síðasta vetur:**

- Buddy Holly.
- Frostrósir.
- Forvarnarauglýsing.
- Forsíða fyrir Vikuna.
- Förðun fyrir L'Oréal hárgreiðslumeistara.

SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI

HJALLABREKKU 1 · 200 KÓPAVOGUR
WWW.SNYRTIAKADEMIAN.IS · SKOLI@SNYRTIAKADEMIAN.IS
SÍMI 553-7900











PROFESSIONAILS

HAND AND BODY CARE PRODUCTS




Naglaskóli Professionails er alþjóðlegur naglaskóli sem útskrifar nemendur með Diploma sem gildir víða um heim.

**Innritun er allan ársins hring.**

Nemendur stunda námið á þeim hraða sem hentar hverjum og einum, en miðað er við námslok innan 12 mánaða.

**Kennt er á miðvikudögum kl. 18 - 22**

Nemendur fá tösku með naglaslípivél og lampa ásamt veglegum vörupakka.
Kennararnir hafa áralanga reynslu í faginu og kennsluréttindi frá Professionails í Belgíu.

Hjólur ehf
Hjallabrekku 1
**www.snyrtiakademian.is**
Sími 588 8300
Naglaskóli Professionails á Íslandi á Facebook


Forsaga Sex and the City í bígerð:

# Leita að hinni ungu Carrie



**Elizabeth Olsen** er orðuð við hlutverk hinnar ungu Carrie Bradshaw. NORDICPHOTOS/GETTY

Líkur eru á að þriðja kvikmyndin um vinkonurnar Carrie, Samönthu, Charlotte og Miröndu verði gerð innan skamms. Myndin verður forsaga þáttanna og þar kynnist áhorfandinn ungri Carrie, sem er þá nýflutt til New York.

Daily Mail segir frá því að nokkrar ungar og efnilegar leikkonur séu orðaðar við hlutverk í kvikmyndinni en sitt sýnist hverjum um valið. Gossip Girl-stjarnan Blake Lively er sögð eiga að leika Samönthu Jones og söngkonan Selena Gomez hefur verið orðuð við hlutverk Charlotte York. Emma Roberts, bróðurdóttir Juliu Roberts, er möguleg Miranda Hobbs og hlutverk hinnar ungu Carrie gæti Elizabeth Olsen hreppt, en sú er yngri systir Olsen-tvíburanna. Það verður forvitnilegt fyrir aðdáendur þáttanna að fylgjast með framvindu mála, enda standa framleiðendur kvikmyndarinnar frammi fyrir ærnu verkefni.



**Blake Lively** gæti leikið Samönthu Jones.

## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Vanaföst kynlífsiðkun

**?** Hæ Sigga Dögg. Mig langar að vita hvort þú lumir á einhverjum ráðum um hvernig megi krydda upp á kynlífið með makanum. Það er komið í fastar skorður hjá okkur hjónunum og á sér oftast stað á kvöldin þegar við erum komin undir sæng. Við erum bæði ung og leiðinlegt að þetta skuli vera komið í þetta hjólfar.

**Svar:** Þú segir að kynlífið eigi sér oftast stað á kvöldin og ég ætla að álykta sem svo að það finnist þér galli. Ef þér finnst verra að stunda kynlíf á kvöldin þá gætuð þið komið ykkur saman um annan tíma sem væri í senn spennandi og myndi henta báðum betur. Staðreyndin er sú að oftar en ekki fer kynlíf í langtímasambandi í einhvers konar vana eða rútínu. Það má líta á það sem leiðinlegt eða eðlilega þróun á því þegar tveir einstaklingar reyna að skipuleggja tíma sinn saman. Þetta er einnig spurning um hvernig maka þínum finnist kynlífið ykkar vera. Hér reynir á samskiptin og lausnin felst ekki endilega í titrandi baðönd eða blárri mynd. Ef þið eruð bæði sammála um að ykkur langi til að fá nýjar hugmyndir má finna ágætar kynlífstæknibækur á næsta bókasafni. Fyrst þurfið þið að tala hreinskilnislega saman, því samskipti og skilningur á afstöðu hins aðilans er lykilatriði.

**?** Hæ Sigga. Ég á kærasta og við erum búin að hittast í nokkra mánuði. Núna vill hann fá að sofa hjá mér í endaþarm og ég er hrædd um að það sé vont. Mér finnst leiðinlegt að hann sé alltaf að spyrja mig um þetta því ég vil þetta ekki. Ég þori ekki að tala um þetta við vinkonur mínar því ég er hrædd um að þeim finnist ég skrítin eða kærastinn leiðinlegur við mig.



**Svar:** Spurning þín er mjög algeng og áhyggjur þínar réttmætar. Þú segist ekki vilja prófa þetta og það er þinn réttur og hann ber að virða það. Þú getur prófað að snúa dæminu við, ég segi gjarnan að eitt skuli yfir báða ganga. Endaþarmurinn er mikill örvunarstaður hjá karlmönnum og mæli ég með að þú leggir til að þið prófið fyrst gælur við hans endaþarm, svo framarlega sem þú sért til í að prófa það. Hann gæti þá öðlast skilning á því hversu varlega þarf að fara með þetta svæði og jafnvel uppgötvað nýjan unaðsstað á sjálfum sér. Ef þú ert opin fyrir því að prófa þetta þá er best að byrja smátt og þá á örvun endaþarmsins með fingri. Lykillinn er að vera afslappaður og með nóg af sleipiefni, ef þetta er sárt þá á að hætta eða taka pásu. Ekki nota deyfilyf eða deyfikrem, og smokkanotkun er mikilvæg. Það þarf að passa að gæta fyllsta hreinlætis og fara ekki úr endaþarmi yfir í leggöng því það getur valdið sýkingu. Svo má ekki gleyma því að þetta er kannski ekki kynlíf sem hentar þér og þú ert alls ekkert síðri kynlífsfélagi fyrir vikið.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
*Netfangið er kynlif@frettabladid.is*




Opið á Menningarnótt til 21.00

Laugavegur 55, sími 551-1040 • Opið mán.–fös. kl. 10-18 • lau. 20. ágúst kl. 10–21 • sun. 21. ágúst 12–16
**Rýmum til fyrir nýjum vörum. Sendum í póstkröfu um allt land.**
***Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er á Laugaveginum við hliðina á Bónus.***

Smart Boutique



## YFIRHEYRSLAN

**Katrín Þóra Bragadóttir ljósmyndari.**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Háir hælar. Ég geng mjög sjaldan í flatbotna skóm og þá helst bara á veturna.

**Ómissandi í snyrtibuddunni:** Rauður varalitur. Hann er alveg ómissandi og ég get varla verið án hans. Hann gerir mann alltaf flottari og passar nánast við öll föt.

**Uppáhaldsliturinn:** Ég er ekki mjög litaglöð manneskja og held mig alltaf við það klassíska, svart og hvítt. En ég er mjög hrifin af djúpum og fallegum haustlitum eins og til dæmis dökkrauðum og dökkgrænum.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Nýjustu kaupin er guðdómlegur dökkgrænn blúndukjóll úr Rokki og rósum. Hann smellpassaði á mig og er alveg einstakur.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Mig dreymir um Vintage Chanel dragt. Væri líka til í gráan eða litaðan feld úr haustlínu Gucci 2011.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Thunder Road með Bruce Springsteen kemur mér alltaf í gott skap. Hann klikkar ekki.



**Uppáhaldshönnuðurinn:** Karl Lagerfeld er uppáhalds. Og fyrir utan það að vera æðislegur hönnuður er hann einnig frábær ljósmyndari.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Góður kaffibolli er það besta sem ég fæ og heldur mér gangandi í gegnum daginn.









## Húsbílar



Fiat Carado 348 árgerð 2011 Svefnpláss fyrir 6 manns. 2.3ltr disel 128 hestöfl. 6 gírar. Framdrif. Stór ísskápur, stöðuleikatjakkar ofl. Gott verð og greiðsluskilmálar. Upplýsingar gefa sölumenn Ellingen 580-8500 www.ellingsen.is

## Fjórhjól



Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Kerrur



**Notaðar vinnulyftur**
Notaðar vinnulyftur til sölu, verð frá kr. 650.000+VSK Upplýsingar á www.lyfta.is og í síma 421 4037.



750kg. sturtanleg kerra. Stærð 2,05x1,10mtr. Verð aðeins kr.165.000 Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos s.894 5111 Opið 13-16.30



Þýskar gæðakerrur frá HUMBAUR, verð frá 155.000 kr. fyrir 750 kg. kerru á 13" dekkjum. www.topplausnir.is Smiðjuvegi 40 Kópavogi, gul gata, s: 517 7718

## Hjólhýsi



Knaus 450 árg. 2001 með því öllu helsta mjög vel með farið. ATH skipti á ódýrari bíl. Stgr.1.690 þús. s. 847 7663.

## Fellihýsi

Víking fellihýsi 9fet árg '98. Fortjald, svefntjöld, miðstöð og ískápur. Mjög vel með farið. Verð 660.000 kr Uppl. s. 847-5017

## Flug

Til sölu hlutur í flugklúbbnum Þyt. Upplýsingar um klúbbinn á thytur.com Gunnar S 822 5370

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is







Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Á til varahl. í Skoda, Hyundai, Ford Focus, Ranger, Fiesta fucion. VW T5. Uppl. í síma 894 0068.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa Peugeot '02, Caddy '00-'07, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 bensín og dísel. Kia carnival '01, Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14,**
**S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Tilkynningar

**WALDORFSKÓLINN SÓLSTAFIR HEFUR FLUTT STARFSEMI SÍNA Í SÓLTÚN 6.**
**Hægt er að sækja um skólavist í síma 5771110**

Waldorfskólinn er sjálfstæður grunnskóli sem hefur að leiðarljósi uppeldis og kennslufræði Rudolfs Steiner, þar sem sköpunarkraftur einstaklingsins, listræn framsetning og úrvinnsla námsefnis og heilbrigt félagslegt umhverfi eru sett í forgrunn.

Waldorfskólinn Sólstafir.
Sóltúni 6. 105 Rvík.
Nánari upplýsingar í síma skólans: 5771110

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

**Topp ávöxtun**
Óska eftir láni til mjög skamms tíma. Örugg ávöxtun, en engar tryggingar. Tilboð sendis á thjonusta@365.is Merkt „strax"

## Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum. Góð verð í boði. S. 821 1737.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
**Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Tölvur




Notaður tölvubúnaður Eigum á lager notaðan tölvubúnað frá Dell og HP. Allur búnaður yfirfarinn á verkstæði okkar og seldur með 6 mánaða ábyrgð Kynntu þér málið á www.nyx.is NyX ehf tölvuþjónusta s: 555-2244

## Nudd

PERFECT MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS!!! 659 62 69

Magic Hands, whole body massage. S. 849 5247.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:6618272 eða 6930348

## Spádómar




## Múrarar

Getum bætt við okkur verkefnum í múr og trésmíði. Plús Verk sími 847 6391

## Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

# KEYPT & SELT

## Útilegudót

Frábær í ferðalagið hvert sem er hvenær sem er skoðið www.hobbystore.is

## Til sölu




**Kósýkvöld í rökkrinu**
Saltkristalslampar, selenite lampar, náttúruleg ilmkerti. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18 Verið velkomin! ditto.is

**Sumarhúsalönd**
Tvær skógi vaxnar sumarhúsalóðir til sölu í landi Munaðarnes Borgarfyrði. Uppl.í s 842 2001

Notaðir vörurekkar til sölu á góðu verði. Uppl í s. 898 0860, Magnús.

Stórkostleg leiktæki! skoðið nánar www.hobbystore.is

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar þvottavélar. Opið alla daga. Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




## Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503 eða 845-8588.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða**
**s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

The Academy of Colour and Style

**Viltu verða stílisti?**
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistanámi. Nánari upplýsingar í síma 533-5101. www.utlit.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

2 divanbeddar 30þús, Ikea gestarúm 4þús uppl.s:5604214

Til sölu dökkgrár sófi. Tauáklæði sem þolir þvott. Verð 25.000. Sími: 568 5102.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**

## Ýmislegt



Ofnar 60x60 x2 og 120x60 x2 Kranar og festingar fylgja allir. Einungis verið fröstlögur á þeim. V. 50 þ kr. s. 897 3379

Innbú til sölu. Húsgöng, sjónvörp, bækur, myndir, búáhöld ofl. Opið hús Sunnudaginn 21. Ágúst kl. 13-18. Laugarnesvegur 89 Íbúð 105.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

Falleg 3ja herb. sérhæð með sérinngangi í 104. 125þús á mán. smu@islandia.is

Til leigu herbergi í neðra breiðholtinu m. aðg. að snyrtingu, eldhúsi og þvottahúsi. Uppl. s: 616 9833

Gistiheimili-Guesthouse Umsjónarmaður/kona óskast. Caretaker wanted. Frítt húsnæði. Free room. http://job.reykjavikhotels.org

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

240 fm raðhús til leigu í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 693 0422

Snyrtileg 2ja herb.íbúð í kjallara með sér inngangi. 125.000 á mán. skvogur@gmail.com

**Langtímaleiga**
Er með 3 íbúðir til leigu, Tvær 3ja herb. og Eina 2ja herb. Allar íbúðirnar verða nýmálaðar og nýyfirfarnar. Í leiguverði er allt innifalið, nema rafmagn innan íbúðar. Aðeins þeir sem geta reitt fram það sem samsvarar 3 leigumánuðum í tryggingu og einn mánuð í leigu koma til greina. Frekari uppl. s. 869 2938 arnihrafn@gmail.com Húslykillinn ehf.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3herbergja íbúð á leigu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er. Uppl. Í síma 6954999

25 ára kona í háskólanámi óskar eftir húsnæði til leigu í Reykjavík eða Kópavogi, greiðslugeta leigu er 100 þús. kr á mánuði. Ég er reyklaus, ábyrg og reglusöm, heiti skilvísum leigugreiðslum og góðri umgengni. Íris, irp1@h.is

Par með 10 ára gamalt barn óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu á Seltjarnarnesi eða í Vesturbæ. Skilvísar greiðslur, reglusöm, reyklaus. Uppl. s. 860 0262.

## Sumarbústaðir

Óska eftir sumarbústaðalóð í skiptum fyrir bifreið. uppl. í s. 860 1318

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

The Laundromat Cafe

**The Laundromat Cafe**
**Laundromat Café óskar eftir matreiðslumönnum eða fólki með reynslu í eldhúsi, unnið er á vöktum 2-2-3, góð laun í boði fyrir réttu aðilina. Vinsamlegast sendið ferilskrá með mynd á laundromatchef@gmail.com**

Árrisull og duglegur starfsmaður óskast á kaffistofuna Grái kötturinn á Hverfisgötunni. 100% starf. Unnið virka daga og aðra hverja helgi. Vinnutími 7:15 - 14:45. Áhugasamir vinsamlegast sendið inn upplýsingar á netfangið g.kotturinn@gmail.com

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar / Garðabæ**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum og Garðabæ. Vinnutími önnur vika fyrir hádegi og hin eftir hádegi og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Framtíðarstarf. Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

JOLLI

**Starfsfólk óskast**
Söluturninn Jolli í Hafnarfirði leitar að starfsmönnum bæði í fullt starf og hlutastarf. Aðeins reglusamir og samviskusamir starfsmenn koma til greina. Umsóknareyðublöð fást á staðnum.

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óskar eftir vaktstjóra í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri og íslenskumælandi. Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

115 SECURITY

115 Security óskar eftir öflugu starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf og áfyllingar. Skilyrði: góð þjónustulund, hreint sakavottorð og góð Íslensku kunnátta. Lágmarksaldur 20 ár. 115 Security. Askalind 2, 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

ORMSSON

**Meirapróf - lagervinna**
**Óskum eftir að ráða starfamann með meirapróf í vinnu á innréttingalager og við vörudreifingu. Um er að ræða fullt starf. Starfið er laust nú þegar. Óskum eftir vandvirkum og samviskusömum einstaklingi, sem getur unnið sjálfstætt. Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Umsóknum má skila á vefpósti á andres@ormsson. is eða á skrifstofu Bræðranna Ormsson, Síðumúla 9, 108 Reykjavík. Umsóknarfrestur til loka mánudags 22.8. n.k.**

Vietnam Restaurant auglýsir eftir lærðum matreiðslumanni í fullt starf til að elda Vietnamskan mat . Vinsaml. hafið samb.við netfang: quang@vy.is

Óska eftir beitningarfólki á Bakkafjörð. upplýsingar í síma 899 8741

Gistiheimili-Guesthouse Umsjónarmaður/kona óskast. Caretaker wanted. Frítt húsnæði. Free room. http://job.reykjavikhotels.org

Kofi Tómasar Frænda óskar eftir barþjónum í hlutastarf um helgar, upplýsingar á Laugarvegi 2

Þvottahúsið Fjöður óskar eftir starfskrafti við pressun og frágang. 100% starf í boði. Þarf að geta hefið störf fljótlega. Uppl. gefur Baldur í síma 846 4611 eða á fjodur@fjodur.is

**Við viljum bæta við duglegum og jákvæðum pizzabakara og aðstoðarmanni í eldhús.**
Góður vinnustaður. Rótgróin rekstur. Fullt starf, unnið á vöktum. Lágmarksaldur er 18 ár. Áhugasamir sendi umsókn á info@kringlukrain.is ásamt ferilskrá.

ÍSBÚÐ óskar eftir starfskrafti skilyrði> reynsla,snyrtimennska og þjónustulund, og reykleysi. Uppl. s. 895 0985 og á staðnum.

**Starfsfólk óskast**
Óskum eftir starfsfólki í nýtt og spennandi kaffihús í miðborg Reykjavíkur. Góð þjónustulund og góð Íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg. Um vaktavinnu er að ræða. Lágmarksaldur 22 ár. Áhugi á náttúru Íslands er kostur. Umsóknir berist á netfangið info@volcanohouse.is

Vélstjóra vantar frá næstu mánaðarmótum á Gullhólma SH201 sem gerður er út frá Stykkishólmi til línuveiða. Vélarstærð 750 kw. Uppl. í s. 892 7171.

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 893 1193 & 773 3933.

## Atvinna óskast

Vörubílsstjóri með lyftarapróf með reynslu óskar eftir vinnu. Getur hafið störf strax. Uppl. í s. 663 1468

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

### Nauðungarsala til slita á sameign

Uppboð til slita á sameign mun byrja á skrifstofu Héraðsdóms Norðurlands eystra Hafnarstræti 107, 600 Akureyri, miðvikudaginn 24. ágúst 2011, kl. 15:00 á eftirfarandi eign:

Gránugata 5, fnr. 215-2198, Akureyri, þingl. eig. Ólafur Þór Magnússon, gerðarbeiðandi Laufvangur ehf.

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
**18. ágúst 2011**

## Fasteignir




## Tilkynningar

Þingeyjarsveit

### Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 – óveruleg breyting Efnistökusvæði á Ljósvatnsmelum

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti óverulega breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 þann 28. júlí sl. varðandi efnistökusvæði á Ljósvatnsmelum í samræmi við 36. gr. 2. mgr. Skipulagslaga 123/2010. Fram hefur farið grenndarkynning og landeigendur sem eiga hagsmuna að gæta lýsti sig samþykkta umræddri breytingu. Umhverfisstofnun hefur gefið jákvæða umsögn um breytinguna. Tillögu að breytingunni er finna á heimasíðu sveitarfélagsins: www.thingeyjarsveit.is.

Laugum 18. ágúst 2011
Tryggvi Harðarson
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar

## Fundir / Mannfagnaður

Byggðastofnun

### Ársfundur Byggðastofnunar 2011 verður haldinn mánudaginn 22. ágúst nk. á Kaffi Krók, Sauðárkróki og hefst kl. 13:00.

**Dagskráin verður sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| Kl. 13:00 | Setning fundarins, Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður stjórnar Byggðastofnunar. |
| Kl. 13:0 | Ávarp iðnaðarráðherra, Katrínar Júlíusdóttur. |
| Kl. 13:20 | Anna Kristín Gunnarsdóttir, ræða formanns stjórnar Byggðastofnunar. |
| Kl. 13:35 | Aðalsteinn Þorsteinsson, skýrsla forstjóra Byggðastofnunar. |
| Kl. 13:50 | Afhending „Landstólpans" samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar. |
| Kl. 14:00 | Framtíðarfyrirkomulag á lánastarfsemi Byggðastofnunar – Gunnar Svavarsson kynnir skýrslu nefndar. |
| Kl. 14:15 | Sýnishorn verkefna í vinnslu á þróunarsviði: Byggðarlög sem glíma við fólksfækkun – Sigríður Þorgrímsdóttir. Sóknaráætlanir landshluta, setning matskvarða - Árni Ragnarsson. |
| Kl. 15:00 | Umræður og fyrirspurnir |
| Kl. 15:30 | Fundarlok |

Vinsamlega tilkynnið þátttöku með tölvupósti til lovisa@byggdastofnun. is eða í síma 455 5400 eigi síðar en 21. ágúst n.k.

Fundurinn er öllum opinn.

# Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Samfélagsmál



Tryggvi Friðjónsson
framkvæmdastjóri hjá Sjálfsbjörg

Um nokkurra missera skeið hefur verið unnið að undirbúningi Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar (ÞS). Um er að ræða samstarfsverkefni Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og Sjálfsbjargarheimilisins í samvinnu við velferðarráðuneytið. Markmið með verkefninu er veita hreyfihömluðu fólki upplýsingar um allt sem viðkemur réttindum þess og þjónustuframboði á einum stað. Einnig mun miðstöðin standa fyrir fræðslustarfsemi og námskeiðahaldi.

Í dag þarf hreyfihamlað fólk að sækja upplýsingar til ýmissa stofnana, fyrirtækja og samtaka sem getur reynst bæði tímafrekt og slítandi. Þjónusta og upplýsingagjöf eru oft á tíðum á sömu hendi og hlutleysi upplýsinga því etv. ekki tryggt. Verðmæti þjónustu ÞS felast í fjárhags- og tímasparnaði fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild. Lögð hefur verið mikil vinna bæði í þarfagreiningu og gerð framkvæmdaáætlunar, sem tryggja á góðan grunn fyrir rekstur ÞS. Auk þess hefur markviss kynning á miðstöðinni þegar hafist með viðtölum við fjölda fólks, bæði tilvonandi samstarfsaðila og notendur þjónustunnar. Einnig fór kynning á fyrirhugaðri miðstöð fram á sérstökum fundum sem Öryrkjabandalag Íslands stóð fyrir sl. vetur víðs vegar um landið.

Í störfum miðstöðvarinnar verður gengið út frá norræna tengslalíkaninu en þar er lögð áhersla á tengsl og samskipti milli einstaklings og samfélags; þ.e. hinn fatlaði einstaklingur á ekki einhliða að þurfa að laga sig að umhverfinu heldur verður umhverfið að laga sig að hans þörfum. Lögð verður áhersla á sjálfstætt líf fatlaðra en í því felst m.a. að barist er fyrir jöfnum tækifærum, sjálfsákvörðunarrétti og sjálfsvirðingu. Hugmyndafræðin felur í sér að allar manneskjur, óháð eðli og alvarleika skerðingar, eiga rétt á þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra. Auk þess felur hugmyndafræðin í sér kröfu um val og stjórn í daglegu lífi. Valdefling verður eitt af grunnstefunum í verkefnum miðstöðvarinnar. Valdefling í þjónustu við fatlað fólk snýst um lífsgæði, mannréttindi og borgaraleg réttindi. Auk þess felur hugtakið í sér grundvallarbreytingar á viðhorfum og uppbyggingu á þjónustu fyrir fatlað fólk. Bent hefur verið á að einn þáttur í valdeflingu fatlaðs fólks sé mikilvægi þess að það hafi greiðan aðgang að upplýsingum og ráðgjöf sem auðveldi val og geri því kleift að taka ákvarðanir.

> Góðvildarsýnin hefur einnig lengi ráðið ríkjum í málefnum fatlaðs fólks og hafa hagsmunasamtök þessara hópa jafnvel gerst sek um að ýta undir vorkunnsemi.

Lengi hefur sú hugsun verið ríkjandi, jafnvel meðal veitenda þjónustu, að fatlað fólk eigi að vera þakklátt fyrir að fá þá þjónustu sem að því er rétt. Auk þess að eðlilegt sé að fatlað fólk sé í láglaunastörfum ef það er á annað borð svo „heppið“ að fá vinnu. Góðvildarsýnin hefur einnig lengi ráðið ríkjum í málefnum fatlaðs fólks og hafa hagsmunasamtök þessara hópa jafnvel gerst sek um að ýta undir vorkunnsemi. Slík vorkunnsemi tengist hugsanlega læknisfræðilegri sýn á fötlun þar sem einstaklingurinn er skilgreindur sem sjúkur og því minnimáttar. Enn ber á fordómum í þjóðfélaginu gagnvart hreyfihömluðum. Með uppbyggingu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar verður stigið mikilvægt skref í að uppræta þá.

Með fyrrnefndri félagslegri nálgun sem verið hefur að ryðja sér til rúms undanfarin ár og starf ÞS mun grundvallast á, fylgir valdefling fyrir einstaklinginn, þ.e. að hann skilgreini sjálfur líf sitt, langanir, aðstæður og þarfir. Notendastýrð persónuleg aðstoð sem byggir á því að einstaklingurinn stýri sjálfur þeirri aðstoð sem hann þarf á að halda tengist valdeflingunni beint. Fatlað fólk vill ekki forréttindi og góðgerðastimpil heldur að geta staðið til jafns við aðra eins og lögð er áhersla á í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að ÞS fylgi þessari hugmyndafræði eftir í öllu sínu starfi.

Ætla má að starfsemi miðstöðvarinnar, og þá ekki hvað síst jafningjastuðningur og stuðningur við aðstandendur, geti sparað stórar fjárhæðir í velferðarkerfinu með eflingu einstaklingsins og fjölskyldu hans. Þannig má hugsa sér að einstaklingurinn geti orðið virkari í samfélaginu, tekið þátt í atvinnulífinu og dregið sé úr andlegri vanlíðan hans. Aukin lífsgæði einstaklings og bætt andleg líðan getur leitt til lægri sjúkrahúss- og lyfjakostnaðar ríkisins.

Sjálfsbjörg hefur kynnt verkefnið fyrir velferðarráðherra og ráðuneyti hans sem hefur tekið vel í þessar hugmyndir. Hjá Sjálfsbjörg eru miklar væntingar til þessa nýja verkefnis og er það von okkar m.a. með jákvæðum stuðningi yfirvalda að okkur auðnist að eiga þátt í að varða leið fólks með hreyfihömlun og vonandi annarra síðar meir til sjálfstæðs lífs.

Áætlað er að Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar opni með formlegum hætti fyrrihluta næsta árs. Frekari upplýsingar um miðstöðina er að finna á heimasíðu Sjálfsbjargar lsf., sjalfsbjorg.is. Þar má einnig sjá heimildaskrá, en stuðst er við nokkrar heimildir þaðan í þessari grein.

# Ríkið rann í gegn

Skipulagsmál



Ólafur Jónsson
bæjarfulltrúi D-lista

Þannig hljóðaði fyrirsögn við frétt í Vikudegi þegar þar var greint frá niðurstöðu atkvæðagreiðslu í bæjarstjórn Akureyrar 21. júní sl. varðandi breytingu á deiliskipulagi við Hólabraut og Laxagötu til þess að auðvelda Ríkinu (ÁTVR) að stækka við verslun sína á Akureyri, þá einu í bænum. Rétt er að tillagan var samþykkt í bæjarstjórn, en einungis af 6 fulltrúum L-listans, en fjórir bæjarfulltrúar minnihlutans, þar á meðal ég fulltrúi D-lista, greiddu atkvæði gegn tillögunni og fimmti minnihlutafulltrúinn sat hjá.

Þessi fyrirsögn rifjaðist upp fyrir mér þegar ég las opnuviðtal við Odd Helga Halldórsson, formann bæjarráðs og föður L-listans, í sama blaði nú á dögunum.

Nú skal áfram haldið boðar Oddur Helgi. Mál sem hafa vafist fyrir fyrri meirihlutum verða nú afgreidd á færibandi enda hefur hann vissu fyrir því að fyrir þeim er mikill meirihluti í bænum, í sumum tilvikum segir hann 9 af hverjum 10 bæjarbúum hlynnta viðkomandi máli. Engu skiptir að þetta eru mál sem hafa mikil áhrif á lítinn fjölda íbúa. Lítil íbúðarbyggð við Hólabraut og Laxagötu mátti sín lítils þegar meirihluti bæjarstjórnar gætti í engu að hagsmunum þeirra og veitti Ríkinu færi á að stækka eina af þriðju veltumestu afgreiðslum sínum án þess að í nokkru væri komið til móts við íbúana. Einokunaraðili fékk sitt fram undir því yfirskyni að hann væri að auka þjónustuna við fjöldann.

Annað skipulagsmál hefur lengi verið deilumál í bænum en það er lagning Dalsbrautar frá Miðhúsabraut að Þingvallastræti eða liðlega 1.000 m langur kafli. Eftir tilkomu Miðhúsabrautar segir nýleg verkfræðiúttekt að ekki sé þörf á lagningu þessa spotta til þess að leysa úr umferðarþunga í næstu framtíð, en hins vegar bæti gatan umferðarskipulag og skapi heildstæðara reitakerfi í gatnakerfi bæjarins. Ég hef því þráfaldlega lagt til og kallað eftir því að gatan verði lögð sem 30 km gata, enda fer hún framhjá skóla og íþróttahúsi og tekur við umferð úr nýju hverfi þar sem allar götur eru með 30 km hámarkshraða. Þannig er umferðarhraða líka háttað í öðrum hverfum bæjarins. Þetta er grunnur að sátt í erfiðu máli.

Á þessa sátt getur meirihlutinn ekki sæst, enda til hvers segir Oddur Helgi þegar 9 af hverjum 10 bæjarbúum eru samþykkir lagningu götunnar og Miðhúsabraut virkar ekki að hans mati hvað svo sem öllum verkfræðiúttektum líður?

En stóru úrlausnarmálin bíða, enda ekki vitað hvar meirihluti íbúanna liggur í þeim efnum. Síkið er enn inni á skipulagi og meirihlutinn lét ógert að taka aðalskipulagið til endurskoðunar. Miðbæjarskipulagið bíður og allt það sem þar var lofað af hálfu L-listans. Kostar of mikið að skoða er viðbáran. Síðan er stokkurinn góði sem átti að leysa öll mál varðandi Dalsbrautina, lausnin sem hinir flokkarnir sáu ekki, gleymdur og tröllum gefinn.

# Niðurgreiðsla líkamstjóna?

Umferðarslys



Tómas Gunnarsson
lögfræðingur

Opinber niðurgreiðsla líkamstjóna í umferðarslysum hefur lengi verið undarleg og óskiljanleg staðreynd hér þrátt fyrir fjárþörf hins opinbera í margt annað. Ábendingar og áköll ýmissa á liðnum árum og áratugum til breytinga á þessu fáránlega háttalagi hafa engu skilað. Sinnuleysi almennings, doði opinberra aðila, þöggun fjölmiðla og hörð hagsmunagæsla áhrifaaðila, sem tryggingafélögin eru, virðast hafa ráðið hér líkt og í kvótamálum og lokun Guðmundar- og Geirfinnsmála. Kostnaðurinn lendir á almenningi eins og oft.

Sérstakur hvati til skrifa um líkamstjónin er slys sem varð á fögrum vordegi 2010. Gömul vinkona var á göngu til að kaupa fisk í kvöldmatinn þegar ökumaður missti stjórn á bíl sínum svo hann fór upp á gangstétt og klemmdi hana upp við húsvegg og braut hné og fleiri bein í hægri fæti auk annarra alvarlegra áverka. Lögregla og sjúkralið voru fyrst til og síðan komu sjúkrahúsdvalir, svo mánuðum skipti, með margvíslegum aðgerðum. Og mjög er nú brugðið vinkonunni, sem var ungleg og óvenju vel á sig komin. Vantar mikið á að hún hafi náð sér og ljóst að aðgerðum svo sem endurhæfingu er langt í frá lokið.

> Samkvæmt því má ætla að kostnaður vegna umferðarslysa á árinu 2011 gæti verið um 38 milljarðar.

Verkfræðistofan Línuhönnun hefur áætlað kostnað vegna umferðarslysa á árinu 2005 og tengt hann launavísitölu Hagstofunnar. Samkvæmt því má ætla að kostnaður vegna umferðarslysa á árinu 2011 gæti verið um 38 milljarðar. Mikill hluti þessarar fjárhæðar fellur á ríkissjóð, sem kostnaraðila heilbrigðisþjónustu og sjúkra- og örorkutrygginga, auk annars sem tengist líkamstjónum í umferðarslysum.

Getur verið löglegt og réttlætanlegt að ríkissjóður beri nánast allan kostnað af gáleysi og glannagangi ökumanna og eða bilunum ökutækja í umferðarslysum? Nei, alls ekki. Í 1.mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir: Sá sem ber ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Hér hvílir því og hefur lengi hvílt víðtæk og ótvíræð lagaskylda á eiganda bifreiðar að greiða tjón sem hlýst af notkun hennar. Þessi skylda er síðan geirnegld með lagaskyldunni um að ábyrgðartryggja ökutæki og þannig ætti kostnaðurinn af umferðarslysunum að lenda að mestu á tryggingafélögum en ekki á ríkissjóði. Ekki virðist tíðkað að gera kröfur og leggja fram reikninga vegna margvíslegrar opinberrar þjónustu hér, svo sem þjónustu heilbrigðisstofnananna, nema þegar útlendingar eiga í hlut. En ljóst má vera að fjáraustur ríkissjóðs í lögbrot, sem jafnan fylgja umferðarslysum, hefur áhrif og dregur úr margvíslegri viðleitni til að koma í veg fyrir slys. Á þennan hátt hefur ríkissjóður niðurgreitt líkamstjón.

Margar opinberar stofnanir sem ættu að láta sig þetta varða, hafa ekkert gert í málinu svo séð verði. Nefnd skulu: Alþingi, dómstólar, ráðuneyti fjármála, innanríkis og velferðar, Ríkisendurskoðun, umboðsmaður Alþingis, Persónuvernd, umboðsmaður barna og Umferðarstofa, svo og Félag íslenskra bifreiðaeigenda.

# Matarskattur: kjarabót eða pólitískt moldviðri?

Efnahagsmál



Jóhannes Hraunfjörð Karlsson
skattasagnfræðingur og doktorsnemi í hagfræði við HÍ

Eigum við að rifja upp síðasta áratug 20. aldar? Verðbólga, olíukreppa, óeirðir á Englandi, búferlaflutningar til Norðurlanda og matarskattur. Alveg eins og núna. Hvað er í gangi?

Þá eins og nú hafði vinstri stjórn tekið við eftir áralanga óstjórn hægri manna. Með Þjóðarsáttinni árið 1989 voru lögð drög að uppbyggingu efnahagslífsins og EES-samningurinn var innan seilingar. Sjálfstæðisflokkurinn beitti öllum sínum mætti til að komast aftur að kjötkötlunum og þegar loks fór aftur að sjá til sólar komst flokkurinn til valda með efnahagsstefnu sem lagði landið í rúst á 18 árum.

Efnahagsstefna Sjálfstæðisflokksins byggðist á stiglækkandi sköttum og litlu sem engu félagslegu kerfi. Með öðrum orðum: því hærri tekjur sem menn höfðu, því lægri skatta greiddu þeir til samfélagsins. Þeir tekjulágu skyldu sjá um sig sjálfir. Samhliða var dregið úr skatteftirliti og skattrannsóknir heyrðu til undantekninga. Í staðinn var fólki talin trú um að lækkun virðisaukaskatts á matvæli úr 24,5% í 14% og síðar 7% bætti kjör láglaunafólks eða kæmi í stað beinna greiðslna eins og hækkun persónuafsláttar og barna- og húsnæðisbóta.

Upphaf hins svonefnda matarskatts má rekja til krafna Alþýðusambands Íslands, ASÍ, vorið 1993 um að kjör hinna lægst launuðu yrðu bætt. Í kjölfarið setti ríkisstjórn Alþýðu- og Sjálfstæðisflokks, Viðeyjarstjórnin, lög um lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Miklar efasemdir vöknuðu á Alþingi um skilvirkni þess að lækka virðisaukaskatt af matvælum til að jafna tekjur og var Efnahags-og viðskiptanefnd þrískipt um málið. Í kjölfarið óskaði Halldór Ásgrímsson, Framsóknarflokki, eftir úttekt Ríkisendurskoðunar um áhrif lækkunarinnar. Meginniðurstaða hennar var sú, að aðgerðirnar hefðu gjörsamlega mistekist. Lækkun virðisaukaskatts úr 24,5% í 14% til að auka kaupmátt heimilanna var versta leiðin sem völ var á í stöðunni. Útreikningar Ríkisendurskoðunar bentu til þess að aðeins 16% af tekjutapi ríkissjóðs við aðgerðina hefðu skilað sér til lágtekjuheimilanna. Skýrsla Ríkisendurskoðunar byggist m.a. á rannsóknum þeirra Anthonys Atkinson og Josephs Stiglitz frá árinu 1976, en þeir bentu á að hagkvæmasta leiðin til þess að laga kjör þeirra sem minnst báru úr býtum væri fjölþrepa tekjuskattur og flatur virðisaukaskattur.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er mikill áfellisdómur yfir stjórnsýslunni í heild sinni. Menn rjúka upp til handa og fóta og öllu kerfinu er breytt í nafni félagslegs réttlætis án nokkurra rannsókna. Þegar storminn lægir og staðan er skoðuð kemur jafnvel í ljós að betra hefði verið að halda að sér höndum. Í þessu tilviki taldi Ríkisendurskoðun að miklu nær hefði verið að fara í beinar aðgerðir, s.s. að hækka barnabótaauka, hækka hátekjuskatt og hækka persónuafslátt, samskonar aðgerðir og núverandi ríkisstjórn greip til árið 2010 í kjölfar kreppunnar, en þær hefðu skilað lágtekjuheimilum miklu meira en áðurnefndar aðgerðir. Samt var þessi skýrsla týnd og tröllum gefin þegar stjórnvöld fóru aftur af stað og lækkuðu matarskattinn úr 14% í 7%, með lögum nr. 175/2006, en þá notuðu þau nákvæmlega sömu rök og áður, þ.e. að slíkar aðgerðir kæmu lágtekjuheimilunum best. Miðað við áðurnefnda útreikninga Ríkisendurskoðunar má reikna með að aðeins 10% af tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar virðisaukaskatts skili sér til lágtekjuheimila. Hin 90% fara til þeirra sem ekki þurfa á aðstoð að halda. Þessi aðgerð er því bæði dýr og ómarkviss, einkum þegar þröngt er í búi vegna óstjórnar síðustu ára. Mun markvissari aðgerð í ríkisfjármálum væri að hafa eitt 20% virðisaukaskattsþrep, án nokkurrar undanþágu eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur nú til, en þær tillögur eru samhljóma fyrsta frumvarpinu um virðisaukaskatt og hækka persónuafslátt og barna- og húsnæðisbætur. Þannig fengi ríkissjóður meira upp í skuldahala Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks og þeir nytu aðstoðar sem þurfa á henni að halda.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Philips lofthreinsitæki frá 9.995**
Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti
**Smáraftæki á ótrúlegum verðum - frá kr. 995**
Philips LCD sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti
**Panasonic Plasma sjónvörp með allt að 100.000kr afslætti**
Whirlpool 1400sn/7kg þvottavél með 6th sense aðeins 89.995
**Frábært verð á hljómtækjum og hátölurum frá Philips, NAD, Denon, PSB, Dali og Kenwood**
Philips safapressur með allt að 35% afslætti
**Myndavélar með allt að 38% afslætti**
Ótrúleg tilboð á Whirlpool ofnum, helluborðum og háfum
**Yfir 1.000 vörur á lækkuðu verði**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18**
OPIÐ LAUGARDAGA 11-16

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST indesit DeLonghi Whirlpool

# tímamót

timamot@frettabladid.is



65 **BILL CLINTON** 43. forseti Bandaríkjanna, er 65 ára.

*„Stundum, þegar fólk er undir álagi, er því illa við að hugsa en þá þyrfti það einmitt að hugsa sem mest.“*



†

*Elskuleg dóttir mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Loftsdóttir**
Hjaltabakka 14, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 7. ágúst, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

**Ólöf Hjálmarsdóttir**
**Ólöf Leifsdóttir** **Atli Bragason**
**Loftur Ólafur Leifsson** **Júlíana Hauksdóttir**
**Ingibjörg Leifsdóttir** **Halldór Jón Theodórsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýnt hafa okkur stuðning, samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Jóns Péturssonar**
eðlisfræðings
Þinghólsbraut 27, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar og heila- og taugaskurðdeildar Landspítala í Fossvogi fyrir alúð og fagmennsku við meðferð og hjúkrun Jóns. Einnig sérstakar þakkir til bridgefélaganna, samstarfsfólks Jóns hjá Actavis og samstarfsfólks Önnu á Landspítala fyrir ómetanlegan stuðning og aðstoð á erfiðum tíma.

**Anna Stefánsdóttir, Halldóra Jónsdóttir**
**Halldóra Jónsdóttir, Einar Jónsson**
**Dofri Jónsson, Kristrún Sigurðardóttir**
**Dagbjört Jónsdóttir, Anders Bjarnason Jensen**
**og barnabörn**



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, sonar og bróður,*

**Elmars Halldórssonar**
Þiljuvöllum 34, Neskaupstað.

**Bergþóra Stefánsdóttir**
**Stefán Einar Elmarsson** **Aðalbjörg Ósk Guðmundsdóttir**
**Katrín Unnur Elmarsdóttir**
**Melkorka Elmarsdóttir** **Margeir Örn Óskarsson**
**Tómas Styrmir Stefánsson**
**Óliver Snær Stefánsson**
**Fanney Ósk Sveinbjörnsdóttir**
**Kristín Elma Margeirsdóttir**
**Halldór Hinriksson**
**og systkini hins látna**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Unnur Stefánsdóttir**
leikskólakennari,
Kársnesbraut 99, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 8. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Ljósið eða Samtök heilsuleikskóla.

**Hákon Sigurgrímsson**
**Finnur Hákonarson** **Rósa Birgitta Ísfeld**
**Grímur Hákonarson** **Halla Björk Kristjánsdóttir**
**Harpa Dís Hákonardóttir**
**Ísadóra Ísfeld Finnsdóttir**

**ÞETTA GERÐIST:** 19. ÁGÚST 1809

## Jörundur afsalar sér völdum

Jørgen Jørgensen, eða Jörundur hundadagakonungur, afsalaði sér völdum á Íslandi þennan dag árið 1809.

Jörundur var danskur að uppruna en var sendur til náms í breskum kaupskipum sem unglingur þar eð föður hans þótti hann ódæll. Jörundur ferðaðist víða um heim með breskum kaupskipum og rannsóknarskipum. Hann var neyddur til herskyldu í Danmörku en sinnti ekki skyldum sínum og var lýstur réttdræpur í Danmörku fyrir föðurlandssvik. Jörundur kom til Reykjavíkur miðvikudaginn 21. júní árið 1809 með bresku kaupskipi sem hann laug sig inn á. Jörundur fyrirleit allt sem danskt var og gerði byltingu í Reykjavík, lét handtaka Trampe greifa og skrifaði yfirlýsingu um sjálfstæði Íslendinga frá Danmörku. Byltingunni lauk tæpum tveimur mánuðum síðar þegar breska kaupskipið Talbot kom til Reykjavíkur og skipstjórinn lét sækja Jörund á sinn fund. Trampe greifi slapp úr haldi og Jörundur fór frá Íslandi.

*Heimild: www.wikipedia.org*



SÁLMAFOSS Í HALLGRÍMSKIRKJU: FIMM NÝIR SÁLMAR FRUMFLUTTIR

# Nýsköpun í sálmasmíð

Fimm nýir sálmar verða frumfluttir í Hallgrímskirkju á morgun. Tónleikarnir eru hluti árlegrar dagskrár Menningarnætur í kirkjunni, Sálmafoss, en Tónmenntasjóður Hallgrímskirkju stendur á bak við þessa nýsköpun. Þetta er í þriðja sinn sem sjóðurinn pantar nýja sálma. Fyrstu fjórir sálmarnir komu út árið 2007 og sjö sálmar árið 2009. Með nýju sálmunum fimm hafa nú samtals sextán nýir sálmar komið út eftir þrjátíu höfunda.

„Stjórn tónmenntasjóðs velur saman texta- og tónskáld og fyrst voru leiddar saman yngri og eldri kynslóð. Árið 2009 var það fólk sem hafði unnið saman áður en í ár hugsuðum við um fjölbreytni og völdum fólk sem hafði ekki fengist við svona áður,“ útskýrir Arngerður María Árnadóttir organisti.

Þau skáld sem sömdu sálmana í ár eru: Magnús Þór Sigmundsson með „Mín er bæn“, Sigurður Pálsson og Ragnheiður Gröndal með sálminn „Lifandi vatnið“, Ísak Harðarson og Hróðmar I. Sigurbjörnsson með sálminn „Rennur upp um nótt“, Iðunn Steinsdóttir og Hreiðar Ingi Þorsteinsson með „Sálmur“ og Steinunn Jóhannesdóttir og Elín Gunnlaugsdóttir með sálminn „Játning“.

„Með þessu vildum við vekja athygli bæði tón- og textaskálda á þessum geira,“ útskýrir Arngerður og bætir við að undirtektir skáldanna hafi verið góðar. „Það vantar tilfinnanlega nýja sálma og því er mjög skemmtilegt hvað allir hafa verið jákvæðir. Þó að margt þyki íhaldssamt í kirkjunni hefur fólk mikinn áhuga á að fá nýja sálma og þónokkrir sálmar sem komu út árin 2007 og 2009 eru í notkun í dag.“

Skilyrðin sem skáldin fengu voru þau að laglínan væri aðgengileg fyrir almennan söng og að textinn væri trúarlegs eðlis og á nútímamáli sem fólk í dag gæti samsamað sig við. „Næsta vetur kemur svo út tilraunahefti þar sem við prufukeyrum nýju sálmana í bland við eldri sálma.“

Klukkan 15 á morgun verða nýju sálmarnir fimm frumfluttir en klukkan 15.40 hefst síðan almenn dagskrá þar sem kirkjukórar og organistar leiða almennan söng. Nýju sálmarnir verða fluttir á heila tímanum þar til dagskrá lýkur klukkan 21 um kvöldið.

heida@frettabladid.is



**NÝJA SÁLMA VANTAR** Arngerður María Árnadóttir, organisti í Hallgrímskirkju, býst við fjölmenni á Menningarnótt þegar fimm nýir sálmar verða frumfluttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Konan mín, móðir okkar og amma,*

**Dórothea Sveina Einarsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 16. ágúst. Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti mánudaginn 29. ágúst kl. 15.

**Hörður Bergmann**
**Halldóra Björk Bergmann**
**Atli Bergmann**
**Jóhanna Bergmann**
**Helga Lilja Bergmann**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Stefán Jónsson**
pípulagningameistari,
Hvassaleiti 56, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 8. ágúst. Útför fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00.

**Eva Óskarsdóttir**
**Margrét Stefánsdóttir** **Ingvar Karlsson**
**Ingvar Stefánsson** **Áslaug Hartmannsdóttir**
**Ásta Edda Stefánsdóttir** **Birgir Björgvinsson**
**Ellert Kristján Stefánsson** **Helga Veronica Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



ÓDÝRT Í SKÓLANN !!!
ÓDÝRARI SKIPTI-BÆKUR
59 KR
Áherslupenni - margir litir
MÁLFRÆÐILYKLAR
599 KR
Gular orða-bækur
Dönsk íslensk íslensk dönsk orðabók
3499 KR
399 KR
Bantex möppur
Fag-stílabók 5 faga
599 KR
CASIO FX350 reiknivél
2895 KR
FULL BÚÐ AF SKÓLAVÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
LUKKUPOTTURINN
ALLIR SEM VERSLA FYRIR MEIRA EN 10.000 KRÓNUR KOMAST Í LUKKUPOTTINN! GLÆSILEGIR VINNINGAR Í BOÐI. AÐALVINNINGUR ER 32" SAMSUNG SJÓNVARP
...gerir skólann skemmtilegri !!
69.999
SAMSUNG
lítil og nett í skólann allt að 10 klst. rafhlöðuending
Samsung N145-JP04SE/JP03SE
Skjár: 10,1" LED
Örgjafi: Intel ATOM N270, 1.60GHz
Skjákort: Skjástýring
Harður diskur: 250GB 5400rpm
Vinnsluminni: 1 GB DDR3
ótrúlegt verð !!
89.999
Samsung RV515-S01
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: AMD Dual-Core E-350 1.6 GHz
Skjákort: AMD Radeon HD 6470 1Gb
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
129.999
packard bell
Packard Bell TS13-SB-004
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: AMD Vision A6-3400M Quad Core
Skjákort: ATI HD650G DX11 512MB
Harður diskur: 640GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 6GB DDR3 1333MHz
129.999
Samsung RV720-S03
Skjár: 17,3" HD+ (1600x900)
Örgjafi: Intel Core i3-2310M 2,1GHz
Skjákort: Nvidia Geforce GT520M 1Gb
Harður diskur: 640GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða
50% afsláttur
af fartölvutösku að eigin vali
með hverri keyptri fartölvu
aukahlutir fyrir tölvur -frábær verð !!
Fast Start á 4 sekúndum
169.999
Samsung RV711-S03
Skjár: 17,3" LED HD+
Örgjafi: Intel Core i5 480M - 2,66GHz - 3MB
Skjákort: NVIDIA GeForce 315M 1GB
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
179.999
leikjatjarkur !!
Packard Bell NX69-HR-018
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: Intel i5-2410M
Skjákort: Nvidia Geforce GT540M 2GB
Harður diskur: 750GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 8GB DDR3 1333MHz
Enginn sendingarkostnaður á fartölvum út á land.
www.bt.is
VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða
BT
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - SKEIFUNNI 11 - BT sími 550-4444 - www.bt.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. feikn, 6. ullarflóki, 8. þrá, 9. heyskaparamboð, 11. nesoddi, 12. sljóvga, 14. yfirstéttar, 16. tvíhljóði, 17. svipuð, 18. suss, 20. skammstöfun, 21. faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
1. gleðimerki, 3. fíngerð líkamshár, 4. kynlíf, 5. hallandi, 7. ráðning, 10. fálæti, 13. kosning, 15. skrifa, 16. umfram, 19. gyltu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. glás, 6. rú, 8. ósk, 9. orf, 11. tá, 12. slæva, 14. aðals, 16. au, 17. lík, 18. uss, 20. fr, 21. knús.

**LÓÐRÉTT:** 1. bros, 3. ló, 4. ástalíf, 5. ská, 7. úrlausn, 10. fæð, 13. val, 15. skrá, 16. auk, 19. sú.


# Helgarblað
alla laugardaga



# Verð að fá að vera ég sjálf

Tobba Marinós lætur umtalið ekki slá sig út af laginu.

**Meðal annars efnis:**

**Fólk er enn í losti**
Mikið starf er enn óunnið á hamfarasvæðum í Japan.

**Eins og gömul sófasett í magadansi**
Fréttablaðið skoðar ljótustu fótboltatreyjurnar.



Allt sem þú þarft


# Bráðskemmtilegt veður

BAKÞANKAR
**Mörtu Maríu Friðriksdóttur**



Veðrið ætti að vera aðalumræðuefnið, alltaf!" sagði sessunautur minn með miklum þunga, þegar ég velti fyrir mér að skrifa um veðrið og komandi haust í þessum pistli mínum í dag. Hún bætti því svo við að veðrið ætti að vera aðalumræðuefnið alltaf og klykkti út með því að samræður um veður og veðurtengd málefni gætu verið svo rosalega skemmtilegar.

**HVATNING** sætisfélagans varð til þess að veðrið og haustið, sem nálgast óðfluga, verður umræðuefni dagsins og líklega komandi daga, eins og svo oft áður. Ég er nú einu sinni Íslendingur og viðurkennum það bara, veðrið er bráðskemmtilegt umræðuefni. Það verður enda oft að umræðuefni okkar vinkonu minnar sem býr úti í Lúxemborg en er frá Íslandi. Veðrið berst reyndar mun oftar í tal á veturna og getur verið verulega spennandi, sérstaklega fyrir Íslendinginn í útlöndum sem lifir bara í rólyndisveðrinu í hjarta Evrópu. Hljómar það ekki spennandi að sólin skíni langt fram eftir kvöldi og ylji landsmönnum í ágúst, bílar festist í snjóskóflum víða um land í febrúar og umferðarskilti fjúka um koll vegna veðurofsa? Þetta hefur oft reynst hið áhugaverðasta efni í líflegar samræður okkar vinkvennanna og hún spyr iðulega um veðrið á Íslandi.

**HVERNIG** er best að lýsa veðrinu á Íslandi? Það er svo margbreytilegt og skjótt skipast veður í lofti. Ég tók upp á því þegar ég var lítil að segja pabba, sem staddur var í öðrum landshluta, að það væri ekkert veður fyrir utan. Veðuráhugamanninum fannst þetta verulega óskemmtileg lýsing og innti mig frekari svara, sem ég hafði alls ekki á takteinum. Það var ekki vegna þess að ég nennti ekki að gá, heldur var besta lýsingin ekkert veður. Í dag er pabbi búinn að átta sig á því hvað ekkert veður er, það er skýjað og grátt. Ekkert veður er bara hin ágætasta lýsing, að mínu mati.

**VEÐRIÐ** í morgun bar með sér að haustið væri á næsta leiti. Haustilmur var í loftinu, bílrúðan var rök og einmana gult og rautt laufblað blakti fyrir utan gluggann minn. Það er ekki bara veðrið og trén sem bera með sér að haustið sé skammt undan heldur gera fréttir vikunnar það einnig. Haustuppskeran er að hefjast og átta hundruð epli verða tínd af eplatré á Akranesi. Menningarnótt með öllum sínum fjölda viðburða og verkfall leikskólakennara sem hefur áhrif á þúsundir fjölskyldna.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TAX FREE DAGAR



## AFNEMUM VSK

af öllum ritföngum og skólatöskum

Gildir til 21. ágúst á meðan birgðir endast.



tax free verð **39** kr/stk
fullt verð 49.-

tax free verð **191** kr/stk
fullt verð 239.-

tax free verð **71** kr/stk
fullt verð 89.-

tax free verð **31** kr/stk
fullt verð 39.-

tax free verð **239** kr/pk
fullt verð 299.-

24 Hagkaup **OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# menning

menning@frettabladid.is

! **KLASSÍSKIR HÁDEGISTÓNLEIKAR** Hulda Jónsdóttir leikur á fiðlu og Jane Ade Sutarjo á píanó á síðustu hádegistónleikum á vegum Listasumars í Ketilhúsinu á Akureyri. Efnisskráin er afar fjölbreytt og hefjast tónleikarnir klukkan 12. Aðgangseyrir er 1.500 kr. en 1.000 kr. fyrir eldri borgara.

## Hörpuleikur í Hörpunni

**Tónlistarhúsið Harpa verður vígt á morgun, Menningarnótt. Meðal viðburða vígslunnar eru tónleikar sex hörpuleikara sem frumflytja tvo sextetta.**

**Það eru verkin Ljósbrot eftir Mist Þorkelsdóttur, en við tónsmíðina leit hún til leiks ljóssins í glerhjúp Ólafs Elíassonar um Hörpu. Ljósin verða einnig tendruð í fyrsta sinn við vígsluna. Hinn sextettinn nefnist Minning um Thor. Tónskáldið Atli Heimir Sveinsson samdi hann til minningar um rithöfundinn Thor Vilhjálmsson.**

**Verkin verða flutt af hörpuleikurunum Katie Buckley, Moniku Abendroth, Gunnhildi Einarsdóttur, Marion Herrera, Sólveigu Thoroddsen og Elísabetu Waage. Tónleikarnir hefjast klukkan 13.15 við stóra glervegg tónlistarhússins.**

- hþt

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 19. ágúst 2011**

### → Tónleikar

**12.00** Klassískir tónleikar í Ketilhúsinu, Akureyri, með Huldu Jónsdóttur, fiðlu og Jane Ade Sutarjo, píanó. Aðgangseyrir er kr. 1.500 og kr. 1.000 fyrir eldri borgara.

**21.00** Hjálparsamtökin Veraldarvinir með góðgerðartónleikum á Sódóma. Bjartmar og Bergrisarnir, Haffi Haff, El Camino og The Vintage Caravan koma fram. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og mun renna óskiptur til hjálparstarfs Veraldarvina.

**22.00** Steve Vai tribute hljómsveitin heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**23.00** Kveðjutónleikar hljómsveitarinnar Rökkurró verða haldnir á Faktorý. Ásamt þeim spila Útidúr, Agent Fresco og Úlfur Úlfur. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Pétur Ben leikur á Sumartónleikaröð Bar 11 og Tuborg. Aðgangur er ókeypis.

### → Opnanir

**15.00** Útisýning á gömlum og sögulegum ljósmyndum úr Grófargili opnuð milli Ketilhúss og Listasafnsins á Akureyri. Allir velkomnir.

**17.00** Sýningin Gúbbar opnar í Kaolin Gallery, Ingólfsstræti 8. Þar sýnir leirkerasmiðurinn Rut Ingólfsdóttir höggmyndir. Allir velkomnir.

### → Fræðsla

**13.00** Vikuleg fræðsluganga um Grasagarð Reykjavíkur í tilefni af 50 ára starfsafmæli garðsins. Þátttaka er ókeypis og mæting við aðalinngang.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Eins og stalínískur húsdýragarður

**Á Menningarnótt heldur Torfi Frans Ólafsson sýningu á ljósmyndum sem hann tók á ferðalagi um Norður-Kóreu.**



HÖLL BARNANNA „Skólastúlkur syngja ættjarðarlög um dýrð og yfirburði Norður-Kóreu og guðlegs leiðtoga þeirra í „Höll barnanna“ í Pyongyang,“ segir Torfi.

MYNDIR/TORFI FRANS ÓLAFSSON

„Norður-Kórea er eins og risastórt safn um kalda stríðið og kommúnismann. Eins konar stalínískur húsdýragarður þar sem hægt er að sjá heiminn eins og hann var víða annars staðar fyrir mörgum árum. Víða hefur hann breyst en í Norður-Kóreu er eins og hann hafi staðið í stað,“ segir Torfi Frans Ólafsson, listrænn stjórnandi Eve Online, sem heldur sýningu á ljósmyndum sem hann tók á ferðalagi sínu um Norður-Kóreu á Hverfisgötu 52 á Menningarnótt. Sýningin nefnist Draumaland myrkursins og hangir hún aðeins uppi þennan eina dag, laugardaginn 20. ágúst, frá klukkan 14 og fram á kvöld.



TORFI FRANS ÓLAFSSON

Torfa bauðst tækifæri til að ferðast um Norður-Kóreu ásamt litlum hópi ferðamanna fyrir þremur árum, en áður hafði hann eytt löngum stundum við lestur frétta frá landinu og furðað sig á því sem þar gengur á. „Þetta var áróðursferð sem átti að sýna okkur hvað allt væri frábært í Norður-Kóreu og ég tók myndir af öllu því sem ég átti ekki að taka myndir af,“ segir Torfi. „Íbúar í landinu eru kúgaðir og settir í ánauð af einræðisstjórninni og strúktúrar samfélagsins eru í niðurníðslu. Í raun er hreint ótrúlegt að fólk búi við þessi hörmulegu skilyrði á 21. öldinni, á meðan við kvörtum yfir of háum tollum á iPod-um. Þessi sýning er ekki fréttaskýring eða vísindaleg heimild heldur túlkun á minni upplifun,“ bætir hann við.

Sýningin er sölusýning og allur ágóði rennur óskiptur til UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu Þjóðanna.

kjartan@frettabladid.is



EINANGRUNARSTEFNA „Íbúðarhús í Pyongyang. Langvarandi einangrunarstefna og misheppnuð hagstjórn mikillar hnignunar og niðurníðslu sem sést hvert sem litið er.“



GRAFHÝSI „Risahöll Kim Il-sung, sem nú er grafhýsi þar sem hann hvílir í glerkistu, til sýnis eins og Maó í Beijing og Lenín í Moskvu.“






TAKTU FORYSTUNA OG SETTU ÞÉR MARKMIÐ!

Dr. Helgi Þór Ingason og dr. Haukur Ingi Jónasson eru forstöðumenn hins sívinsæla meistaranáms í verkefnastjórnun (MPM) á Íslandi




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# HLUTI AF LAGERLISTA

**Náttborð**
Fullt verð:..........3.995
Verð nú:........... 1.995

**GARRY skógrind**
Fullt verð:......... 2.995
Verð nú:........... 1.995

**VIKING borðplata**
Fullt verð:..........4.995
Verð nú:...........2.000

**FRISSI kassahilla**
Fullt verð:..........5.995
Verð nú:...........3.995

**Skrifborðsstóll**
Fullt verð:..........9.995
Verð nú:...........5.995

**TONA DVD standur**
Fullt verð:..........9.995
Verð nú:...........6.995

**Svampdýna**
Fullt verð:..........9.995
Verð nú:...........6.995

**MONACO sófaborð**
Fullt verð:........16.950
Verð nú:...........7.995

**MAX svefnsófi**
Fullt verð:....... 39.950
Verð nú:.........19.950

**ANTON koja+dýnur**
Fullt verð:....... 49.950
Verð nú:.........29.950

**Hægindastóll**
Fullt verð:........54.950
Verð nú:.........34.950

**DIXIE 3ja sæta sófi**
Fullt verð:....... 59.950
Verð nú:.........39.950

ALLAR RÚMGRINDUR 40% AFSLÁTTUR

# LAGERHREINSUN AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM!

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



PLUS B20 ST. 90X200 SM.
FULLT VERÐ: 64.950
NÚ AÐEINS:
**39.950**



GLORIA SKENKUR
FULLT VERÐ: 59.950
NÚ AÐEINS:
**19.950**



DIXIE SKEMILL
FULLT VERÐ: 12.950
NÚ AÐEINS:
**5.995**



PHILIP SKRIFBORÐ
FULLT VERÐ: 14.950
NÚ AÐEINS:
**6.995**



FRED SJÓNVARPSSKÁPUR
FULLT VERÐ: 12.950
NÚ AÐEINS:
**6.995**



VIOLA SVEFNSÓFI
FULLT VERÐ: 39.950
NÚ AÐEINS:
**19.950**



LUPO BLÓMASTANDUR
FULLT VERÐ: 1.995
NÚ AÐEINS:
**995**



MOMBASA KOMMÓÐA
FULLT VERÐ: 16.950
NÚ AÐEINS:
**7.995**



MAJA KOMMÓÐA
FULLT VERÐ: 8.995
NÚ AÐEINS:
**4.495**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**5 SMÁSKÍFUM** hefur Katy Perry komið á topp bandaríska Billboard-listans af plötu sinni, Teenage Dream. Hún er fyrsti listamaðurinn sem nær því afreki síðan Michael Jackson gerði það 1987 með plötu sinni Bad.



**PELAGJAFI** David Beckham elskar að gefa dóttur sinni pela.

## Hlakkar til að gefa

**Beckham-fjölskyldan verður seint sökuð um að hata sviðsljósið. Og hún virðist aldrei þreytast á að tala um fjölskyldulífið sitt. Þannig hefur David Beckham upplýst að hann hlakki mikið til að gefa nýfæddri dóttur sinni að borða. Victoria, eiginkona Davids, hefur haft stúlkuna á brjósti eins og lög gera ráð fyrir en er nú farin að mjólka sig og setja móðurmjólkina á pela.**

**„Brjóstagjöfin er virkilega mikilvæg en nú er ég farinn að geta gefið henni pela. Og það er ótrúlegt.“ Knattspyrnukappinn upplýsir einnig að fjölskyldan sé alltaf í fyrirrúmi hjá þeim hjónum, ekkert sé mikilvægara en hún.**



**BRIMBRETTASTELPA** Lady Gaga þótti taka sig vel út á brimbretti í Mexíkó.

## Lærir á brimbretti

Lady Gaga er fær í flestan sjó. Allavega er hún farin að læra á brimbretti og stundar nú íþróttina af miklum móð í sumarfríi sínu við strendur Mexíkó. Poppdívan hefur verið mynduð við iðjuna við Puerto Vallarta og þótti standa sig nokkuð vel en hún sást þiggja ráð frá reyndum brimbrettakappa. „Miðað við byrjenda tók hún sig bara vel út. Hún byrjaði reyndar rólega en óx ásmegin,“ hefur breska blaðið The Sun eftir sjónarvotti.



**FEGURÐARDÍS** Casiraghi hefur ekki langt að sækja fegurðina enda var amma hennar, Grace Kelly, rómuð fyrir fegurð sína.



**TÍSKUSTELPA** Flestir eru sammála um að Charlotte Casiraghi sé á góðri leið með að verða tískufyrirmynd. Hér er hún ásamt stjörnuljósmyndaranum Mario Testino.

**Í BLEIKUM KJÓL** Í brúðkaupi frænda síns, Alberts fursta af Mónakó, klæddist hún bleikum kjól með sérstakan hatt á höfði.



# KONUNGLEG TÍSKUFYRIRMYND

**Hún hefur ekki langt að sækja fegurðina og tískuvitið, prinsessan Charlotte Casiraghi. Móðir hennar er Karólína prinsessa af Mónakó og amma hennar sjálf Grace Kelly.**

Charlotte Casiraghi prýðir forsíðu septemberhefti franska Vogue og situr fyrir í myndaþætti eftir stjörnuljósmyndarann Mario Testino. Hún hefur haldið sig fjarri sviðsljósinu undanfarin ár og er á kafi í hestamennsku.

Nú er Casiraghi hins vegar á góðri leið með að verða ný tískufyrirmynd. Á rauða dreglinum tekur hún sjaldan rangar ákvarðanir og við eigum eflaust eftir að sjá meira af henni í framtíðinni.



**GUCCI** Charlotte Casiraghi ber þennan kjól frá Gucci-tískuhúsinu vel.



**MÆGÐUR** Hér er hún ásamt móður sinni, Karólínu prinsessu af Mónakó, og báðar klæddar fatnaði frá Chanel.

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is




## Hafa ekki trú á sambandinu

Leikarinn Justin Theroux á ekki eftir að giftast Jennifer Aniston, samkvæmt fullyrðingum vina hans sem hafa ekki mikla trú á sambandinu.

Vinur Theroux, Craig Warden, opnaði sig um samband vinar síns og Aniston við blaðið In Touch Weekly. „Justin er ekki týpan til að gifta sig. Hann og Jennifer eru algjörar andstæður og ég sé ekki að sambandið endist lengi. Hún er öll fyrir að versla og vera í Malibu, á meðan líf hans snýst um að vera listamaður.“

Frá því að ástarsamband Aniston og Theroux hófst fyrr á þessu ári hafa fjölmiðlar vestanhafs verið duglegir að velta fyrir sér hvenær parið gangi upp að altarinu.

Samkvæmt þessu er brúðkaup ekki inni í myndinni hjá parinu í bili.



**ÁSTFANGIN** Ástarmál Jennifer Aniston hafa lengi verið í brennidepli og samband hennar við Theroux er engin undantekning þar á. NORDICPHOTOS/GETTY



**VILL EKKI GIFTAST** Samkvæmt upplýsingum frá vini Justins Theroux er hann ekki týpan til að ganga upp að altarinu.

# *Skólabókamarkaður!*

## 15-25% afsláttur af nýjum skólabókum, handbókum og orðabókum fyrir öll skólastig

*Opið virka daga kl. 10–17 og á laugardaginn kl. 11–15*










Tilboð: 4.500 kr.
Fullt verð: 6.000 kr.




Tilboð: 2.795 kr.
Fullt verð: 3.490 kr.




Tilboð: 2.795 kr.
Fullt verð: 3.990 kr.




Tilboð: 4.415 kr.
Fullt verð: 5.885 kr.




Tilboð: 1.695 kr.
Fullt verð: 1.990 kr.




Tilboð: 3.230 kr.
Fullt verð: 4.040 kr.




Tilboð: 4.075 kr.
Fullt verð: 4.790 kr.




Tilboð: 3.430 kr.
Fullt verð: 6.860 kr.

*Markaðurinn er einnig staðsettur í Iðnú bókabúð, Brautarholti 8. www.idnu.is*

IÐNÚ BÓKAÚTGÁFA

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

*Verð eru birt með fyrirvara um villur






# Lisbeth að vakna til lífsins

**Það var nánast óhjákvæmilegt að Millennium-þríleikur Stiegs Larsson myndi lenda í klónum á stórlöxum í Hollywood; bækurnar seldust eins og heitar lummur og sænsku myndirnar sýndu að það var langt í frá ógerlegt verk að skila þríleiknum á hvíta tjaldið. Nú er loks að koma í ljós hvernig David Fincher sér hugarheim sænsku metsölubókanna.**




**DJARFT** David Fincher þótti tefla djarft þegar hann valdi hina óreyndu Rooney Mara í hlutverk Lisbeth Salander. Og miðað við plakat myndarinnar hefur Mara lagt mikið á sig í hlutverkinu. Daniel Craig gæti hins vegar orðið næsta ofurstjarnan í Hollywood því hann mun leika hlutverk James Bond í þriðja sinn. Ef Karlar sem hata konur gengur vel gæti Craig hæglega skrifað nafn sitt í sögubækurnar.

The Girl with the Dragon Tattoo, eins og myndin heitir upp á ensku, verður ein af jólamyndum þessa árs. Hún verður frumsýnd 21. desember vestanhafs og það er kannski kaldhæðni örlaganna á tvenna vegu að henni er stillt upp gegn framhaldsmyndinni af Sherlock Holmes. Annars vegar er Sherlock náttúrlega einn helsti fulltrúi gömlu rannsóknarlögreglubókanna og Arthur Conan Doyle frumkvöðull á því sviði. Og hins vegar fer Noomi Rapace með stórt hlutverk í myndinni en henni tókst að gera Lisbeth Salander nánast ódauðlega í sænsku myndunum.

Í stuttu máli segir myndin frá sænska blaðamanninum Mikael Blomkvist á tímaritinu Millennium sem finnst hann hafa pottþétta frétt um spilltan auðjöfur, Wennerström að nafni. Málið reynist hins vegar vera byggt á sandi og Blomkvist er dæmdur í fangelsi fyrir meiðyrði. Hann fær í kjölfarið óvænt tilboð frá öðrum milljarðamæringi, Henrik Vanger, um að rannsaka dularfullt hvarf ungrar frænku hans fyrir mörgum árum.



Vefsíðan dragontattoo.com gefur ágætis mynd af því hvernig leikstjórinn David Fincher hyggst koma heimi Stiegs Larsson til skila. Hann kynnir meðal annars til leiks táningsdóttur blaðamannsins Blomkvist en hún var víðsfjarri í sænsku myndunum. Í bókunum vissu lesendur um tilvist hennar en Blomkvist hafði lítil samskipti við hana. Á vefsíðunni er hægt að lesa ævisögu höfuðpersóna myndarinnar en myndirnar af þeim tók íslenski ljósmyndarinn Baldur Bragason. Fréttablaðið reyndi að fá leyfi til að birta þær myndir en fékk ekki; þær eru einungis hugsaðar fyrir vefsíðuna sem gera má ráð fyrir að verði vel sótt næstu vikur. Aðdáendur Larssons geta kíkt inn á síðuna og myndað sér skoðun á hlutverkavalinu en vitað er að margir hyggjast nálgast Hollywood-útgáfuna af mikilli varúð. Þó er hægt að lofa Fincher fyrir valið á hinum aldna höfðingja Christopher Plummer í hlutverk Henriks Vanger og þá virðist Robin Wright falla eins og flís við rass í hlutverk Eriku Berger. Mesta pressan verður hins vegar á James Bond-leikaranum Daniel Craig og hinni óreyndu Rooney Mara en þau leika tvíeykið Blomkvist og Salander.

Það er Sena sem dreifir myndinni hér á Íslandi. Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu segir að þeir rói að því öllum árum að fá leyfi til að sýna myndina um svipað leyti og hún verði frumsýnd í Bandaríkjunum. Hún verði annars frumsýnd um jólin eða áramótin.

freyrgigja@frettabladid.is

# Söluhæstu stjörnurnar

Tískutímaritin geta þakkað stjörnum á borð við Lady Gaga, Rihönnu og Kim Kardashian fyrir hærri sölutölur á þessu ári. Vefsíðan WWD hefur nú tekið saman þau andlit sem selja flest tímarit og sýnir rannsóknin fram á að ritstjórar ættu að setja einhverja af þessum þremur konum á forsíðuna til að ná sem hæstum sölutölum.

Sem dæmi má skoða marshefti bandaríska Vogue, sem er eina tímaritið sem hækkaði sölutölur sínar á árinu. Tímaritið seldi 100 þúsund eintökum betur í ár en í fyrra en Lady Gaga var á forsíðunni í ár á meðan gamanleikkonan Tina Fey þótti ekki nógu spennandi árið 2010. Aprílhefti þessa árs með poppstjörnunni Rihönnu á forsíðunni var líka vel heppnað og seldist vel.

Tímaritið Glamour, sem hefur þurft að berjast fyrir lífi sínu á þessu ári vegna lækkandi sölu, getur aldeilis þakkað Kim Kardashian. Hún var í forsíðuviðtali í ágústhefti blaðsins sem hefur hækkað sölutölurnar um helming.



**EFTIRSÓTT** Kim Kardashian hlýtur að vera eftirsótt forsíðuefni eftir að hafa hækkað sölutölur Glamour um helming.



**MYNDAST VEL** Rihanna náði að heilla nokkra lesendur Vogue í apríl.

NORDICPHOTO/GETTY



**HRESS** Rihanna kannaði skemmtanalífið í Bergen en söngkonan heldur tvenna tónleika þar í vikunni. NORDICPHOTO/GETTY

# Djammaði í Bergen

Gestir barsins Garage í Bergen áttu ekki von á því að enda miðvikudagskvöldið á djammi með einni af vinsælustu söngkonum heims, Rihönnu. Rihanna heldur tvenna tónleika í Bergen í vikunni og ákvað að kanna skemmtanalíf bæjarins eftir þá fyrri.

Rihanna mætti á staðinn ásamt 30 manna fylgdarliði og troðfyllti litla barinn, sem þekktur er fyrir dálæti sitt á rokktónlist. Rihanna var samt fljót að biðja um óskalög og endaði með því að barnum var breytt í hiphop-dansstað þar sem plata Jay-Z var spiluð allan tímann.



**VÆNTANLEGIR FORELDRAR** Viktoría, krónprinsessa Svía, og Daníel prins eiga von á sínu fyrsta barni í mars á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Svíaprinsessa á von á barni

**Sænska þjóðin er í skýjunum eftir að Viktoría krónprinsessa og Daníel prins tilkynntu að þau ættu von á sínu fyrsta barni. Barnið er væntanlegt í mars á næsta ári og prinsessan því rétt komin þrjá mánuði á leið.**

**Barnið verður fyrsta barnabarn Karls Gústafs Svíakonungs og Silvíu drottningar.**

**Viktoría prinsessa og Daníel giftu sig með pompi og prakt í fyrrasumar og prinsessan hefur aldrei dulið löngun sína í að stofna fjölskyldu sem fyrst.**

**Sænsku netmiðlarnir fóru á flug á miðvikudaginn þegar tilkynning barst frá konungsfjölskyldunni og reiknuðu út að barnið hefði hugsanlega verið getið á sænska þjóðhátíðardaginn, 6. júní.**

# Hreyknari af megrun en Óskarnum

Leik- og söngkonan Jennifer Hudson sagði í nýlegu viðtali að hún væri hreyknari af þyngdartapi sínu en Óskarsverðlaununum sem hún hlaut fyrir leik sinn í Dreamgirls.

Hudson segir vaxtarlag sitt hafa verið ólíkt vexti annarra kvenna í Hollywood en að í heimaborg sinni, Chicago, hafi hún þótt nokkuð grannvaxin. „Í fyrstu skildi ég ekki af hverju fólk sagði mig vera „plus size“ en svo þegar ég leit í kringum mig á rauða dreglinum fattaði ég við hvað fólk átti.“ Hún sagði móður sína hafa hvatt sig áfram eftir að hún tók þá ákvörðun að grenna sig. „Mamma mín sagði mér að það þýddi ekkert að fara í megrun nema mig virkilega langaði til þess að missa nokkur kíló. Ég ákvað að setja mér markmið og lagði mikið á mig að ná þeim. Ég er stoltari af þyngdartapi mínu en ég er af Óskarnum,“ sagði Hudson í viðtali við tímaritið Self. Hún segist jafnframt hafa viljað breyta um lífsstíl og lifa heilsusamlegar eftir að hún eignaðist son sinn, David Daniel Otunga Jr., árið 2009.




**NÝTT LÍF** Jennifer Hudson ákvað að snúa við blaðinu eftir fæðingu sonar síns og lifa heilsusamlegar. NORDICPHOTOS/GETTY



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| CHANGE UP | 8 - FORSÝNING |
| CONAN THE BARBERIAN | 8 og 10.20 |
| COWBOYS & ALIENS | 10.20 |
| STRUMPARNIR - 3D | 4 og 6 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 4 og 6 - ISL TAL |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 7.30 |
| BRIDESMAIDS | 5 og 10 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE LUXUS VIP | kl. 8 - 10.20 | 2D | VIP |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 3 - 5:40 - 8 - 10.20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES LUXUS VIP | kl. 3 - 5.30 | 2D | VIP |
| BÍLAR 2 m/ísl. tali | kl. 3 - 5.30 | 3D | L |
| BÍLAR 2 m/ísl. tali | kl. 3 - 5.30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 - 10.40 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| LAST DAYS OF THE ARTIC | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| SMURFS m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| SMURFS m/ísl. tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 10.30 | 3D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10 | 2D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl. tali | kl. 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| FRIENDS WITH BENEFITS kl. 8 (12) | GREEN LANTERN kl. 5.30 | 12 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 10:20 | 14 |
| BÍLAR 2 ísl. tal | kl. 5.30 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:40 | 3D | 16 |
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 2:30 - 5 | 3D | L |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 - 10:30 | 2D | 14 |
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 2:30 - 5 | 2D | L |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 | 3D | L |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:20 | 2D | 14 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 10:45 | 3D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 | 2D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 5:20 | 3D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 10:30 | 3D | 10 |
| LARRY CROWNE | kl. 8 | D2 | L |
| CARS 2 BÍLAR 2 m/ísl. tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| HORRIBLE BOSSES kl. 8 (12) | HARRY POTTER kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 2D | 7 |
| CONAN THE BARBARIAN | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| STRUMPARNIR m/ísl. tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| CARS 2 m/ísl. tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| HORRIBLE BOSSES kl. 8 (14) | BAD TEACHER kl. 10:10 | 2D | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ONE DAY LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 5.25 - 10.20 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| RISE OF THE PLANETS OF THE APES | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.20 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 5.40 | L |
| THE SMURFS 2D ENS. TAL | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 6 - 10.15 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




**MEIRA ROKK EN ÁÐUR** Hljómsveitin Stolið hefur verið endurvakin og kemur fram á Menningarnótt á morgun. Frá vinstri eru Guðmundur söngvari, Kristinn bassaleikari, Jón Gestur trommari og Snorri gítarleikari. Á myndina vantar Huldar Frey hljómborðsleikara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gott að fá útrás í rokkinu

**Ellefu ár eru síðan fyrsta og eina plata hljómsveitarinnar Stolið kom út. Sveitin var endurvakin í fyrra og kemur fram á Menningarnótt á laugardaginn. Meðlimir Stolið eru í kringum fertugt og segja það ágætt að fá útrás fyrir barnið í sér á hljómsveitaræfingum.**

Hljómsveitin Stolið liðaðist í sundur skömmu eftir að fyrsta plata sveitarinnar kom út árið 2000. Meðlimir hennar fluttust til útlanda og sneru sér að öðrum verkefnum. Í fyrra höfðu þeir svo allir skilað sér heim til Íslands og þá var ákveðið að taka aftur upp þráðinn. „Við urðum bara að koma þessu aftur í gang,“ segir bassaleikarinn Kristinn Jón Arnarson.

Plata Stolið hét Allt tekur enda. Svo tók þetta bara enda…

„Já, en samt ekki alveg. Við gerðum eitt lag árið 2003 þegar ég var búinn að vera úti einn vetur. Það kallaðist Langt og hafði greinilega mikla vísun í framtíðina. Hléið varð langt en tók svo enda,“ segir Kristinn.

> En það er líka bjartsýni í þessu; maður verður að treysta því að maður komist á leiðarenda, hafa trú á því að þetta reddist.
>
> KRISTINN JÓN ARNARSON BASSALEIKARI

Auk Kristins skipa Stolið Guðmundur Annas Árnason, söngvari og gítarleikari, Snorri Gunnarsson gítarleikari, Jón Gestur Sörtveit trommuleikari og Huldar Freyr Arnarson, hljómborðsleikari og hljóðmaður. Huldar var áður trommari Stolið en hefur fært sig framar á sviðið. Gamla trommarafeimnin er þó greinilega enn til staðar því hann var ekki mættur þegar ljósmyndari Fréttablaðsins hitti sveitina á miðvikudagskvöldið.

Nýtt lag Stolið kallast Föllin og hefur verið dreift á útvarpsstöðvar auk þess sem myndband við lagið er að finna á fésbókarsíðu sveitarinnar. Kristinn segir að lagið fjalli um breyskleika mannsins. „Við erum alltaf að falla á einhvern hátt, að klúðra hlutunum. En það er líka bjartsýni í þessu; maður verður að treysta því að maður komist á leiðarenda, hafa trú á því að þetta reddist.“

Miðað við þessa lýsingu gæti þetta verið AA-boðskapur…

„Nei, við erum ekki farnir að predika neitt. Við erum allir réttu megin við snúruna, þó það megi eflaust líta öðruvísi á það,“ segir hann í léttum tón.

Það hefur ýmislegt breyst á þeim rúma áratug sem liðinn er síðan Stolið starfaði síðast. Nú þurfa hljómsveitir ekki að punga út háum fjárhæðum til að taka upp tónlist sína og auðveldara er að gera myndbönd en áður. Lífið er líka breytt hjá meðlimum Stolið því börnum þeirra hefur fjölgað frá tveimur og upp í ellefu. Aðspurður segir Kristinn að meðalaldur meðlima sé að skríða yfir fertugt. „Það er rosalegt!“ segir hann.

„Einhverjir kynnu að halda að við værum komnir í eitthvað miðaldra poppdæmi en reyndin er sú að við erum þyngri ef eitthvað er. Þetta er þvílíkt rokk á köflum og það hefur komið sjálfum okkur á óvart. Kannski er maður bara að fá útrás fyrir barnið í sér, heima sjá aðrir um barnalætin.“

Stolið treður upp á Menningarnótt á morgun. Tónleikarnir eru í bakgarði Gallerís Ófeigs, Skólavörðustíg 5, á milli 16-18. Þar koma einnig fram Elín Helena og Baku Baku.

**hdm@frettabladid.is**

# Íslandsmyndband Bon Iver frumsýnt

Íslandsmyndband indí-rokkarans Bon Iver við lagið Holocene var frumsýnt á heimasíðu National Geographic í gær. Myndbandinu er leikstýrt af Nabil Elderkin, sem hefur unnið mikið með rappofurstjörnunni Kanye West. Fjallað var um myndbandið á vefsíðu pitchfork.com í gær en það hefur þegar vakið mikla athygli.

Í hverri viku er eitt myndband valið á vefsíðu National Geographic sem þykir sýna fjölbreytileikann á vefnum. Að þessu sinni var hins vegar tekin sú ákvörðun að frumsýna myndband Bon Iver en það þykir sýna einstaka náttúrufegurð landsins.

Myndbandið er tekið upp við Vík í Mýrdal og segir leikstjórinn að það hafi alltaf verið draumur sinn að gera myndband á Íslandi. „Ísland er töfrum hlaðið og lítur út fyrir að vera Mars. Mig hefur alltaf langað til að gera myndband þarna og þegar Bon Iver gaf mér leiðbeiningar fyrir myndbandinu þá vissi ég að Ísland væri staðurinn.“ Myndbandið sýnir ungan íslenskan dreng ganga um í náttúrunni og sjást þekktir staðir eins og Dyrhólaey, Svartifoss og Jökulsárlón og er einstaklega fallegt að líta. Lagið Holocene er af plötu Bon Iver, samnefndri sveitinni, sem kom út í júní.

**- fgg**



**ÍSLANDSMYNDBAND** Bon Iver fékk hinn virta myndbandaleikstjóra Nabil Elderkin til að gera myndband fyrir sig við lagið Holocene. Elderkin valdi Ísland sem tökustað.


BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is

FÖSTUDAGUR: ■ *ANDLIT NORÐURSINS* 18:00, 20:00, 22:00 ■ ANIMAL KINGDOM 17:50, 20:00, 22:10 ■ MONSTERS 22:00 ■ *ÍSLENSKA RÚSTABJÖRGUNARSVEITIN Á HAITI (ICE-SAR)* 18:00 ■ *ENGLAR ALHEIMSINS (ANGELS OF THE UNIVERSE)* 20:00 ■ *VILLILJÓS (DRAMARAMA)* 22:00
*ENGLISH SUBTITLES*


markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
Íþróttagallarnir fyrir Latabæjarhlaupið fást í Nettó Mjódd
Tilboðsverð
frá 19. – 21. ágúst
3.998 kr
Verð áður 4.998 kr
LATI BÆR
Latibær ® & © 2011 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes
Tilboðin gilda 19. - 21. ágúst
eða meðan birgðir endast

# sport

sport@frettabladid.is

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** og félagar í AEK Aþenu unnu í gær 1-0 sigur á Dinamo Tbilisi í forkeppni Evrópudeildar UEFA í gær. Eiður lék fyrstu 81 mínútuna en sigurmarkið kom þremur mínútum fyrir leikslok. Elfar Freyr Helgason var ekki í leikmannahópi AEK í gær en liðin mætast í Grikklandi í næstu viku.

## ÚRSLIT

*Evrópudeild UEFA*

**FORKEPPNI, FYRRI LEIKIR**

**Álasund - AZ Alkmaar 2-1**
Jóhann Berg Guðmundsson lék allan leikinn fyrir AZ Alkmaar.

**FC Thun - Stoke City 0-1**
0-1 Danny Pugh (18.).

**Fulham - Dnipro 3-0**
1-0 Aaron Hughes (38.), 2-0 Clint Dempsey (43.), 3-0 Clint Dempsey (49.).

**Hearts - Tottenham 0-5**
0-1 Rafael van der Vaart (5.), 0-2 Jermain Defoe (13.), 0-3 Jake Livermore (28.), 0-4 Gareth Bale (63.), 0-5 Aaron Lennon (78.). Eggert Gunnþór Jónsson var ónotaður varamaður hjá Hearts.

**AEK Aþena - Dinamo Tbilisi 1-0**
1-0 Jose Carlos (87.)

**CD Nacional - Birmingham 0-0**

*Sænska úrvalsdeildin*

**Djurgården - Tyresö 0-3**
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Katrín Jónsdóttir og Dóra María Lárusdóttir léku allan leikinn fyrir Dj.

*Pepsi-deild karla*

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **13** | **10** | **3** | **0** | **30-10** | **33** |
| ÍBV | 14 | 9 | 2 | 3 | 22-12 | 29 |
| **FH** | **15** | **8** | **4** | **3** | **31-19** | **28** |
| Valur | 15 | 8 | 4 | 3 | 23-12 | 28 |
| **Stjarnan** | **15** | **6** | **5** | **4** | **30-24** | **23** |
| Fylkir | 15 | 5 | 4 | 6 | 22-27 | 19 |
| **Keflavík** | **14** | **5** | **2** | **7** | **18-20** | **17** |
| Þór | 15 | 5 | 2 | 8 | 22-30 | 17 |
| **Breiðablik** | **15** | **4** | **4** | **7** | **22-28** | **16** |
| Grindavík | 15 | 4 | 4 | 7 | 19-29 | 16 |
| **Fram** | **15** | **1** | **5** | **9** | **9-22** | **8** |
| Víkingur | 15 | 1 | 5 | 9 | 13-28 | 8 |

**Þór 1-2 KR**

Þórsvöllur, áhorf.: 1.402 — Gunnar Jarl Jónsson (6)

*1-0 Sveinn Elías Jónsson (21.)*
*1-1 Kjartan H. Finnbogason, víti (61.)*
*1-2 Grétar S. Sigurðarson (86.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6–12 (4–8) |
| Varin skot | Rajkovic 6 – Hannes 5 |
| Horn | 2–10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–9 |
| Rangstöður | 2–2 |

| **ÞÓR** 4–3–3 | | **KR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Srdjan Rajkovic | 5 | Hannes Þór Halld. | 6 |
| Gísli Páll Helgason | 5 | Magnús Már Lúðv. | 5 |
| Þorsteinn Ingason | 6 | (66. Dofri Snorrason 5) | |
| Janez Vrenko | 6 | ***Grétar Sigurðars.** | **8** |
| Ingi Freyr Hilmarsson | 5 | Aron Bjarki Jósepss. | 6 |
| (73. Sigurður Marinó -) | | Gunnar Þór Gunn. | 4 |
| Aleksandar Linta | 5 | Baldur Sigurðsson | 6 |
| Atli Sigurjónsson | 6 | Viktor Bjarki Jósepss. | 6 |
| Clark Keltie | 5 | Björn Jónsson | 7 |
| Jóhann H. Hanness. | 5 | (66. Egill Jónsson 6) | |
| (35. David Disztl 4) | | Guðjón Baldvinsson | 5 |
| Sveinn Elías Jónsson | 7 | Kjartan Henry Finnb. | 7 |
| (81. Ármann Pétur -) | | Guðm. Reynir Gunn. | 6 |
| Gunnar Már Guðm. | 4 | | |

**Maður leiksins*

# Stefnan sett á sigur eins og ávallt

**Ólafi Birni Loftssyni gekk vel á fyrsta keppnisdeginum á Wyndham PGA-mótinu í Bandaríkjunum í gær. Hann lék betur í gær en margir heimsþekktir kylfingar og er í góðri stöðu fyrir niðurskurðinn í dag.**

**GOLF** Ólafur Björn Loftsson fór vel af stað á Wyndham PGA-mótinu í Norður-Karólínuríki í gær og lék á tveimur höggum undir pari. Var hann vel fyrir ofan miðjan hóp og á góðan möguleika á að komast í gegnum niðurskurðinn ef hann heldur sig á sömu braut.

Samtals lék hann á 68 höggum eða tveimur undir pari vallarins. og endaði í 41. sæti ásamt fleiri kylfingum. Hann byrjaði reyndar ekki vel og fékk skramba á fyrstu holu. Það reyndist í eina skiptið sem hann lék holu á yfir pari.

„Þetta var alvöru byrjun," sagði hann í léttum dúr. „Ætli ég hafi ekki verið örlítið stressaður og svo lenti ég þar að auki utan brautar þar sem ég var í þykkum karga. Þetta er þar að auki erfið hola og var pinninn til að mynda á erfiðum stað."

### Er með sterkar taugar

Hann segist ekki hafa svekkt sig á þessari byrjun. „Ég átti von á því að þetta yrði erfitt í dag en sem betur fer náði ég að halda dampi. Ég er með sterkar taugar og á ekki í erfiðleikum með að höndla pressuna sem fylgir því að leika á svona sterku móti. Ég hafði vissulega ekkert gaman af því að fá þessa erfiðu byrjun en það kom heldur ekkert annað til greina en að halda áfram að spila mitt golf."

Það var einmitt það sem Ólafur Björn gerði. Hann fékk þrjá fugla á næstu fimm holum. Hann fékk svo annan fugl á seinni níu og skilaði sér í hús á tveimur höggum undir pari.

„Ég sló fullt af frábærum golfhöggum í dag og hitti flestar brautirnar – allar nema tvær. Ég kom mér líka í fuglafæri á flestum holum þar að auki og ég tel það vera mjög gott að vera á fjórum höggum undir pari á síðustu sautján holunum. Ég hefði jafnvel getað náð enn betri árangri ef fleiri pútt hefðu dottið ofan í hjá mér."

Hann lék í holli með Ástralanum Cameron Percy og Billy Horschel frá Bandaríkjunum í gær og verður með þeim aftur í dag. Öllum gekk þeim vel í gær – Percy lék á tveimur undir og Horschel á þremur undir.

„Þetta voru flottir gaurar og létt yfir okkur öllum. Mér leið virkilega vel úti á vellinum."

### Hugsar ekki um niðurskurðinn

Í dag fellur um helmingur kylfinganna úr leik en ekki er ólíklegt að Ólafur Björn þurfi að spila jafn vel í dag til að komast í gegnum hann. En því er hann ekki að velta fyrir sér nú.

„Ég fer ekki í mót og hugsa um niðurskurðinn. Ég fer í öll mót til að vinna og það á einnig við nú. Ég mun aðeins hugsa um minn leik og að gera mitt besta. Ég mun hugsa um eitt högg í einu og svo kemur í ljós hverju það skilar. Það er full ástæða til að ætla að ég geti gert enn betur á morgun. Það eru engin takmörk fyrir því."

Margir þekktir kylfingar keppa á mótinu og sumir spiluðu verr en Ólafur í gær. Til að mynda hinn skrautlegi John Daly og Írinn Padraig Harrington, sem báðir voru á höggi undir pari í gær.

„Þetta er draumurinn og hérna vil ég vera. Ég mun gera allt sem ég get til að láta það rætast. Ég útskrifast úr skóla næsta vor og ætla mér að gerast atvinnumaður þá. Ég stefni að því að spila með þessum köppum reglulega þá."

Ólafur Björn ræsir út klukkan 17.50 á íslenskum tíma í dag og spilar í sama holli og í dag.

**eirikur@frettabladid.is**



**ÓLAFUR BJÖRN** Lék vel á Wyndham-mótinu í Bandaríkjunum í gær.



**SKRAUTLEGUR** John Daly var klæddur í appelsínugult í gær. Hann lék á einu höggi undir pari á fyrsta keppnisdeginum. NORDIC PHOTOS/GETTY

KR steig enn nær Íslandsmeistaratitlinum með góðum 1-2 sigri á Þór á Akureyri í gær:

# Ekki rétta leiðin til að brjóta KR niður

**FÓTBOLTI** Það voru engir meistarataktar hjá KR á Akureyri í gær, meistaraheppni er nær lagi en liðið vann þó Þór 1-2. KR fékk á sig mark um miðjan fyrri hálfleik þegar Sveinn Elías gerði mjög vel og skoraði gott mark eftir að Þór hafði verið betri aðilinn.

Toppliðið fékk síðan víti þegar Atli Sigurjónsson togaði Björn Jónsson niður eftir klukkutíma leik og Kjartan Henry skoraði. Peysutog Atla var alls ekki mikið en nóg til að Björn féll.

Kjartan Henry fékk síðan sitt annað gula spjald og þar með rautt fimmtán mínútum fyrir leikslok en KR vann samt sem áður leikinn. Grétar Sigfinnur skoraði gott skallamark eftir horn og kom KR fjórum stigum frá ÍBV á toppnum. Liðið á auk þess leik til góða.

Biðin eftir því að Þórsarar keyrðu á KR eftir rauða spjaldið stendur enn yfir, í stað þess gekk KR á lagið. Vestubæjarliðið stýrði reyndar leiknum lengst af en hefur oft spilað betur.

KR-ingar voru ósáttir við dómaraumfjöllun Stöðvar 2 Sport í vikunni og aðeins Rúnar Kristinsson gaf Fréttablaðinu færi á viðtali. „Ég er rosalega ánægður með sigurinn og við vorum betri allan leikinn. Ég er ósáttur við rauða spjaldið, Kjartan fékk tvö glórulaus gul spjöld. Við fengum augljóst víti eftir að okkur var neitað um annað. Í ljósi umræðna hjá Stöð 2 þora menn ekki að dæma og með þessu er búið að hafa áhrif á dómarana. Við erum komnir hingað til að spila heiðarlegan leik en erum sparkaðir niður trekk í trekk. Samt fáum við fleiri spjöld en Þór. Ef þetta er leiðin til að reyna að brjóta KR á bak aftur er þetta röng leið," sagði Rúnar ósáttur.

Páll Viðar Gíslason, kollegi hans, var einnig ósáttur. „Þetta er mest svekkjandi tap sem ég hef séð. Ég þarf að passa mig að missa ekkert út úr mér en ég er alveg sjóðandi. Ég trúi ekki að menn hafi ekki sýnt meiri sigurvilja, það er nánast ófyrirgefanlegt að vinna ekki. Ég þekki ekki liðið sem spilaði í seinni hálfleik," sagði þjálfarinn.

**- hþh**



**KJARTAN HENRY** Skoraði og sá rautt gegn Þór í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Jói útherji

www.joiutherji.is

# SKÓVEISLA

## HANDBOLTASKÓR



HUMMEL ROOT STÆRÐIR 30-38
VERÐ 7.990 KR



HUMMEL ROOT STÆRÐIR 30-38
VERÐ 7.990 KR



HUMMEL AUTHENTIC II STÆRÐIR 38-47
VERÐ 9.990 KR



ADIDAS COURT STABIL XJ STÆRÐIR 32-40
VERÐ 13.990 KR



HUMMEL AUTHENTIC X STÆRÐIR 42-47
VERÐ 14.990 KR



HUMMEL REBEL RETHING STÆRÐIR 41-47
VERÐ 19.990 KR

## KÖRFUBOLTASKÓR



NIKE HYPER II (GS) STÆRÐIR 35.5-40
VERÐ 11.990 KR



NIKE HYPER II (GS) STÆRÐIR 35.5-40
VERÐ 11.990 KR



HYPERFUSE 2011 (GS) STÆRÐIR 36-40
VERÐ 18.990 KR



NIKE AIR TEAM HYPED II STÆRÐIR 41-47.5
VERÐ 18.990 KR



NIKE HYPERDUNK 2011 STÆRÐIR 41-46
VERÐ 29.990 KR



NIKE KOBE IV STÆRÐIR 41-46
VERÐ 29.990 KR

JÓI ÚTHERJI ÁRMÚLA 36 108 REYKJAVÍK - S: 5881560 WWW.JOIUTHERJI.IS

## > Jeff Goldblum

„Það er frábært að leika persónu sem er í tilfinningaríku og nánu sambandi, því það hlýtur að þýða að persónan sé áhugaverð á einhvern máta.“

***Jeff Goldblum leikur í kvikmyndinni Independence Day, þar sem geimverur gera innrás á jörðina og öllu mannkyni er ógnað. Myndin er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 22.05.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON FELLDI TÁR

# *Heigullinn Anders Behring Breivik*

Ásjóna heigulsins Anders Behring Breivik rennur Norðurlandabúum aldrei úr minni, morðin í Útey eru holl áminning um að jafnvel norrænu velferðarríkin eru ekki óhult fyrir öfgamönnum sem telja sig þurfa að taka málin í sínar hendur.

Heimildarmynd norska ríkissjónvarpsins um fjöldamorðin í Útey var á dagskrá Ríkissjónvarpsins á miðvikudagskvöldið. Fáar heimildarmyndir hafa hreyft jafnmikið við mér, þetta var ekki besta heimildarmynd í heimi en þessi atburður stendur okkur svo nærri. Og ég skal bara viðurkenna það; ég fór að gráta. Heimildarmyndin var unnin af mikilli nærgætni og hún sýndi vel þá miklu samstöðu sem myndaðist meðal norsku þjóðarinnar. Rætt var við krakka sem komust lífs af og þeir töluðu um lífsreynslu sína af mikilli yfirvegun.

Það var raunar aðdáunarvert að fylgjast með viðbrögðum þessarar nágrannaþjóðar okkar og heimildarmyndin fangaði þetta einstaka andrúmsloft.

Sjónvarpskvöldið tók síðan óvænta stefnu því íslenska myndin Blóðbönd átti seinni hálfleikinn. Ég var hreinlega búinn að gleyma því hversu mannleg og sterk þessi mynd er. Og hversu góður leikari Hilmar Jónsson er. Myndin minnir mann á að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.



**GUNGA** Anders Behring Breivik verður sennilega minnst fyrir að vera ein mesta gunga í sögu Noregs.

## RÚV

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Litlu snillingarnir** (8:12)
**18.30 Galdrakrakkar** (32:47)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Andri á flandri** (6:6) (Suðurnes og nágrenni) Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson fór á flakk um Ísland í sumar ásamt bolabítnum Tómasi á forláta húsbíl, Litla kút að nafni. Saman keyrðu vinirnir krókaleiðir kringum landið í leit að því skrýtna og skemmtilega.
**20.45 Síðasta fríið** (Last Holiday) Kona í New Orleans fær þau ótíðindi að hún eigi aðeins þrjár vikur ólifaðar og skellir sér í Evrópuferð. Leikstjóri er Wayne Wang og meðal leikenda eru Queen Latifah, LL Cool J og Timothy Hutton. Bandarísk bíómynd frá 2006.
**22.40 Wallander – Presturinn** (Wallander: Prästen) Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Henrik Georgsson og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Lena Endre, Sverrir Guðnason, Nina Zanjani og Stina Ekblad. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Sænsk sakamálamynd frá 2009.
**00.10 Batnandi menn** (Smart People) Bandarísk bíómynd frá 2008. Háskólakennari sem er ekkill eignast kærustu en dóttir hans og bróðir reyna að spilla sambandi þeirra. (e)
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Trading Places**
**10.00 Mr. Deeds**
**12.00 Gosi**
**14.00 Trading Places**
**16.00 Mr. Deeds**
**18.00 Gosi**
**20.00 Role Models**
**22.00 Bonfire of the Vanities**
**00.05 Next**
**02.00 21**
**04.00 Bonfire of the Vanities**
**06.05 Love and Other Disasters**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (14:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (15:17)
**11.50 Making Over America with Trinny & Susannah** (7:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Harry Potter and the Half-Blood Prince**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (9:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Týnda kynslóðin** (1:40) Týnda kynslóðin er glænýr skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.
**19.50 So You Think You Can Dance** (18:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 8 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram.
**21.15 So You Think You Can Dance** (19:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
**22.05 Independence Day** Sagan hefst á venjulegum sumardegi. Allt í einu dregur fyrir sólu. Óhugnanlegur skuggi færist yfir jörðina og spurningunni um líf á öðrum hnöttum hefur verið svarað. Í einni andrá er lífi alls mannkyns umturnað. Verur utan úr geimnum sitja um jarðarbúa og þeir verða að snúast til varnar. Hér er á ferðinni hörkuspennandi stórmynd sem fékk meðal annars Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur.
**00.25 Chaos**
**02.10 TV: The Movie**
**03.35 The Take**
**05.10 The Simpsons** (9:21)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Hearts - Tottenham**
**17.25 La Liga Preseason Show**
**18.20 Pepsi mörkin**
**19.30 OK búðamótið**
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum og farið yfir nýjustu fréttir af stjörnunum á Spáni.
**21.05 EAS þrekmótaröðin** EAS þrekmótaröðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda. Sigurvegarar mótaraðarinnar hljóta titilinn Hraustasti karl Íslands og Hraustasta kona Íslands.
**21.35 Hearts - Tottenham** Útsending frá leik Hearts og Tottenham í umspili Evrópudeildarinnar.
**23.20 Box - Sergio Martinez - Paul Williams** Útsending frá hnefaleikabardaga í Atlantic City þar sem boxararnir Paul Williams og Sergio Martinez mætast öðru sinni. Williams sigraði þegar þeir mættust árið 2009 í bardaga sem margir hafa kallað bardaga ársins.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**
**16.50 Newcastle - Arsenal**
**18.40 QPR - Bolton** Útsending frá leik Queens Park Rangers og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og spáð í spilin fyrir leikina.
**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**22.00 Bebeto** Bebeto er enginn aukvisi en þessa fyrrverandi heimsmeistara með brasilíska landsliðinu 1994 verður minnst með hlýhug enda frábær knattspyrnumaður. Ferill Bebetos verður skoðaður ofan í kjölinn og skyggnst verður á bak við tjöldin.
**22.25 Premier League Preview**
**22.55 Fulham - Aston Villa**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (20:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.20 Rachael Ray**
**18.05 Running Wilde** (11:13) (e)
**18.30 Happy Endings** (11:13) (e)
**18.55 Real Hustle** (7:10) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos**
**19.45 Will & Grace** (26:27)
**20.10 According to Jim** (1:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim lætur dæturnar Ruby og Gracie vinna erfið húsverk eftir að þær týna teppi í eigu tvíburana.
**20.35 Mr. Sunshine - NÝTT** (1:13) Matthew Perry fer fyrir frábærum hópi leikara í þessum sprenghlægilegu þáttum sem fengið hafa afbragðs góða dóma. Ben Donovan er framkvæmdastjóri íþróttaleikvangsins The Sunshine Center sem hýsir margvíslega atburði. Hann er með vægast sagt sérkennilegan yfirmann og eru samstarfsmennirnir hver öðrum undarlegri.
**21.00 The Bachelorette** (2:12) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem stúlka velur einn mann úr hópi 25 piparsveina.
**22.30 Parks & Recreation** (15:22) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**22.55 Law & Order: Los Angeles** (22:22) (e)
**23.40 The Bridge** (7:13) (e)
**00.25 Smash Cuts** (23:52)
**00.50 Last Comic Standing** (11:12) (e)
**02.20 Whose Line Is It Anyway?** (e)
**02.45 Real Housewives of Orange County** (11:15) (e)
**03.30 Will & Grace** (26:27) (e)
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Wyndham Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 PGA Tour - Highlights** (32:45)
**13.45 Wyndham Championship** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights**
**17.45 Inside the PGA Tour** (33:42)
**18.10 Golfing World**
**19.00 Wyndham Championship** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (29:45)
**23.45 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (5:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Chuck** (2:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 The Closer** (4:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna 6 ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
**22.30 The Good Guys** (4:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar.
**23.15 Sons of Anarchy** (4:13)
**00.00 Týnda kynslóðin** (1:40)
**00.40 Chuck** (2:19)
**01.25 The Doctors** (5:175)
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Stígur keppnis á rosa torfæru fyrir austan.
**21.30 Eldað með Holta** Kristján Þór eldar með suðrænum áherslum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 19.15

### Týnda kynslóðin

Glænýr skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Foreldrahlutverkið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Í dagsins önn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Töfrateppið **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.10** Monarch of the Glen **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Skavlan **13.25** Skavlan **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.05** Keeping Up Appearances **16.35** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** Fawlty Towers **18.00** Live at the Apollo **18.45** Live at the Apollo **19.30** Skavlan Specials **20.00** Skavlan **20.55** Skavlan **21.45** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.35** Live at the Apollo **23.20** Live at the Apollo **00.05** Skavlan **01.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow

### DR 1

**10.10** Kattens til mesterskab **10.40** Grøn glæde **11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Uventet Besøg **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Klassen 1. b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Ernst **14.35** Dyk Olli dyk **14.50** Mægtige maskiner **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med Sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Blondinens hævn **21.00** Clockers **23.00** Medicinmanden

### NRK 1

**09.50** Poirot **11.30** Håkon Håkonsen **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i nærturen **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Norge rundt **17.55** Livet i tretoppene **18.50** 20 sporsmål **19.15** Trond Granlund - en gammal runner fra Manglerud **20.00** Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **21.55** Canal Road **22.40** Oasis - Don't Look Back In Anger **23.40** Country jukeboks m/chat **02.00** Dansefot jukeboks u/chat

### svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Strömsö **14.45** Schlagerpärlor **14.55** Från Lark Rise till Candleford **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Minnenas television **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Falkenbergsrevyn **19.00** Mot alla odds **21.00** Resident Evil. Apocalypse **22.30** Rapport **22.35** En andra chans **23.05** Rapport **23.10** Danska mord **23.50** Bekas **00.20** Rapport **00.25** Mitt i naturen **00.55** Tillfällets hjältar








512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Það er Who Let the Dogs Out? með Baha Men.“*

Albert Steingrímsson hundaþjálfari.

# Baltasar fær nýjan frumsýningardag

Kvikmyndaverið Universal hefur ákveðið að færa frumsýningardag Contraband sem Baltasar Kormákur leikstýrir fram til 13. janúar en til stóð að myndin yrði frumsýnd um miðjan mars. Leikstjórinn leggur lokahönd á myndina um þessar mundir.

„Reglan er yfirleitt sú að ef menn eru hrifnir þá er frumsýningin færð fram. Ef ekki eru myndirnar stundum færðar aftar í dagatalið,“ segir Baltasar í samtali við Fréttablaðið. Hann var staddur í London þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann var að litgreina filmuna ásamt kvikmyndatökumanninum Barry Ackroyd. Að sögn leikstjórans er búið að klippa myndina og virðist „klippið“ hafa farið það vel ofan í forsvarsmenn Universal að Contraband hefur verið úthlutað þriggja daga helgi. Hún verður frumsýnd föstudaginn 13. janúar en helgin sem þá gengur í garð er kennd við blökkumannaleiðtogann séra Martin Luther King.

Contraband er endurgerð á íslensku kvikmyndinni Reykjavík-Rotterdam sem Óskar Jónasson leikstýrði og var frumsýnd fyrir þremur árum. Baltasar lék sjálfur aðalhlutverkið í myndinni en Mark Wahlberg tekur við keflinu af honum. Meðal annarra leikara má nefna Kate Beckinsale, Ben Foster, Giovanni Ribisi og J.K Simmons auk Lukas Haas og Diego Luna.



**FÆRÐ FRAM** Frumsýning kvikmyndarinnar Contraband hefur verið færð fram til 13. janúar. Baltasar Kormákur leikstýrir myndinni en með aðalhlutverkin fara þau Mark Wahlberg og Kate Beckinsale.

# Ási Már á skjáinn

„Ég er með smá fiðrildi í maganum út af þessu en maður verður að henda sér í djúpu laugina til að halda áfram að þroskast,“ segir Ásgrímur Már Friðriksson fatahönnuður, sem birtist á sjónvarpsskjánum í fyrsta sinn í vetur.

Ásgrímur, eða Ási eins og hann er kallaður, er nýr liðsmaður í þættinum Nýtt útlit á Skjá einum og stendur þar tískuvaktina við hlið Jóhönnu Björgu Christensen og Hafdísi Ingu Hinriksdóttur.

„Ég þekki bæði Hafdísi og Jóhönnu vel og var því ekki lengi að þiggja starfið þegar það bauðst. Við skemmtum okkur alltaf vel saman og hlæjum mikið. Ég vona að það eigi eftir að endurspeglast til áhorfenda gegnum skjáinn,“ segir Ási og bætir við að hann sé mjög spenntur að hefjast handa en tökur hefjast á næstu vikum.

„Þátturinn verður ekki bara fyrir konur í þetta sinn heldur ætlum við að fá karlmenn til okkar í stíliseringu eða „make over“. Fara yfir hreinlæti, rakstur og ilm fyrir karlmenn, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Ási en þetta er í fyrsta sinn sem hann starfar í sjónvarpi en hann hefur verið áberandi innan íslenska tískubransans undanfarin ár. Ási er menntaður fatahönnuður frá Listaháskólanum og er að vinna í sinni fyrstu herrafatalínu, sem kemur út á næsta ári.

„Ég er að vinna í fatalínunni samhliða öðrum verkefnum og ekkert að stressa mig. Nú er ég bara spenntur að prófa eitthvað nýtt og er mjög fegin að feimnin mín við upptökuvélarnar er horfin í bili.“ **- áp**



**LÍKA FYRIR KARLMENN** Ásgrímur Már Friðriksson ætlar að fjalla um tísku og útlit á Skjá einum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HLAKKAR TIL** Sigríður Beinsteinsdóttir fullyrðir að enginn megi missa af tónleikunum annað kvöld á Ingólfstorgi. Hér er hún með konu sinni, Birnu Önnu Björnsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR:** SYNGUR AFTUR MEÐ GRÉTARI ÖRVARS

# Skilur tvíburana eftir heima

„Þetta verður alveg æðislega skemmtilegt og eitthvað sem enginn má missa af,“ segir Sigríður Beinteinsdóttir söngkona sem kemur fram á væntanlegum afmælistónleikum Bylgjunnar annað kvöld.

Mikið hefur verið að gera hjá Sigríði í sumar en hún eignaðist tvíbura, stúlku og strák, í maí ásamt unnustu sinni, Birnu Maríu Björnsdóttur. „Það er brjálað að gera og gaman,“ segir Sigríður og bætir við að tvíburarnir verði nú ekki baksviðs á tónleikunum enda þeir of seint um kvöldið fyrir ungabörn.

Útvarpsstöðin Bylgjan heldur upp á 25 ára afmæli stöðvarinnar með því að slá upp allsherjar tónlistarveislu á Ingólfstorgi á Menningarnótt. „Ég bara trúi því ekki að það séu komin 25 ár, mér finnst eins og það séu svona tvö ár síðan þetta byrjaði,“ segir Sigríður, sem hefur fylgt Bylgjunni frá upphafi árið 1986. „Stjórnin var í mörg ár svona sumarsveit Bylgjunnar og við höfum því fylgt stöðinni lengi.“

Ásamt Sigríði koma fram forsprakkar margra vinsælustu sveita landsins á borð við Egil Ólafsson, Pál Óskar, Helga Björns, Bubba Morthens og Björgvin Halldórsson. Sigríður kemur fram ásamt Grétari Örvarssyni en þau hafa ekki sungið saman á sviði í langan tíma.

„Nei, það má segja að þetta sé eins konar endurkoma hjá okkur. Við höfum ekki sungið saman lengi og ætlum að taka fullt af skemmtilegum slögurum,“ segir Sigríður en hún ætlar einnig að syngja með Björgvini Halldórssyni á tónleikunum en samstarf þeirra hefur vakið mikla lukku hlustenda gegnum tíðina.

Dagkráin hefst á Ingólfstorgi klukkan 13.30 og koma þar fram Sveppi og Villi, Jón Jónsson og Friðrik Dór og Páll Óskar. Um kvöldið, klukkan 20, heldur svo fjörið áfram en stjörnuhljómsveitin stígur á svið klukkan 21.

**alfrun@frettabladid.is**




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
vísir

# Síðbúin útrás Ný danskrar

„Þetta verður í fyrsta skipti sem við spilum í Kaupmannahöfn Og raunar í fyrsta skipti sem við spilum erlendis síðan við reyndum að meika það á Englandi í „den“. Það næsta sem við höfum komist útlöndum síðan þá eru bara Vestmannaeyjar,“ segir Jón Ólafsson, hljómborðsleikari Ný danskrar.

Sveitin, sem verður 25 ára gömul á næsta ári, ætlar að halda tónleika á tónleikastaðnum Bryggen í gamla höfuðstaðnum 9. september næstkomandi. Jón segir þá renna blint í sjóinn með aðsókn en vonast þó til að íbúar gamla höfuðstaðarins kunni að meta heimsókn frá „gömlu brýnunum“ eins og hann kemst sjálfur að orði. „Ég hef trú á því að Íslendingar sem hafa verið búsettir lengi í Danmörku eigi eftir að láta sjá sig.“

Það kann kannski að koma einhverjum á óvart að það skuli vera svona langt síðan Ný dönsk hélt tónleika fyrir utan landsteinana. Á tímum útrásarvíkinga var ekki óalgengt að íslenskum listamönnum væri flogið í starfsmannapartí en Ný dönsk varð þess heiðurs aldrei aðnjótandi. „Við spiluðum náttúrlega í brúðkaupi aldarinnar hjá Jóni Ásgeiri og ég spilaði sjálfur í nokkrum slíkum veislum en við gerðum þetta aldrei saman sem hljómsveit.“

Jón segir að þeir verði allir með á tónleikunum í Kaupmannahöfn. Þeir hafi haft það fyrir reglu síðan Daníel Ágúst sneri aftur í hljómsveitina 2007 að koma helst ekki fram nema fullmannaðir. **- fgg**



**TIL DANMERKUR** Ný danskir ætla að spila á tónleikum á Bryggen í Kaupmannahöfn 9. september. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



219.000 leikhúsgestir geta
ekki haft rangt fyrir sér
Skelltu þér í
Borgarleikhúsið!
Áskriftarkort
4 sýningar að eigin vali
á 11.900 kr.
Í fyrra sló áskriftarsalan öll met.
Tryggðu þér áskrift í tíma.
BETRA Í ÁSKRIFT
Hringdu í síma 568 8000, farðu á
borgarleikhus.is eða kíktu við í miðasölu
Borgarleikhússins við Listabraut.
Leikhús á bíóverði
fyrir ungt fólk.
Áskriftarkort á aðeins 6.500 kr.
fyrir 25 ára og yngri.
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Annað barn Jóa

**Jóhannes Haukur Jóhannesson** hefur í næg horn að líta á næstunni. Hann er að æfa fyrir sýninguna Alvöru menn sem sett verður upp í Austurbæ og er þar að auki í einu aðalhlutverkanna í Vesalingunum sem Þjóðleikhúsið setur upp á nýju leikári. Mikilvægasta „verkefnið“ leit hins vegar dagsins ljós í gærmorgun, það er 15 merkur og 50 sentimetrar því Jóhannes var að eignast sitt annað barn. Það reyndist vera strákur og heilsast bæði honum og móður vel.



### Hlaupið til góðs

Reykjavíkurmaraþonið fer fram í 28. skipti á morgun og hafa næstum tíu þúsund manns skráð sig til leiks. Á vefsíðunni hlaupastyrkur.is gefst fólki kostur á að heita fjárframlögum á þátttakendur í hlaupinu sem hafa ákveðið að hlaupa fyrir gott málefni. Alls 1.908 einstaklingar hafa ákveðið að hlaupa til góðs í þetta skiptið. Þeirra á meðal eru nokkur þekkt andlit svo sem **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** sjónvarpskona, leikararnir Jóhannes Haukur Jóhannesson, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir, þingkonan Eygló Harðardóttir, Stefán Einar Stefánsson, formaður VR, og Freyja Haraldsdóttir, baráttukona og stjórnlagaráðsliði.



- fgg, mþl

## Mest lesið vísir

1. Stúlka í bílstól fannst á gangstétt í nótt - foreldrarnir gleymdu henni
2. Í fangelsi í Tælandi - vita ekki hvenær réttað verður yfir Brynjari
3. Vilja borga stjörnunum fyrir að ganga ekki í A&F
4. Aldursforseti katta fæddur 17. júní 1989
5. Fær 5,5 milljónir króna í skaðabætur


PRÓFAÐU DOHOP LEITARVÉLINA Á VÍSI

Flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.




dohop vísir Meiri Vísir.









HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0733

### Í Hljómskálagarðinum á morgun

***Íþróttaálfurinn og Solla Stirða stjórna upphitun við rásmark í Sóleyjargötu.***

- 13.30 Blá leið – 1,5 kílómetrar 6 til 8 ára
- 13.45 Gul leið – 700 metrar 4 og 5 ára
- 14.00 Græn leið – 700 metrar 3 ára og yngri

Í ár má vera með kerrur aftast í tveimur seinni ráshópunum.

***Að loknu hlaupi verður skemmtidagskrá á sviði í suðurenda Hljómskálagarðs.***

***Skráningarhátíð í Laugardalshöll í dag kl. 10–19 – komdu og skráðu þig!***

28 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA 20. ÁGÚST 2011

Íslandsbanki

*- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997*

Leikarar samþykktir af Latabæ. Latibær® © 2011 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.